## MEÐ FORDÓMA GEGN EIGIN SJÚKDÓMUM

*Sigurður Þór Guðjónsson skrifaði bók um eigin geðsjúkdóm fyrir 34 árum. Hann segir sjúklinga oft með fordóma gegn eigin veikindum.*





NOVA


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. febrúar 2008 — 32. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000



**LAUGARDAGUR**



**LOGI EFTIRLÆTI SJÁLFSTÆÐISMANNA**

Egill Helgason er ekki í uppáhaldi hjá Framsókn en Sigmundur Ernir er sjónvarpsmaður Samfylkingarinnar.

HELGIN 28





# Skóli í fremstu röð í Evrópu

**Framkvæmdir eru hafnar við nýbyggingu Háskólans í Reykjavík við Öskjuhlíð. Svafa Grönfeldt rektor segir háskólann munu verða í fremstu röð í Evrópu.**

**MENNTAMÁL** Framkvæmdir eru hafnar við nýbygginu Háskólans í Reykjavík. Samhliða þeim stendur yfir mikil uppbygging á innri starfsemi skólans.

Ráðið verður í tugi nýrra akademískra starfa á næstu misserum. Jafnframt mun alþjóðlegt ráðgjafaráð fræðimanna og stjórnenda úr sjö erlendum háskólum starfa við hlið nýs háskólaráðs sem tekur til starfa í þessum mánuði.

„Við erum að byggja alþjóðlegan háskóla sem verður segull fyrir Íslendinga sem hafa unnið erlendis en vilja vera hluti af alþjóðlegu vísindasamfélagi með starfsvettvang hérna heima,“ segir Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík.

Að undanförnu hafa bæst í hópinn innlendir og erlendir sérfræðingar frá fjölmörgum háskólum sem og starfsmenn frá fyrirtækjum og stofnunum á borð við tölvurisann Microsoft, Geimferðastofnun Bandaríkjanna og Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni.

„Við erum ekki bara að steypa veggi niðri í Vatnsmýri heldur einnig að bæta markvisst við öflugan hóp HR-inga svo þegar við flytjum í áföngum næsta haust og á árinu 2010 séum við tilbúin,“ segir Svafa.

Nýbygging HR við rætur Öskjuhlíðar verður ein sú stærsta í Reykjavík eða um 40 þúsund fermetrar. Til samanburðar er Kringlan um 54 þúsund fermetrar.

Svafa lýsir í viðtali við Fréttablaðið að ekki sé einungis verið að bylta aðstöðu kennara, nemenda og starfsfólks með nýjum húsakosti heldur standi yfir uppbygging á allri innri starfsemi hans. Stefnt sé að því að móta háskóla í fremstu röð í Evrópu og skapa Reykjavík sess sem alþjóðleg háskólaborg innan fárra ára.

„Við erum í raun með marga háskóla undir einu þaki sem verður segull á hæfileikafólk hér á landi og erlendis. Þannig getur HR haft mikil áhrif því við verðum að skapa vöggu þekkingar sem fæðir starfskraftinn fyrir fyrirtækin okkar,“ segir Svafa Grönfeldt.

- shá / sjá viðtal á síðu 26 32



**FROST Á FRÓNI** Það var líf og fjör hjá krökkunum í Austurbæjarskóla í gær þótt kuldaboli léti á sér kræla. Búast má við áframhaldandi kulda í dag, jafnvel tíu til tuttugu stiga frosti.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spænska lögreglan með Íslending í varðhaldi:

# Tekinn með örvandi efni

**LÖGREGLUMÁL Þrjátíu og tveggja ára Íslendingur var handtekinn í spænska bænum San Fulgencio skammt frá Torrevieja síðastliðinn miðvikudag eftir að eitt kíló af örvandi efnum fannst undir sæti bifreiðarinnar sem hann ók.**

**Að sögn lögreglunar í San Fulgencio vakti hann grunsemdir lögreglumannanna þar sem hann ók fram og aftur í bænum og höfðu þeir því afskipti af honum. Lögreglan segir að sá handtekni hafi verið einn á ferð og sé líklega ferðamaður á svæðinu.**

**Hann er í haldi lögreglu og bíður nú dóms í bænum Guardamar del Segura.** - jse

**VEÐRIÐ Í DAG**




**MINNKANDI FROST MEÐ KVÖLDINU** - Í dag verða norðan 5-10 m/s við austurströndina, annars hægari. Él norðan til og austan, annars bjartviðri. Frost 10-20 stig framan af degi en dregur heldur úr frosti seint í dag eða í kvöld.

VEÐUR 4

Væntingar Íslendinga til þróunar efnahagsmála á næstu tólf mánuðum:

# Dregur heldur úr bjartsýni

**SKOÐANAKÖNNUN** Íslendingar eru ekki eins bjartsýnir á það hvernig fjármál fjölskyldunnar muni þróast á næstu tólf mánuðum og þeir voru fyrir einu og hálfu ári, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins.

57,5 prósent telja að efnahagur fjölskyldunnar muni standa í stað á árinu sem er svipað hlutfall og í ágúst 2006. Nú telja 19,2 prósent að efnahagur fjölskyldunnar batni á árinu, aðeins færri en fyrir einu og hálfu ári. Þá telja 23,3 prósent að efnahagurinn muni versna á árinu, en það voru 20,2 prósent í ágúst 2006.

Þá er fólk bjartsýnna á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. 23,1 prósent svarenda á höfuðborgarsvæðinu telur að efnahagurinn fari batnandi, en einungis 13,7 prósent íbúa á landsbyggðinni.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri. 91,4 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar. -ss

**TELUR ÞÚ AÐ EFNAHAGUR FJÖLSKYLDU ÞINNAR BATNI, VERSNI EÐA STANDI Í STAÐ NÆSTU 12 MÁNUÐI?**

| | |
|---|---|
| Standi í stað | 57,5% |
| Batni | 19,2% |
| Versni | 23,3% |

Skv. könnun Fréttablaðsins 29. janúar





NÆSTUM NÝIR BÍLAR
www.bilathing.is
BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum



## SPURNING DAGSINS



*Marteinn, þurfa ekki leigubílsstjórar að fara að hækka startgjaldið?*

„Jú, reyndar eru þeir byrjaðir á því hjá BSR en það er, þótt það sé, ekki komið í neina forstjóraupphæð ennþá.

Lárus Welding fékk 300 milljónir fyrir að setjast í forstjórastól hjá Glitni. Marteinn S. Björnsson er leigubílsstjóri en startgjaldið hjá þeim er 490 krónur.

Sjaldgæf sjón í Reykjavík í gær þegar glitský liðaðist um loftin blá:

# Glæsileg litasýning í háloftunum

**VEÐUR** Glitský sáust á himni yfir Reykjavík í gær, en slíkt gerist ekki nema einu sinni á ári eða svo. Um er að ræða marglit ský með sérkennilega lögun sem myndast yfirleitt í fimmtán til þrjátíu kílómetra hæð í heiðhvolfinu. Afar kalt þarf að vera í háloftunum til að þessi tegund skýja myndist, og því eru þau sjaldséð.

Trausti Jónsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir glitský aðeins myndast á afmörkuðum tíma árs; frá 10. nóvember til 10. mars. Utan þess tíma sé ekki nægilega kalt í heiðhvolfinu, en skýin myndast ekki nema frostið sé í það minnsta 75 gráður. Lögunin kemur til vegna uppstreymis lofts frá jörðinni, og líta þau oft út eins og öldur á sjó sem eru ekki farnar að brotna. „Þetta ský í morgun var óvenjulegt því það eru fínni öldur í því,“ segir Trausti. „Ég hef séð slíkt áður, en þetta er ekki alveg dæmigert. Það má segja að aldan í skýinu hafi ýfst.“

Hann segir glitský ekki hafa mikla veðurfræðilega merkingu, en þau hafi þó stundum eyðandi áhrif á ósónlagið séu þau nógu hátt uppi í heiðhvolfinu. „Annars er þetta bara litasýning.“ - sþs



**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR** glitský yfir höfuðstöðvunum



**KOFI ANNAN OG BAN KI-MOON** Áttu báðir þátt í að miðla málum. NORDICPHOTOS/AFP

Átökin í Keníu:

## Samið um að ljúka ofbeldi

**KENÍA, AP** Stríðandi fylkingar í Keníu samþykktu í gær að grípa þegar í stað til aðgerða til að binda enda á ofbeldið sem vaðið hefur uppi í landinu undanfarinn mánuð.

Samkomulag var undirritað í fjórum liðum sem meðal annars felur í sér að innan tveggja vikna verði fundin lausn á deilunni.

Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, segir að samningurinn sé bæði um skammtímalausnir og verkefni til langframa.

Ban ki-Moon, sem tók við af Annan sem framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, segir að nú þurfi deilendurnir að horfa út fyrir eigin rann: „Framtíðin er í ykkar höndum.“ - gb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Árekstrar í Ártúnsbrekku

Tveir árekstrar urðu í Ártúnsbrekkunni klukkan fimm mínútur yfir átta í gærmorgun. Í öðrum þeirra lentu sex bílar saman og í hinum þrír. Engin slys urðu á fólki en nokkrar umferðartafir.

## DÓMSTÓLAR

### Tekinn með falsað vegabréf

Nígerískur karlmaður var í gær dæmdur í 30 daga fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness. Hann reyndi að komast inn í landið á fölsuðu vegabréfi síðastliðinn þriðjudag en var tekinn fastur við komuna.

# Kæla grænustu borg heims með jarðhita

**Reykjavík Energy Invest aðstoðar við uppbyggingu Masdar City í Abú Dabí. Borgin verður sú umhverfisvænasta í heimi; laus við bíla, útblástur og úrgang. Gífurlega metnaðarfullt verkefni, segir Guðmundur Þóroddsson forstjóri.**

**ABÚ DABÍ** Reykjavík Energy Invest (REI) tekur þátt í uppbyggingu grænustu borgar heims í Abú Dabí, einu af arabísku furstadæmunum. Fyrirtækið mun aðstoða við nýtingu jarðhita á svæðinu til kælingar á borginni eða hluta hennar. Einnig kemur til greina að REI aðstoði við rekstur á kælikerfinu.

Samningurinn milli REI og Masdar, ríkisrekins fjárfestingarsjóðs sem sér um uppbyggingu borgarinnar, var undirritaður í Abú Dabí í síðustu viku.

Borgin, sem heitir Masdar City, verður sex ferkílómetrar á stærð og mun hýsa í kringum sextíu þúsund manns og 1.500 fyrirtæki þegar hún er fullbyggð. Hún verður í um þrjátíu kílómetra fjarlægð austur af höfuðborg Abú Dabí og er áætlað að fyrstu íbúarnir flytji inn á næsta ári. Borgin á að verða tilbúin 2015.

Engu verður til sparað til að gera borgina eins græna og umhverfisvæna og mögulegt er. Sólarrafhlöður munu sjá íbúum hennar fyrir orku, nær allur úrgangur verður endurnýttur og jarðhiti verður notaður til kælingar ásamt sjávargolunni, en borgin mun standa niður við sjóinn.

Engir bílar verða leyfðir innan borgarmarkanna en íbúar munu ferðast á milli staða gangandi eða með sparneytnum lestum sem ganga fyrir rafmagni. Hvergi innan borgarmarkanna verður lengra í næstu lestarstöð en tvö hundruð metrar.

„Þetta er gífurlega metnaðarfullt verkefni; að byggja borg sem er ekki með neinn útblástur, endurnýtir það sem er hægt að endurnýta og er með umhverfisvænar samgöngur,“ segir Guðmundur Þóroddsson, forstjóri REI. Hann fór utan ásamt nokkrum starfsmönnum fyrirtækisins til að ræða við skipuleggjendur borgarinnar og skrifa undir samninginn.

„Það er ennþá verið að teikna borgina en þeir vilja gera þetta mjög hratt og við erum byrjaðir að vinna í þessu nú þegar. Það verður gaman að sjá hvernig þetta kemur út.“ salvar@frettabladid.is



**BORGIN GRÆNA** Hér sést hvernig Masdar City mun líta út þegar hún er fullbyggð. Háir veggir umlykja borgina og skýla íbúum hennar fyrir heitum vindinum. Engir bílar eru leyfðir innan borgarmúranna, þess í stað munu rafmagnslestir sinna samgöngum borgarbúa. MYND/FOSTER & PARTNERS



**GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON**

Þreyttir íbúar skora á RÚV:

## Ljósaleiftur lýsa upp allt Hérað

**UMHVERFISMÁL Íbúar í nágrenni langbylgjumasturs á Eiðum hafa sent undirskriftalista til yfirvalda í Fljótsdalshéraði um að þau grípi í taumana varðandi truflandi viðvörunarljós í mastrinu. Íbúarnir hafa um árabil árangurslaust kvartað undan gríðarlegum ljósaleiftrum ofan úr 220 metra háu mastrinu sem þeir segja lýsa upp alla sveitina að næturlagi.**

**Bæjarráðið tekur undir með íbúunum og skorar á Ríkisútvarpið að gera lýsinguna ásættanlega. Ella muni afstaða Fljótsdalshéraðs til staðsetningar mastursins verða endurskoðuð.**

**Tæp fjögur ár eru síðan Héraðsbúar skoruðu fyrst á RÚV að laga ljósin sem vara flugvélar við mastrinu.** - gar

Samtök vefiðnaðarins:

## Miði.is besti vefurinn

**VERÐLAUN** Samtök vefiðnaðarins völdu Miða.is sem besta íslenska vefinn á vefverðlaunahátíð sem haldin var í gærkvöldi. Sá vefur hefur áður unnið til alþjóðlegra verðlauna.

Aðrir verðlaunavefir voru valdir Vísir.is sem var valinn besti afþreyingarvefurinn, icelandexpress.is besti þjónustuvefurinn, glitnir.is besti fyrirtækjavefurinn og vedur.is var valinn besti vefur í almannaþágu.

Hjarta.net sem hefur það að markmiði að miðla upplýsingum um málefni hjartasjúkra var kosinn besti einstaklingsvefurinn.

Í fyrsta sinn var einnig valin bjartasta vonin og kom sá heiður í hlut umsjármanna vefsins hvaderimatinn.is. - jse




Heilbrigðisráðuneytið vill að eftirlitsaðilar tilkynni reykingar til lögreglu:

# Reykingafólk óáreitt á börum

**LÖGREGLA** „Við erum ekki að stoppa neitt á þessu stigi en svo getur vel verið að það gerist ef þetta er ítrekað,“ segir Pétur Guðmundsson, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Heilbrigðisráðuneytið sendi í gær tilmæli til Vinnueftirlitsins og Heilbrigðiseftirlitsins um að tilkynna lögreglu um öll brot sem þau verði vör við á tóbaksvarnarlögum. Um þrjátíu skemmtistaðir í Reykjavík leyfa nú gestum sínum reykingar innandyra þrátt fyrir að slíkt sé bannað með lögum. Eigendur staðanna segjast vilja skýrari línur varðandi framkvæmd reykingabannsins.

„Við komum til með að fylgjast með og ef við sjáum reykingar þá skrifum við á það skýrslur. Hvort við förum í einhverjar aðgerðir get ég ekki sagt til um á þessu stigi en allar tilkynningar frá okkur og skýrslur gætu haft áhrif á leyfisstöðu viðkomandi veitingastaðar,“ segir Pétur. Aðspurður segir Pétur það vera verkefni lögreglunnar að framfylgja reykingabanninu. Hins vegar sé málið dálítið loðið. „Það er bannað að reykja inni á veitingastöðunum en eitthvað verður að taka tillit til veitingamannanna sem segja að þetta sé óljóst,“ segir aðalvarðstjórinn.



**REYKT Í REYKJAVÍK** Heilbrigðisráðuneytið segir að veitingamenn eigi að kæra viðskiptivini sem reykja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í tilkynningu frá heilbrigðisráðuneytinu segir að veitingamenn eigi að kæra til lögreglu þá viðskiptavini sem reyki innandyra og að lögregla geti svipt þá staði rekstrarleyfi sem brjóti tóbaksvarna lögin. - gar



**Útsala**
á potta-
plöntum

allt að
**60%**
afsláttur

# Útsölulok

útsölunni lýkur um helgina



**Orkideur**
**ný** sending
**999**

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Húsavík
Egilsstaðir - Selfoss - Keflavík - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ 01.02.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 64,52 | 64,82 |
| Sterlingspund | 128,43 | 129,05 |
| Evra | 95,97 | 96,51 |
| Dönsk króna | 12,873 | 12,949 |
| Norsk króna | 11,957 | 12,027 |
| Sænsk króna | 10,139 | 10,199 |
| Japanskt jen | 0,6062 | 0,6098 |
| SDR | 102,83 | 103,45 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
126,1138

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Snæfellsku hugviti beitt á kindurnar sex sem voru á syllu í Ólafsvíkurenni:

# Ráku rollurnar úr sjálfheldunni

**BÚFJÁRHALD** Ungum mönnum tókst að koma kindunum sex úr sjálfheldunni á syllu í Ólafsvíkurenni á miðvikudag. Þær eru þó enn í fjallinu þar sem enginn kemst til þeirra en hafa nóg að bíta.

„Við notuðum bara snæfellskt hugvit og kjark til að reka þær af syllunni,“ segir Óttar Sveinbjörnsson, formaður landbúnaðarnefndar Snæfellsbæjar. „Það fóru ungir og vaskir menn úr byggðarlaginu á snjósleðum upp á ennið, bundu svo spotta í lóðabelg sem þeir drógu síðan eftir syllunni og náðu þannig að reka þær úr sjálfheldunni. Þær kæmust alveg í burtu núna en þær kjósa að vera í skjóli þarna við bergið. Við ætlum því bara að bíða þangað til þiðnar en þá náum við þeim niður.“

Upphaflega voru kindurnar sjö en ein er nú dauð en talið er að hún hafi runnið á klakanum og fallið fram af. Óttar hafði sagt við Fréttablaðið að hinna kindanna biði ekkert nema dauðinn ef þær fengjust ekki af syllunni þar sem þær höfðu ekkert að bíta. **- jse**



**KINDURNAR SEX Á SYLLU Í ÓLAFSVÍKURENNI** Tekist hefur að reka kindurnar af syllunni í Ólafsvíkurenni en ungir menn notuðu til þess sitt snæfellska hugvit. Þær eru enn í fjallinu þar sem enginn kemst til þeirra en hafa þó eitthvað að éta en því var ekki að fagna í sjálfheldunni á syllunni.

Réttinda- og hjálmlaus:

# Stakk af frá lögreglu á hjóli

**AKRANES** Ungur maður á torfæruhjóli reyndi á föstudaginn var að komast undan lögreglunni á Akranesi þegar hún hugðist ræða við hann.

Vegna hálku þótti lögreglu ekki á það hættandi að veita manninum eftirför en hann var réttindalaus, hjálmlaus og með farþega á hjólinu. Þekktu lögreglumenn til unga mannsins og höfðu samband við forráðamenn hans. Kom hann á lögreglustöð, gekkst við broti sínu og baðst afsökunar á hegðun sinni.

Getur ökumaðurinn búist við sektum upp á tugi þúsunda króna fyrir athæfið. **- ovd**



**OBAMA OG CLINTON** Ganga með friði til forkosninganna á þriðjudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Clinton og Obama:

# Segjast nú hætt öllum illdeilum

**BANDARÍKIN, AP Hillary Clinton og Barack Obama hafa ákveðið að grafa stríðsöxina. Þau komu fram sameiginlega í sjónvarpi á fimmtudag þar sem þau sýndu hvort öðru virðingu og vinsemd.**

**Clinton sagði að ef næsti forseti Bandaríkjanna yrði repúblikani, þá væru kjósendur aðeins að fá meira af því sama. Síðan leit hún til Obama og sagði: „Við munum breyta landinu okkar.“**

**Þau sækjast bæði eftir að verða forsetaefni Demókrataflokksins þegar kosið verður í haust. Demókratar voru margir hverjir farnir að óttast að illdeilur þeirra síðustu vikur gætu kostað þau bæði sigur í forsetakosningunum.** **- gb**

## FAXAFLÓI

### Hvalur á reki við Garðskaga

Hvalshræ sást á reki um eina og hálfa sjómílu norður af Garðskaga á fimmtudag. Gæti hvalurinn verið varasamur fyrir smærri báta þar sem hann sést ekki vel í sjónum. Gert er ráð fyrir að hann reki inn á Faxaflóann og inn fyrir Garðskaga.

# Áætlað að rífa flest húsin

**Festar fasteignafélag á mestan hluta húsa á Sirkusreitnum svokallaða en félagið áætlar mikla uppbyggingu á svæðinu sem kallar á niðurrif flestra þeirra. Eitt hús verði rifið við Laugaveg en annað endurbyggt.**

**SKIPULAGSMÁL** „Mikil lista- og menningarstarfsemi hefur verið þarna í gegnum árin og við ætlum að virkja það inn í þetta eins og við mögulega getum,“ segir Níels Pálmar Benediktsson, framkvæmdastjóri Festa ehf. Félagið á öll hús á svokölluðum Sirkusreit, nema húsin við Laugaveg 13 og 15 og Klapparstíg 26. Festar sérhæfa sig í þróun fasteignaverkefna og útleigu með áherslu á miðborg Reykjavíkur. Fyrstu húsin á reitnum voru keypt árið 1998.

Hjá Festum er unnið með tvær tillögur að uppbyggingu á reitnum. Í báðum þeirra er gert ráð fyrir að fjöldi húsa muni víkja. Er gert ráð fyrir hóteli þar sem í öðru tilfellinu verði hótelbyggingin við Hverfisgötuna en í hinu verði hún í ellefu hæða turni á miðjum reitnum. Verði turninn lítið sýnilegur frá götum í kring þar sem hús í næsta nágrenni skyggi á hann.

> „Við breytingu á meirihluta á ekki að umturna skipulagsmálum.“
>
> **BENEDIKT SIGURÐSSON**
> STJÓRNARFORMAÐUR FESTAR EHF.

Reiturinn verði annars nýttur undir verslanir, veitingastaði, skemmtistaði, matvörumarkað og er svo gert ráð fyrir 300 bílastæðum undir húsinu. Að auki verði fjölnota menningarsalur á reitnum. „Við viljum sjá líf á þessum reit, mikla grósku og fjölbreytt mannlíf,“ segir Hanna G. Benediktsdóttir, fjármálastjóri Festa.

Er stefnt að því að leggja tillögurnar fyrir skipulagsráð í næstu viku. „Embættismenn borgarskipulags hafa haft þessar tillögur síðan í nóvember, til skoðunar,“ segir Benedikt Sigurðsson, stjórnarformaður Festa, en vegna umróts í pólitíkinni hafi menn ekki getað unnið markvisst í kynningu.

„Laugavegur 17 er það stórt hús að það verður ekki flutt,“ segir Benedikt en áætlað er að endurbyggja húsið. Er það eina húsið í eigu Festa sem eftir stendur samkvæmt annarri tillögunni. Samkvæmt hinni tillögunni mun Hverfisgata 26 einnig standa en byggt verði ofan á húsið. „Með endurgerð á Laugavegi 17 teljum við okkur vera að koma til móts við umræðuna um útlit götumyndar,“ segir Hanna. Mesta breytingin verði Hverfisgötumegin á reitnum.





1. Laugavegur 21 – Kaffi Hljómalind – Hljómalindarhúsið
2. Laugavegur 19 – Veitingastaðurinn Indókína og íbúðir
3. Laugavegur 17 – Barnafataverslunin Du Pareil au Même og íbúðir
4. Laugavegur 15 – Verslanir, snyrtistofa og íbúðir - Verslun Bláa lónsins, Franch Michelsen úrsmíðameistari, Snyrtistofan Mandý, Spilaverslun Magna
5. Laugavegur 13 – Verslanir og skrifstofur – Gullkúnst Helgu, Loftmyndir ehf., Arkitektastofa, Ísgraf ehf., Rannís, Verslunin Tiger, Umboðsmaður barna
6. Smiðjustígur 4 – Íbúðir
7. Smiðjustígur 4a
8. Smiðjustígur 6 – Skemmtistaðurinn Grand Rokk
9. Hverfisgata 26 – Veitingahúsið Celtic Cross og teiknistofan Arkitektúr.is
10. Hverfisgata 28 – Íbúðarhús
11. Hverfisgata 32 – Iðnaðar- og íbúðarhús
12. Hverfisgata 32a – Íbúðarhús – Rifið
13. Hverfisgata 32b – Íbúðarhús – Rifið
14. Hverfisgata 34 - Iðnaðar- og íbúðarhús
15. Klapparstígur 26 – Hótel Klöpp
16. Klapparstígur 28 – Atvinnu- og íbúðarhúsnæði – Sjá-viðmótsprófanir, Sprettur þróun ehf.
17. Klapparstígur 30 – Skemmtistaðurinn Sirkus



**NÍELS PÁLMAR BENEDIKTSSON**

Hljómalindarhúsið er mjög illa farið að innan að sögn Benedikts en áætlanir Festa myndu lítið breytast þótt ákveðið yrði að friða húsið, eins og Húsafriðunarnefnd hyggst leggja til. Yrði húsið þá við torg sem báðar áætlanir gera ráð fyrir. „Friðun hússins myndi ekki setja verkefnið úr lagi,“ segir hann en samkvæmt núgildandi deiliskipulagi er heimilt að rífa húsið eða flytja það. „Sé það vilji borgaryfirvalda að húsið standi á sama stað þá verður svo að vera,“ segir Benedikt.

Þá segir Benedikt rekstraraðila í húsunum hafa strax í upphafi verið látna vita að til niðurrifs gæti komið nánast hvenær sem væri. Að núverandi rekstraraðili Sirkuss hafi komið til árið 2000. „Við keyptum Sirkushúsið árið 1998 og þá var staðurinn lokaður.“

„Við breytingu á meirihluta á ekki að umturna skipulagsmálum,“ segir Benedikt. „Það er langtímastefna sem menn taka og svo er hægt að þróa hana með mismunandi hætti.“ Hann segir deiliskipulag á reitnum samþykkt árið 2003 og fimm ár ekki langan tíma í skipulagi og hönnun. **olav@frettabladid.is**





## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FROSTHÖRKUR Á NIÐURLEIÐ**

**Enda þótt brunagaddur sé víða á landinu nú í morgunsárið og í dag má segja að hámarki frostakaflans sé náð nú með morgninum. Það eru lægðir að nálgast okkur, bæði úr suðri og austri. Þær gera nú lítið annað í dag en að draga heldur úr mesta frostinu en á morgun verður að líkindum orðið frostlaust við suður- og austurströndina. Samfara hlýja loftinu hvessir, einkum suðaustan til og á hálendinu. Annars staðar verður töluverður vindur, þetta 10-18 m/s, hvassast**

*um hádegi »*





*» á morgun*





15-23 m/s suðaustan til og á hálendinu, annars hægari.

*» mánudagur*





Norðaustan hvassviðri á Vestfjörðum, annars hægari.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 4°C skúrir | London | 7°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 2°C slydda |
| Billund | 3°C slydda | París | 5°C léttskýjað | Lúxemborg | 1°C slydda |
| Osló | -2°C snjóél | Amsterdam | 5°C skúrir | Alicante | 17°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 2°C alskýjað | Frankfurt | 4°C skúrir | Róm | 13°C alskýjað |
| Gautaborg | 3°C slydda | Berlín | 4°C skúrir | Las Palmas | 18°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




OPIÐ Í DAG
11-18

# ÚTSÖLULOK

GÖTUMARKAÐUR OG EKTA MARKAÐSSTEMNING!

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

**KJÖRKASSINN**



*Styður þú þá verta sem leyfa reykingar inni á stöðum sínum þrátt fyrir bann?*

| | |
|---|---|
| Já | 40,4% |
| Nei | 59,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú farinn að skipuleggja sumarfríið?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Niðurstaða ekki fengin í kaup Skipta á slóvenska landsímanum:

# Skipti verða að bjóða betur

**VIÐSKIPTI** „Viðræður við slóvensku einkavæðingarnefndina hafa gengið ágætlega og mörgum málum er lokið. Hins vegar er ekki komin niðurstaða í öll mál,“ segir Pétur Þ. Óskarsson, upplýsingafulltrúi Skipta, móðurfélags Landsímans.

Skipti verða að bjóða betur, eigi þau að eiga möguleika á að kaupa slóvenska landsímann. Þetta segir í yfirlýsingu frá slóvensku einkavæðingarnefndinni.

Einkavæðingarnefndin á enn í viðræðum við Skipti og hóp breskra fjárfesta um sölu á tæplega helmings hlut slóvenska ríkisins í Telekom Slovenije. Fram kemur í frétt Reuters að báðir aðilar þurfi að bæta tilboð sín. Þörf sé á frekari viðræðum við báða aðila áður en ákvörðun verði tekin.



**Í SÍMANUM** Eigi Skipti, móðurfélag Landsímans, að eiganst slóvenska símann, verða þau að bjóða betur.

Ekkert er gefið upp um tilboðin, en fram hefur komið að boðin í slóvenska símann hafi numið um 400 evrum á hlut. Þetta hafi sumum slóvenskum stjórnmálamönnum þótt of lágt og hvatt stjórnvöld til að selja ekki.

Þá hefur Financial Times eftir heimildum að Skipti hafi boðið eigin hluti í skiptum fyrir hluti í Telekom Slovenije.

Markaðsvirði félagsins er nú um 2,2 milljarðar evra, eða sem nemur um 212 milljörðum króna. Hver hlutur var um 342 evra virði á markaði í vikunni.

Skipti hafa frestað skráningu sinni á hlutabréfamarkað hér, vegna viðræðnanna við Slóvena.

- ikh

Héraðsdómur Reykjaness:

# Tveir í smyglmáli áfram inni

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness framlengdi í gær gæsluvarðhald yfir tveimur mönnum í svokölluðu hraðsendingarmáli til 8. febrúar.**

**Mennirnir sitja inni vegna rannsóknar lögreglu á rúmlega fimm kílóum af kókaíni og amfetamíni, sem reynt var að smygla til landsins með hraðsendingu um miðjan nóvember. Tveir til viðbótar sitja einnig í gæsluvarðhaldi vegna málsins.**

**Lögreglan hefur rökstuddan grun um að sömu menn og nú sitja inni hafi komið fíkniefnasendingum í pósti inn í landið áður.**

**KÓPAVOGUR**

## Umdeildur hnefaleikastyrkur

Bæjarráð Kópavogs hefur samþykkt að veita Hnefaleikanefnd Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands 250 þúsund króna styrk vegna Íslandsmóts í hnefaleikum, í Smáralindinni í lok mars. Ólafur Þór Gunnarsson bæjarráðsfulltrúi sat hjá við styrkveitinguna og lét bóka að hann teldi „ekki ástæðu til að styðja við þessa beiðni“.

**HLÍÐAHVERFI**

## Andvíg gatnamótum

Meirihluti þeirra 342 sem tekið hafa þátt í skoðakönnun á heimasíðu íbúasamtaka Hlíða, Holta og Norðurmýrar lýsir sig andvígan byggingu mislægra gatnamóta á mótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Um 17 prósent eru fylgjandi og um 83 prósent mótfallin gatnamótunum. Andstaðan er mest meðal þeirra sem búa næst gatnamótunum.

# Þingmenn starfi með Evrópuþingflokkum

**Vilji er innan stjórnarliðsins til að auka samstarf alþingismanna við systurflokka á Evrópuþinginu. Formaður utanríkismálanefndar segir reglur um meðferð Evrópulöggjafar hafa verið sniðgengnar og vill aukna ábyrgð Alþingis.**

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður utanríkismálanefndar, vill auka aðkomu Alþingis að Evrópulöggjöf. Vill hann að þingflokkar taki upp samstarf við systurflokka í Evrópuþinginu en slík samvinna er þegar við lýði í Evrópuráðinu og á vettvangi Norðurlandaráðs.

„Þannig komumst við inn í kjarna umræðunnar og getum fylgst betur með og áttað okkur á hvernig línur liggja,“ segir Bjarni.

Hann segir að eins og nú hátti til fylgist Alþingi ekki með málum – sem þingið þarf þó að samþykkja – fyrr en þau hafi verið formuð í frumvörp og lög fram. Við slíkt megi ekki búa.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði í umræðum um Evrópumál á Alþingi á fimmtudag að á meðan Ísland stæði utan Evrópusambandsins væri Evrópusamstarfið á höndum stjórnsýslunnar – ekki stjórnmálanna.

Bjarni segir það rétt upp að vissu marki en málaflokkurinn öðlist sjálfkrafa aðra stöðu en hefðbundin stjórnsýslumál þar sem fyrir lá við gerð EES samningsins að löggjafarvald hefði ekki verið framselt – þingið eigi að eiga síðasta orðið. Því beri nauðsyn til að þingið taki til umfjöllunar Evrópumál á mótunarstigi.

„Þannig er það í Noregi og þannig var meiningin að það yrði hér,“ segir Bjarni og bendir á reglur forsætisnefndar Alþingis frá 1994 en í þeim er gert ráð fyrir annarri og meiri aðkomu þingsins að Evrópulöggjöf heldur en nú er.



**Á ALÞINGI** Verði vilji formanns og varaformanns utanríkismálanefndar að veruleika munu íslenskir þingmenn starfa með skoðanabræðrum sínum í þingflokkum Evrópuþingsins í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Að sögn Bjarna tekur framkvæmdavaldið þátt í starfi um 200 nefnda á vettvangi Evrópumála þar sem hagsmuna Íslands sé gætt. Sú hagsmunagæsla eigi að vera í höndum þingsins.

Árni Páll Árnason, varaformaður utanríkismálanefndar, tekur undir skoðun Bjarna um mikilvægi þess að þingmenn starfi með starfsbræðrum sínum í þingflokkum Evrópuþingsins. „Ég held að þetta sé mjög mikilvægt. Evrópusambandið er að breytast og áhrif þingmanna á Evrópuþinginu og þjóðþingum aðildarríkjanna á nýja löggjöf aukast mjög hratt.“

En þótt Árna Páli hugnist vel aukið samstarf bendir hann á því fylgi takmörkuð aðkoma að málum. „Við fengjum aldrei sömu áhrif og þingmenn á Evrópuþinginu,“ segir Árni Páll.

bjorn@frettabladid.is







Rannsókn lögreglu á mannsláti í íbúð við Hringbraut í október á lokastigi:

# Blóð á fötum nágrannans

**LÖGREGLUMÁL** Blóðslettur á fötum nágranna manns sem lést af höfuðáverkum 7. október síðastliðinn í íbúð við Hringbraut, reyndust vera úr hinum látna. Þetta eru niðurstöður DNA-rannsóknar í málinu samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Krufning leiddi í ljós að maðurinn lést vegna fjóláverka á höfði. Hann var meðal annars höfuðkúpubrotinn við vinstra gagnauga.

Nágranninn hefur setið í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni frá 8. október. Hann er sterklega grunaður um að hafa orðið valdur að dauða mannsins með því að slá hann ítrekað í höfuðið með slökkvitæki þar sem hann lá sofandi í rúmi sínu.

Atburðurinn átti sér stað í félagslegu leiguhúsnæði við Hringbraut. Nágranninn tilkynnti til lögreglu um hálftvö á sunnudegi að maðurinn lægi rænulaus í rúmi sínu og væri hann alblóðugur. Þegar lögregla kom inn í íbúð fórnarlambsins var íbúðin mettuð ljósum reyk. Í svefnherbergi íbúðarinnar lá sá sem fyrir árásinni hafði orðið, með kodda yfir höfði sér. Þegar lögreglan lyfti koddanum komu í ljós miklir áverkar vinstra megin í andliti hans. Þá mátti sjá duft úr slökkvitæki á vinstri vanga hans og blóðslettur á veggnum fyrir ofan höfðagafl rúmsins. Maðurinn lést af sárum sínum að kvöldi þessa dags.

Við húsleit á heimili nágrannans fannst blóðug úlpa, duft úr slökkvitæki og blóðkám víða. Hann var með slökkviduft á höndunum. Hann var verulega ölvaður. Hann neitar stöðugt að hafa orðið manninum að bana, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, en ber annars við minnisleysi.



**VIÐ HRINGBRAUT** Mannslátið átti sér stað í húsnæði við Hringbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

jss@frettabladid.is

# Útsala

## 20-40% afsláttur

Einungis fáanlegt í Smáralind, Holtagörðum og á markaði Hagkaupa Akureyri



ÚTSALA 163.200kr
Verð áður 204.000,-

**Sófasett** 3+1+1 Nice



ÚTSALA 159.200kr
Verð áður 199.000,-

**Sófasett** 3+1+1 8181



ÚTSALA 153.900kr
Verð áður 239.000,-

**Hornsófi** 2+h+2 6689

**Mikið úrval af hornsófum**



ÚTSALA 126.720kr
Verð áður 158.400,-

**Sófasett** 3+1+1 Roma

**Íslensk framleiðsla**



ÚTSALA 135.200kr
Verð áður 169.000,-

**Tungusófi** 8027M

**Tungusófar í úrvali**

## VERÐDÆMI

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sófasett 3+1+1 - 6703 | 119.400 kr. | ~~199.000~~ kr. | 40% |
| Sófasett 3+2+1 - 6703 | 131.400 kr. | ~~219.000~~ kr. | 40% |
| Hornsófi 2+h+2 - 7237 | 169.520 kr. | ~~211.000~~ kr. | 20% |
| Hornsófi 2+h+2 - 8169 | 180.000 kr. | ~~225.000~~ kr. | 20% |
| Fusite tungusófi | 104.999 kr. | ~~149.999~~ kr. | 30% |

Gildir til 5. febrúar eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hver fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðirita?*
2. *Hversu stórt verður stærsta einbýlishús landsins sem rís í Mosfellsdal?*
3. *Hvaða fjárfestingarfyrirtæki yfirgefur ónotaðar höfuðstöðvar með tugmiljóna innréttingum?*

Gísli Marteinn Baldursson, fulltrúi borgarinnar í stjórn Strætó bs.:

# Kaupum kannski strætókort

**SAMGÖNGUMÁL** Stefnt er að því að grunnskólabörn og eldri borgarar fái ókeypis í strætó. Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi vonast til að það geti orðið að veruleika næsta vetur. Ekki sé enn ljóst hvernig staðið verði að framkvæmdinni.

Til greina komi að borgin kaupi strætókort og dreifi til þessara hópa svipað og gert er fyrir eldri borgara í Hafnarfirði.

„Við munum leysa öll vandamál sem upp koma í sátt við önnur sveitarfélög og þannig að sómi verði að,“ segir Gísli Marteinn. Hann minnir á að upphaflega hafi borgin ein ætlað að gefa framhaldsskólanemum frítt í strætó en síðan hafi hin sveitarfélögin viljað taka þátt. Þetta sé gert til að fá fólk til að taka strætó og draga þannig úr mengun og fækka bílum.

Gísli Marteinn segir að slæmur fjárhagur Strætó komi ókeypis strætósamgöngum ekkert við. Sveitarfélögin greiði strætófargjöldin. „Þetta kostar hellings pening og við göngum að því með opin augu,“ segir hann og bendir á að með því að fjölga farþegum og skera niður kostnað aukist tekjur.

Á næstunni verður hægt að setja rauntímaupplýsingar á lykilbiðstöðvar svo farþegar geti fylgst með hvenær næsti vagn kemur. Ekki er vitað hver kostnaðurinn verður. **- ghs**



**ÓKEYPIS NÆSTA VETUR** Til greina kemur að kaupa strætókort og dreifa til grunnskólabarna og eldri borgara í Reykjavík og standa vonir til þess að það verði að veruleika næsta vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Þrjú þúsund milljarðar króna:

# Microsoft vill kaupa Yahoo

**VIÐSKIPTI** Microsoft bauðst í gær til að kaupa netfyrirtækið Yahoo fyrir sem samsvarar tæplega þrjú þúsund milljörðum króna. Ætlunin með kaupunum er að styrkja starfsemi Microsoft á netinu, en þar hefur fyrirtækið átt í harðri samkeppni við Google.

Yfirtökutilboðið kom nokkuð á óvart, þar sem það hljóðaði upp á töluvert meira á hvern hlut en markaðsverð sagði til um. Því hefur ekki verið svarað.

Hlutabréfaverð í Yahoo hækkaði um sextíu prósent í gær í kjölfar fréttanna um tilboðið. Samtímis lækkaði Google um átta prósent. **- sþs**

Hæstiréttur mildaði dóminn:

# Fangelsi fyrir að eiga barnaklám

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur mildað dóm yfir fertugum manni sem var sakfelldur í Héraðsdómi Reykjavíkur í ágúst fyrir vörslu barnakláms. Dómurinn var styttur úr tólf mánuðum í tíu.**

**Í tölvum mannsins fundust um fjögur þúsund ljósmyndir og sjö hreyfimyndir, margar mjög grófar, segir í niðurstöðu Hæstaréttar.**

**Hann hefur verið dæmdur tvisvar áður fyrir vörslu barnakláms og einu sinni fyrir kynferðisbrot gegn ungum drengjum.**

**Auk fangelsisvistarinnar var hann látinn greiða allan áfrýjunarkostnað, samtals um 250 þúsund krónur.** **- sþs**

Framkvæmdastjóri ASÍ um laun í evrum:

# Dregur úr áhættu

**VINNUMARKAÐUR** Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, ASÍ, segir að engin launung sé á því að evrubinding launa hafi verið til umræðu á vettvangi kjarasamninga en á ekki von á því að hún verði „í neitt sérstaklega miklum mæli“.



**GYLFI ARINBJÖRNSSON**

„Auðvitað hljóta okkar félagsmenn að velta fyrir sér möguleikanum á því að takmarka gengisáhættu þegar þeir taka erlend lán og njóta þar með hagstæðari vaxtakjara án þess að axla mikla gengisáhættu,“ segir Gylfi.

Nokkur fyrirtæki hafa þegar gefið starfsmönnum sínum kost á því að tengja laun við erlendan gjaldmiðil. Gylfi bendir á að óheimilt sé að greiða minna en umsamin laun.

„Það hefur að mestu leyti verið á fjármálamarkaðnum þar sem einstaklingar taka ekki laun samkvæmt kjarasamningum.

Þeir sem starfa samkvæmt kjarasamningi þurfa að vera vissir um að þetta fyrirkomulag leiði ekki til þess að brotið sé á þeim.“ **- ghs**



**FANGAFLUGVÉL** Hér sést ein þeirra véla sem nefndar hafa verið fangaflugvélar á Reykjavíkurflugvelli.

# Spurningum ekki svarað

**Bandarísk stjórnvöld munu ekki upplýsa um það hverjir voru um borð í svonefndum fangaflugvélum á vegum undirfyrirtækja CIA sem lent hafa hér á landi. Flugvélar hafa lent hér meira en 200 sinnum.**

**UTANRÍKISMÁL** Bandarísk stjórnvöld munu ekki upplýsa um það hverjir voru í svonefndum fangaflugvélum bandarísku leyniþjónustunnar CIA sem lent hafa yfir 200 sinnum á íslenskum flugvöllum, samkvæmt skýrslu starfshóps utanríkisráðuneytisins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins byggir ákvörðunin öðru fremur á því að lögfest upplýsingaskylda bandarískra stjórnvalda nái ekki til flugsins þar sem fyrirtæki í einkaeigu hafi annast það.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur utanríkisráðuneytið spurst fyrir um það hvort fangar hafi mögulega verið fluttir ólöglega um Ísland en þau svör hafa fengist frá bandarískum stjórnvöldum að svo hafi ekki verið í neinum tilfellum. Engin gögn því til staðfestingar hafa þó verið lögð fram.


# Lendingarnar í skjóli hersins

**FRÉTTABLAÐIÐ 8. DESEMBER** Fjallað var ítarlega um lendingar svonefndra fangaflugvéla CIA á íslenskum flugvöllum í Fréttablaðinu í desember. Þar kom fram að eftirlitið með lendingum véla innan gamla varnarsvæðisins, þar sem bandaríski herinn var með starfsemi, hafi ekkert verið árum saman.

Fréttablaðið sendi bandaríska sendiráðinu spurningar eftir að upplýst var um lendingar flugvéla hér á landi og spurðist fyrir um hverjir hefðu verið í vélunum, sérstaklega þeim sem hér millilentu á leið frá Kaíró í Egyptalandi til Houston og frá Búkarest í Rúmeníu til Washington DC. Spurningum verður ekki svarað en þær upplýsingar hafa fengist frá bandarískum stjórnvöldum að þar sem um leynilegar aðgerðir sé að ræða, og flugvélar einkafyrirtækja eigi í hlut, verði ekki upplýst um hverjir hafi verið í vélunum.

Í skýrslu starfshóps Evrópuþingsins frá því í júní í fyrra sem stýrt var af svissneska stjórnmálamanninum Dick Marty kemur fram að undirfyrirtæki CIA sem annast fangaflugin séu skúffufyrirtæki, það er hafi enga aðra starfsemi en að annast flugið fyrir CIA og um fyrirtækin sé ekki að finna neinar frekari upplýsingar. Í skýrslunni segir jafnframt að leynileg fangelsi hafi meðal annars verið í Póllandi og Rúmeníu, í nágrenni Búkarest.

Grænlenska landstjórnin hefur krafist rannsóknar á því hvort flugvellir í þar hafi verið notaðir af CIA til þess að flytja fanga leynilega. Danska ríkisstjórnin, sem fer með yfirráð yfir Grænlandi, hefur ekki gert það upp við sig enn hvort rannsókn fari fram á fluginu. Danska ríkissjónvarpið sýndi á miðvikudaginn þátt um fangaflugið en fréttir þess efnis að fangaflugvélar hafi farið um Grænland, einkum flugvöllinn í Narsassuaq, og þar með danska lögsögu, hafa valdið nokkrum óróa á danska þinginu undanfarna daga. Stjórnarandstaðan krefst rannsóknar en ríkisstjórnin, með Anders Fogh Rasmussen í broddi fylkingar, hefur engar ákvarðanir tekið.

**magnush@frettabladid.is/gudsteinn@frettabladid.is**






# FERMINGARVEISLUSÝNINGIN HAFIN!

Allt það nýjasta í veisluskrauti: serviettur, kerti sálmabækur, áletranir, föndur og margt fleira!




# GLÆNÝ SENDING AF FLOTTUM POTTAPLÖNTUM!




GARÐHEIMAR

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is



**KÖLD KYRKISLANGA** Kyrkislanga hjúfrar sig saman ofan á potti með rafmagnsljósi í til að fá þaðan hita í dýragarðinum í Ahmedabad í Indlandi. Gífurlegur kuldi hefur verið á þessum slóðum undanfarið. NORDICPHOTOS/AFP

Fasteignamarkaðurinn:

## Miklar byggingar á áætlun

**FASTEIGNIR** Mikil uppbygging á atvinnuhúsnæði er nú á höfuðborgarsvæðinu en samkvæmt upplýsingum frá Magnúsi Ara Skúlasyni, hagfræðingi og ráðgjafa, er áætlað að meira en hálf milljón fermetra af atvinnuhúsnæði sé í bygggingu. Samkvæmt upplýsingum frá Magnúsi Ara, sem rannsakað hefur fasteignamarkaðinn, er líklegt að verktakar haldi að sér höndum og dragi úr byggingarhraða á næstunni.

Fasteignamarkaðurinn hefur róast mikið að undanförnu og veltan minnkað snöggglega. Fermetraverðið fer lækkandi en hægt þó.

Mestu ræður þar minnkandi útlán banka og annarra fjármálastofnana og skörp lækkun á hlutabréfamörkuðum. - mh

# Reyndi ítrekað að lokka börn upp í bíl

**Karlmaður í Vestmannaeyjum hefur gert að minnsta kosti fjórar tilraunir til að lokka ung börn upp í bíl hjá sér. Hann bauð þeim bæði bílfar og sælgæti. Ekkert barnanna þáði gylliboðin. Lögregla hefur haft afskipti af manninum.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Vestmannaeyjum hefur haft afskipti af manni sem gerði að minnsta kosti fjórar tilraunir nýverið til þess að lokka ung börn upp í bíl til sín.

Fyrsta atvikið átti sér stað um miðjan janúar, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Síðari tilraunirnar þrjár gerði maðurinn svo á hálfs mánaðar tímabili eftir það. Hann lónaði í nágrenni við grunnskólana á staðnum á bíl sínum og bauð börnum sem hann komst í tæri við að skutla þeim eitthvert eða að gefa þeim sælgæti. Ekkert barnanna, sem voru í kringum tíu ára aldurinn, beit á agnið. Öll tilvikin áttu sér stað um seinni part dags, eftir að dimmt var orðið.

Málið komst upp þegar börnin sögðu foreldrum sínum frá manninum og gylliboðum hans. Foreldrarnir leituðu samstundis til lögreglu og tilkynntu um tilvikin. Ein stúlknanna, sem maðurinn reyndi að nálgast, náði hluta af bílnúmeri hans og með þær upplýsingar í farteskinu reyndist lögreglu eftirleikurinn auðveldur.

Maðurinn játaði sök, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, en gat harla litlar skýringar gefið á athæfi sínu. Ekki er vitað til þess að hann hafi orðið uppvís að athæfi af þessu tagi áður en þetta gerðist við grunnskólana.

Tryggvi Kr. Ólafsson, fulltrúi lögreglunnar í Vestmannaeyjum, vildi lítið tjá sig um málið sem slíkt. Hann bendir hins vegar á mikilvægi þess að útivistarreglur barna séu virtar.

„Oft á tíðum hafa þessir menn verið á ferðinni á kvöldin og því viljum við ítreka að foreldrar sjái til þess að farið sé eftir gildandi útivistarreglum,“ segir hann.

„Við undirstrikum við börn og foreldra á haustin að fara eftir útivistarreglunum, svo að allir séu samstiga,“ segir Fanney Ásgeirsdóttir, skólastjóri í Vestmannaeyjum. „Þá hefur lögreglan komið og spjallað við börnin um útivistarmálin sem og önnur öryggismál.“

Fanney segir það mikilvægt að börn séu meðvituð um tiltekin atriði eins og að fara ekki upp í bíl eða í heimsóknir til fólks sem þau hvorki þekkja né treysta. Í þessum tilvikum sem að ofan greinir hafi þau farið hárrétt að og látið vita um tilraunir mannsins.

„Í tengslum við þetta var rætt á almennum nótum við börnin í yngri bekkjunum.“

jss@frettabladid.is



**FRÁ VESTMANNAEYJUM** Karlmaður lónaði í nágrenni við grunnskólann í Vestmannaeyjum á bíl sínum og reyndi síðan að lokka börn upp í með því að bjóðast til að skutla þeim eða að bjóða þeim sælgæti. Ein stúlknanna mundi hluta af bílnúmerinu og þannig gat lögreglan haft uppi á honum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Formaður SGS:

## Línur eru farnar að skýrast

**VINNUMARKAÐUR** Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir að örlítið hafi miðað í samningaviðræðum við Samtök atvinnulífsins fyrir helgina og að línur séu orðnar skýrari en áður.

Kristján hefur boðað samninganefnd sambandsins á fund á þriðjudag og telur að í næstu viku reyni á hvort samningar náist eða ekki. Samningamenn SGS og SA hittast eftir hádegi á mánudag.

Búist er við að samningamenn SA ræði nú við fulltrúa fleiri landssambanda innan ASÍ áður en samningaviðræðum við SGS verður haldið áfram. - ghs

Dómstóll í Svíþjóð:

## HIV-maðurinn hlýtur dóm

**SVÍÞJÓÐ, AP** **Sænskur dómstóll dæmdi á föstudag breskan mann, Christer Merrill Aggett sem kallaður er HIV-maðurinn, í fjórtán ára fangelsi og til að greiða bætur fyrir að smita tvær ungar konur og sex börn af HIV-veirunni. Þá kom hann þrettán konum í smithættu með því að hafa mök við þær án þess að nota verju.**

**Mál Aggetts hefur vakið gríðarlega athygli í Svíþjóð og víðar á Norðurlöndum.**

**Sænskir fjölmiðlar hafa sagt frá því að Aggett hafi að öllum líkindum verið í kynferðislegu sambandi við að minnsta kosti 130 konur á fimm ára tímabili. Konurnar komst hann í samband við í gegnum netið.**

**Búist er við að Aggett áfrýi.** - ghs






HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.464 **-0,32%**

**Fjöldi viðskipta:** 678
**Velta:** 6.496 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EXISTA** | 4,41% | **FLAGA** | 3,20% |
| **SPRON** | 1,63% | **KAUPÞING** | 1,15% |
| **FØROYA BANKI** | 1,45% | **ICELANDIC GROUP** | 0,87% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 8,24 +0,73% ... Bakkavör 49,80 -0,40% ... Eimskipafélagið 32,30 +0,78% ... Exista 14,22 +4,41% ... FL Group 10,20 +0,00% ... Glitnir 19,35 -0,77% ... Icelandair 27,45 -0,18% ... Kaupþing 775,00 -1,15% ... Landsbankinn 30,80 +0,00% ... Marel 99,60 +0,10% ... SPRON 6,87 +1,63% ... Straumur-Burðarás 13,89 -0,64% ... Teymi 5,70 +0,53% ... Össur 95,70 +0,53%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Viðsnúningur hjá Skiptum

### Stefnt er að skráningu í marslok. Kaupum í Slóveníu hefur seinkað.

Hagnaður Skipta, móðurfélags Símans, nam 3,1 milljarði króna árið 2007. Um er að ræða viðsnúning upp á 6,7 milljarða frá fyrra ári. Sala Skipta nam 32,7 milljörðum króna á árinu og jókst um rúmlega þrjátíu prósent milli ára. Skipti hafa á undanförnum misserum keypt fyrirtæki með starfsemi í Bretlandi og á Norðurlöndum. Á árinu myndaðist um fimmtungur tekna samstæðunnar utan Íslands.

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Skipta, segir afkomuna mjög góða hvort sem horft er til fjarskipta eða upplýsingatækni. Horfur í rekstri fyrir þetta ár eru ágætar. „Undirbúningur fyrir skráningu Skipta á markað gengur vel en vegna viðræðna um möguleg kaup á slóvenska fjarskiptafélaginu Telecom Slovenije þá hefur ferlinu seinkað nokkuð og er nú stefnt að skráningu í lok mars," segir Brynjólfur. **- jsk**



**BRYNJÓLFUR BJARNASON** Til stendur að skrá Skipti á markað í lok mars. Skipti skiluðu 3,1 milljarði króna í hagnað árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Kaupþing má eiga í Ekortum

Samkeppniseftirlitið heimilar að Kaupþing eignist 49 prósent í Ekortum, að uppfylltum skilyrðum. Ekort eru í eigu SPRON og Kaupþings.

Samkeppniseftirlitið segir að fyrirtækin verði að tryggja að rekstrarlegur og stjórnunarlegur aðskilnaður verði milli þeirra og Ekorta.

Kaupþing og SPRON mega ekki hafa með sér neina samvinnu um greiðslukort sem hvor banki gefur út um sig. Þá er stjórnar- og starfsmönnum Ekorta óheimilt að veita eigendum sínum hvers konar viðskiptalegar upplýsingar. **- ikh**


TANNVERNDARVIKA 2008

KYNNINGARFUNDUR 5. FEBRÚAR KL. 11.00
Í FRÆÐSLUSAL BARNASPÍTALA HRINGSINS VIÐ HRINGBRAUT

Fræðslufundur verður á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Lýðheilsustöðvar í tilefni af útgáfu margmiðlunardisks með fræðsluefni um munnhirðu. Fræðslan er einkum ætluð starfsfólki á heilbrigðisstofnunum en einnig öllum öðrum sem vinna við að fræða um heilbrigða lífshætti.

DAGSKRÁ

11:10 Ávarp - Guðmundur Einarsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
11:15 Kynning fræðsluefnis - Hólmfríður Guðmundsdóttir, tannlæknir hjá Miðstöð tannverndar og Lýðheilsustöð
11:30 Frumsýning fræðsluefnis
11:50 Umræður - fyrirspurnum svara tannlæknarnir Inga B. Árnadóttir, forseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands, Helga Ágústsdóttir, deildarstjóri í Heilbrigðisráðuneytinu, og Hólmfríður Guðmundsdóttir
12.00 Fundarslit

Fundarstjóri: Þórólfur Þórlindsson, forstjóri Lýðheilsustöðvar.
Léttar veitingar í boði.

Fundurinn er öllum opinn en að auki er með fjarfundarbúnaði hægt að fylgjast með honum hvar á landinu sem er. Þeir sem þess óska þurfa að hafa samband við bruarstjori@landspitali.is og gefa upp IP tölu fyrir hádegi mánudaginn 4. febrúar.

LÝÐHEILSUSTÖÐ
HEILSUGÆSLAN




**UPPGJÖRIÐ KYNNT** Lýður Guðmundsson, starfandi stjórnarformaður Existu, segir félagið ekki geta stjórnað utanaðkomandi áföllum en að það standi sterkum fótum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Óábyrgur orðrómur kom Existu illa

### Staða Existu er sterk og félagið ætlar ekki að selja eignir. Stjórnendur segja orðróm um slæma stöðu, sem byggist á röngum forsendum, óábyrga og hafa komið félaginu illa.

„Við ætlum ekki að selja kjarnaeignir í nánustu framtíð. Þetta eru langtímafjárfestingar og þær eru ekki til sölu," segir Lýður Guðmundsson, starfandi stjórnarformaður Existu. Félagið kynnti afkomu sína fyrir síðasta ár í gærmorgun.

Óróleiki og gengislækkun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum höfðu talsvert að segja um afkomu Existu á seinni hluta árs. Að sögn Lýðs getur Exista lítið gert til að bregðast við slíkum hræringum en það sé vel tilbúið til að takast á við þær. Félagið losaði engu að síður um stöðutökur og lokaði veltubók með einskiptikostnaði sem féll til á fjórða ársfjórðungi í fyrra. Á henni var um hálfur til einn milljarður evra að jafnaði, að sögn Lýðs. Fjórum starfsmönnum var sagt upp í kjölfarið.

Félagið kynnti í kjölfarið breytingar á skipuriti sínu, stofnun tveggja deilda, rannsókna og fjárstýringar, sem undirstriki enn frekar fjármálaþjónustu sem kjarnastarfsemi félagsins.

Greiningardeild sænska bankans Enskilda birti álit um eignastöðu Existu fyrir tæpum hálfum mánuði en þar sagði að fyrirtækið gæti neyðst til að selja eignir í Kaupþingi, Sampo og Storebrand með afslætti vegna mikillar gengislækkunar frá miðju síðasta ári. Enskilda hefur dregið í land og viðurkennt að forsendur útreikninganna hafi verið rangar.

Lýður segir orðróm sem þennan hafa komið mjög illa við Existu, jafnt hluthafa sem aðra. Slíkt sé slæmt þar sem þagnarskylda hvíli á stjórnendum Existu þremur vikum fyrir birtingu uppgjörs og bindi hendur þeirra. Engu að síður hafi félagið sýnt fram á sterka lausafjárstöðu sína í kjölfarið.

„Þetta voru ímynduð vandræði," segir Lýður og ítrekar góða eignastöðu Existu en félagið er fjármagnað til næstu 69 vikna, eða fram á næsta ár. **jonab@frettabladid.is**


Þreytist þú eftir langan vinnudag?







Lausnin gæti einfaldlega verið að skipta reglulega um stellingar. Núna bjóðum við úrval af hæðarstillanlegum rafmagnsskrifborðum.

Verð frá kr. 49.900

EG SKRIFSTOFU HÚSGÖGN

Ármúla 22 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • Fax 533 5901 • skrifstofa@skrifstofa.is
Opnunartími: mánud. - föstud. 9:00 til 18:00 og laugard. 11:00 - 15:00

www.skrifstofa.is

BRÓS 0137/2007

## GÆÐAÁRGANGAR 2005-2006

# NÆSTUM NÝIR PAJERO JEPPAR

Nú eigum við meira en 20 Pajero jeppa af árgerðum 2005 og 2006. Þeir eru allir í toppstandi, á frábæru verði og til í ótal útfærslum. Komdu í Bílaþing og skoðaðu alvöru jeppa sem eru rétt að hefja langt og skemmtilegt líf!

**Ekki missa af Pajero!**

Verð frá ca. **3.500.000,-**
og allt að 6 milljónum




MITSUBISHI MOTORS

HEKLA

Opið 10-18 virka daga og 10-14 laugardaga

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | www.bilathing.is
Klettháls 11 | sími 590 5760 | bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Fyrir bolludaginn mánudaginn 4.feb
98
298
Bónus bollur 14 stk 298 kr pakkinn.
toppur
298
Bónus rjómabollur 2 stk í pakka
298 kr pakka
KJARNA
BLÖNDUÐ
129
Kjarna bollursulturnar 400g.
Bláberja, blönduð berja, jarðarberja 129 kr.
98
Coca-Cola light
BÓNUS
BOLLU GLASSÚR
149
Bónus súkkulaðiglassúr á bollurnar 280g
149 kr brúsinn.
489
Íslandsnaut ungnautahamborgarar
4 stk m/brauði 30% afsláttur
489 kr pakkinn. Merkt verð 698 kr.
839
Ferskt íslenskt 100% ungnautahakk 40% afsláttur
839 kr/kg. Merkt verð 1398 kr.
HEIMILISBRAUÐ
129
Myllu heimilisbrauð 770 gr 129 kr.
Coke light 2 ltr. 98 kr
Toppur 2 ltr.
Venjulegur og sítrónu
98 kr.
BÓNUS
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
KJARNAFÆÐI
Saltkjöt á fínu verði !
20% AFSLÁTTUR
1199
SÉRVALIÐ
Lambasaltkjöt sérvalið 20% afsláttur 1199 kr/kg.
Merkt verð 1499 kr.
20% AFSLÁTTUR
799
1. FLOKKUR
Lambasaltkjöt 1.flokkur 20% afsláttur 799 kr/kg.
Merkt verð 998 kr
20% AFSLÁTTUR
398
BLANDAÐ
Lambasaltkjöt blandað 20% afsláttur 398 kr/kg.
Merkt verð 499 kr.
69
SÍÐUBITAR
Lambasíður saltaðar 69 kr/kg.
Ódýrt
279
HÁLSBITAR
Saltaðir lambahálsar 30% afsláttur 279 kr/kg.
Merkt verð 399 kr.
Ali
Svínabógur
1099
Ali beikon 2 pk 40% afsláttur 1099 kr/kg.
Merkt verð 1831 kr.
498
Ali ferskur svínabógur 498 kr/kg.
498
Grillaður heill kjúklingur ca 1100 gr aðeins 498 kr stk.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
BÓNUS
AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fundahöld um hitaveitu í kuldanum:

## Að stökkva eða hrökkva

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Ný stjórn í Orkuveitu Reykjavíkur kom saman í gær. Kjartan Magnússon fékk sinn stærsta bitling til þessa sem laun fyrir ljósmóðurstörf. Það er köttur í bóli bjarnar: um fætur sjálfstæðismanna í stjórninni hringar sig Ásta Þorleifsdóttir og þeir hlaupa ekkert með hana.

Ekki að þá vanti höftin: Skýr útrásarstefna sem mótuð var á landsfundi sjálfstæðismanna glutraðist niður í falinni uppreisn borgarfulltrúa gegn gamla góða Villa. Þeir sáu skyndilega enga ástæðu til að fyrirtæki í opinberri eigu legðist í víking. Stundum vilja menn vera samkvæmir sjálfum sér, þrátt fyrir landsfundarsamþykktir.

Þversagnakennd afstaða í þessum mikilvæga málaflokki heldur því áfram að vera sjálfstæðismönnum fótakefli. Í síðustu viku var gengið frá viljayfirlýsingu REI, dótturfyrirtækis Orkuveitu Reykjavíkur, og ríkisstjórnar Djíbútí um samstarf í orkumálum á grunni einkaleyfis sem REI fékk til nýtingar á Assal-misgenginu fyrir réttu ári. Það voru stórmenni á staðnum, forseti og iðnaðarráðherra og margt fínt fólk. En ekki Kjartan – og Ásta.

Og í gær hélt útrásin áfram: Hinn gamansami og gjörhuguli iðnaðarráðherra hélt þá stutta kynningu í Brussel fyrir kontórista í orkudeild framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og bauð upp á samstarf um greiningu á jarðhitanýtingu í Evrópu þar sem mönnum er oft kalt á tánum á köldum vetrum. Lagði Össur til að Íslendingar og Evrópusambandið tækju upp samstarf í öðrum heimshlutum: Afríku og Suður-Ameríku. Margt mektarmanna úr íslenskum orkugeira var þar. Og á eftir ræddi ráðherra frekar við orkumálastjóra Evrópusambandsins, Andirs Piebalgs. Ekki var nýr stjórnarformaður Orkuveitunnar þar enda upptekinn við að stjórna fundi í nýrri stjórn í Árbænum.

Er nema von að kjósendur í Reykjavík skilji bara ekkert í því hvað er í gangi með kjörna fulltrúa þeirra? Það er stutt milli heimila þeirra Össurar og Kjartans í Vesturbænum. Þeir ættu máski að hittast yfir kaffi og tala saman maður á mann um framtíð útrásar okkar í orkumálum?

Líklega eru ekki nema örfá misseri sem íslenskir ráðamenn hafa til að fylkja íslenskum fyrirtækjum til útrásar í nýtingu jarðvarma. Lengi vel leit út fyrir að þar væru menn úr flestum flokkum samstiga, en svo truflaðist meirihluti sjálfstæðismanna í Reykjavík í tilhlaupinu, var að horfa annað – og datt. En svona gerist í öllum keppnum spretta dugmiklir þátttakendur á fætur, dusta af sér óhreinindi, laga sig til og sækja á markið.

Nýrri stjórn Orkuveitu Reykjavíkur er óskað til lukku með sætin. Vonandi tekst mönnum þar á stólum að finna og sameinast um stefnu sem verður ekki til trafala í rannsóknum og þróun á nýjum og löngum ónýttum jarðhitasvæðum heimsins. Ekki bara fyrir íslensk fyrirtæki á þessu sviði, ekki bara fyrir íslenska vísinda- og tæknimenn, ekki bara fyrir eigendur íslenskra orkufyrirtækja, heldur líka fyrir þá sem njóta ekki ylsins úr jörðu fyrir fótum þeirra.

Sveltur sitjandi kráka, fljúgandi fær.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

SJÓNAR HÓLL

**Á ég að gæta bróður míns?**

Málþing Sjónarhóls um systkini barna með sérþarfir
**fimmtudaginn 7. febrúar kl. 8.30 - 12.30 í Gullhömrum, Grafarholti.**
Á málþinginu verður fjallað um upplifun og aðstæður systkina barna með sérþarfir.

Fagfólk, foreldrar, systkini, afar og ömmur og allir þeir sem láta sig málefni barna með sérþarfir varða eru hvattir til að mæta.

Skráning fer fram á heimasíðu Sjónarhóls
**www.sjonarholl.net**

**Þátttaka er endurgjaldslaus**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rangur endi?

Á mánudag stendur til að ræða á Alþingi tillögu Kolbrúnar Halldórsdóttur og fleiri þingmanna um að settar verði siðareglur fyrir opinbera starfsmenn þar sem þeim verður meinað að kaupa eða þiggja kynlífsþjónustu í vinnuferðum í útlöndum. Í greinargerð er bent á að slíkar siðareglur hafi verið settar í Noregi og Svíþjóð og fylgir sögunni að það hafi verið gert eftir í ljós kom að „töluverður hluti“ opinberra starfsmanna í ríkjunum hefði keypt sér kynlífsþjónustu á ferðalagi eða þegið hana í boði heimamanna. Ekkert liggur fyrir um hvort íslenskir embættis- eða þingmenn hafi heimsótt vændishús í útlöndum en kannski væri hyggilegt að gera á því rannsókn. Þá fyrst kæmi í ljós hvort þarft væri að banna slíkar heimsóknir sérstaklega.



### Hárréttur maður

Ljóst er að borgarbúar og aðrir eigendur Orkuveitu Reykjavíkur eru ljónheppnir með nýjan stjórnarformann fyrirtækisins, Kjartan Magnússon borgarfulltrúa. Þar fer maður sem hefur vit á málunum. Í grein í Moggann í gær leiðbeinir Kjartan fólki um hvernig það skuli haga sér í kuldakastinu sem nú stendur. Meðal ráða stjórnarformannsins er að hækka í ofnum og hafa ekki opið út.



### Stundum – stundum ekki

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu segir reykingar á veitingastöðum ekki koma sér við. Það sé ekki hennar að aðhafast þótt lög um reykingabann séu brotin. Í skjóli þess hafa veitingamenn í miðborg Reykjavíkur leyft viðskiptavinum sínum að kveikja sér í innandyra. Sama var ekki uppi á teningunum síðasta sumar þegar einmunablíða lék við landsmenn og einstaka veitingamaður í miðborginni heimilaði gestum sínum að sitja utandyra og sötra öl eða annað það sem var í glösum. Þá brást lögregla höfuðborgarsvæðisins við af mikilli einurð og skipaði mönnum að fjarlægja borð og stóla af stéttum og torgum. Þá var viðkvæðið að þannig væru lögin og þeim yrði að framfylgja. bjorn@frettabladid.is

# Mánudagsblaðið



HALLGRÍMUR HELGASON
**Í DAG** | Morgunblaðið

Á þriðjudag birti Morgunblaðið grein eftir nafna minn, Hallgrím Helga Helgason, blaðamann sama blaðs. Hún hét „Ógæfuleg fyrirmynd“ og líkti ritstjórnarstefnu Moggans, í kjölfar umræðna um heilsu borgarstjóra, við aðferðir nasista sem kenndu vinstrimönnum um ráðhúsbrunann í Berlín. Greininni fylgdi hins vegar mynd af undirrituðum. Leiðrétting mun hafa birst daginn eftir en ég hnykki hér með á henni þótt ég hefði auðvitað glaður gengist við greininni.

Föstudagskvöldið áður sat ég í Kastljósþætti gegnt Agnesi Bragadóttur blaðakonu á Morgunblaðinu. Umræðan snerist um küppið í borgarstjórn og heilsu borgarstjóra. Agnes taldi illa komið fram við Ólaf F. Magnússon. Krafan um að hann sýndi læknisvottorð er hann sneri aftur til starfa hefði verið hreinn dónaskapur. Þetta kvöld hafði enn ekki komið fram hver hefði beðið um téð vottorð, en í þættinum ýjaði blaðakonan að því að hún vissi það. Hér var um klassísk Morgunblaðsvinnubrögð að ræða; almenningur látinn vita að blaðið viti eitthvað sem hann veit ekki, og ekkert víst að fólki verði sagt það.

**Álag á uppsagnadeild**

Að þessu sinni var þó slag látið standa. Hinar eldfimu upplýsingar voru reyndar ekki settar fram í fréttaformi heldur í leiðara, strax daginn eftir: „Forystumenn Samfylkingarinnar hafa síðustu daga staðið fyrir ósæmilegri aðför að nýjum borgarstjóra, Ólafi F. Magnússyni. Sú aðför hófst með tilraun þeirra til þess að koma í veg fyrir, að hann tæki setu í borgarstjórn, sem hann var kjörinn til setu í, með því að krefjast heilbrigðisvottorðs, þegar hann sneri til baka úr veikindaleyfi. Það er ekki hægt að krefja kjörinn fulltrúa um slíkt vottorð og sú gjörð var Degi B. Eggertssyni, lækni og fyrrverandi borgarstjóra til skammar.“

Á sunnudeginum mætti Dagur í Silfur Egils og bar þessa „frétt“ til baka. Um kvöldið mætti Ólafur sjálfur í Mannamál Stöðvar 2 og þvertók fyrir að Dagur hefði komið illa fram við sig. Á mánudag staðfesti svo fyrrum skrifstofustjóri Reykjavíkurborgar að hann hefði beðið um vottorðið; slíkt heyrði til formsatriða þegar kjörnir fulltrúar lykju veikindaleyfum.

Morgunblaðið hefur enn ekki borið óhróðurinn til baka og enn ekki beðist afsökunar. Margir hafa hins vegar borið Morgunblaðið til baka. Þegar hringt var í skiptiborð á mánudag áttu sumir erfitt með að ná sambandi við uppsagnadeild.

Fyrrnefndur leiðari hefur sjálfsagt verið Degi B. Eggertssyni þungbær lesning. Dagur og Ólafur munu hafa þekkst um árabil og síðustu mánuði hafði borgarstjórinn fyrrverandi verið í daglegu vinar- og ráðgjafasambandi við Ólaf sem var að snúa aftur úr erfiðum veikindum. Þeim sem fylgdust með sjónvarpsmyndum af lyklaskiptum í Ráðhúsinu duldist ekki dramatíkin sem undir lá. Ólafur tók sakbitinn við lyklunum úr hendi Dags og setti á mikla lofræðu um hann. „Gangi þér vel,“ var það eina sem Dagur sagði.

**Verðið skrifað niður**

Ekk veit ég hvað sá sjúkdómur heitir sem hrjáir blaðið sem eitt sinn var „allra landsmanna“. En í heilögu stríði þess gegn andstæðingunum (sem munu vera tæpur helmingur þjóðarinnar) virðist allt leyfilegt. Mogginn gerir í því að skrifa sig út af markaðnum. Stundum hvarflar jafnvel að manni að verið sé að skrifa blaðið niður í verði svo einhver févana maður geti keypt það í fyllingu tímans. Keypt þann meirihluta sem nú er á hendi Björgólfs Guðmundssonar, aðaleiganda Morgunblaðsins.

Þegar ég var drengur var gefið út blað í Reykjavík sem kom út vikulega og hét Mánudagsblaðið. Af umtali mátti halda að það væri málgagn djöfulsins; hæfileg blanda af slúðri, klámi og mannorðsmeiðingum með léttum andblæ af fasisma. Aldrei sá ég þó meira en forsíðu þessa blaðs sem selt var undir borðið í vissum sjoppum borgarinnar, en sá þó eitt sinn útgefandann ganga út úr Shell-sjoppunni á Miklabraut og að sínum ameríska kagga. Mér leið eins og ég hefði séð sjálfan Al Capone.

Og nú er Björgólfur kominn í fötin hans. Andblærinn úr Hádegismóum er að minnsta kosti létt fasískur. Fyrrnefndur leiðari endaði á fallegri hótun: „Forystumenn Samfylkingarinnar ættu að sjá sóma sinn í því að hafa hægt um sig á næstunni.“

Hversu lengi ætlar leiðtefnis auðmaður þjóðarinnar að þola prentsvertu á hvítflibba sínum?

# Rottumaðurinn skrifar

UMRÆÐAN
Ráðhúsmótmæli



PÁLL ZOPHANÍAS PÁLSSON

Rottumaðurinn er sár, ekki aðeins út í heiðvirða borgarstjórann sinn heldur líka út í unglingabókahöfundinn og ofurbloggarann Ólaf Sindra Ólafsson, sem hélt uppi bloggsíðunni Mengellu.

Í Bakþönkum sínum á fimmtudag skrifar Ólafur Sindri um mótmæli sem áttu sér stað í Ráðhúsi Reykjavíkur í síðustu viku. Kemur hann sér í þá skemmtilegu stöðu að vera bara á móti öllum og öllu, nema Dr. Gunna (sem allir kunna að vísu vel við). Sérstaklega er hann Ólafur á móti mér og innblásinn af Freud nefnir hann mig Rottumanninn. Eflaust ætti ég að láta af mótmælum og taka í staðinn upp bloggskrif undir kvennamannsnafni (hvað segði Freud um það?) eða jafnvel skrifa unglingabók um strák sem er sendur til Akureyrar, svikinn af félaga sínum og loksins táldreginn af einstæðum tölvunarfræðingi á Sjallanum. Ég gæti nefnt bókina Ó Ó... Allt þetta er svo miklu betra en að mótmæla, ég meina hver er tilgangurinn með því?

Er rangt að sýna spilltum stjórnmálamönnum að þeir komist ekki upp með allt hljóðalaust? Var það kannski orðbragð mitt sem fór fyrir hjartað á unglingabókahöfundinum? Ég bið hér með alþjóð og Ólaf afsökunar, ég hefði átt að blóta á íslensku. Mér finnst það hins vegar mikið sorgarefni þegar þjóð sem allt lætur yfir sig ganga, myglað mjöl og enn myglaðari stjórnmálamenn, skammast yfir mótmælum og kallar þau skrílslæti. Hvenær munu Ólafar landsins standa upp fyrir sjálfum sér? Ég gerðist sekur um dónaskap en ég þarf að vera en að gerast sekur um andleysi og aðgerðaleysi?

Ég er ekki í neinni unglingahreyfingu og hef aldrei verið, ég er ekki úr MR né MH, ég er aðeins manneskja sem stóð upp og lét í mér heyra í stað þess að halda mig í öruggri fjarlægð og bíða eftir „klímax“ eins og stórvinur minn orðar það. En mig grunar að hann þurfi að bíða lengi eftir því ef hann stendur ekki fyrir neitt, nema kannski sjálfan sig.

*Páll Zophanías Pálsson borgarstarfsmaður og Rottumaður.*

Allt að
15,05%
vextir



# Frábærir
vextir á sparnaðinn þinn!

**SPRON Vaxtabót**
**– allt að 15,05% vextir***

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus

**SPRON Viðbót**
**– allt að 7,95% vextir***

- Verðtryggður
- Bundinn til 36 mánaða
- Háir grunnvextir
- Stighækkandi vaxtaálag að binditíma loknum

**SPRON Veltubót**
**– allt að 14,59% ársávöxtun***

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Mánaðarleg greiðsla vaxta
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus



Þú getur stofnað reikning
á **SPRON.IS**

spron

Upplýsingar um innlánsreikninga SPRON fást í næsta útibúi SPRON,
í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

**Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 1. febrúar 2008.*

# EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI




## Leiklistin er sársaukafullt starf

Jóhann Sigurðarson leikari kom fimm ára gamall í leigubíl á mölina. Þessi ástsæli leikari þjóðarinnar segir leiklistina kroppa ofan af sárum.

## Hvað eru útlendingar að gera á Íslandi?

Fimm innflytjendur veita þjóðinni innsýn í sitt daglega líf. Hvers vegna komu þeir og hvers vegna vilja þeir búa hér áfram?

## Sport

## Nýtt tímarit sem fylgir mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins

Í Sporti á sunnudaginn verður ítarleg umfjöllun um svokallaðan skyndidauða íþróttamanna, sem vakið hefur mikinn óhug í knattspyrnuheiminum að undanförnu. Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Portsmouth, fer fögrum orðum um Hermann Hreiðarsson, sögð verður saga ungstirnisins Alexandre Pato og landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson situr fyrir svörum í sínu óvenjulegasta viðtali til þessa.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga





MAÐUR VIKUNNAR

# Er hin fullkomna vinkona

Badmintonkonan Ragna Ingólfsdóttir er orðin ein skærasta íþróttastjarna okkar Íslendinga. Ragna hefur náð frábærum árangri heima sem erlendis og leggur nú alla áherslu á að komast á Ólympíuleikana í Peking í haust. Það er ljóst að badmintonfólk er afar vel statt með að hafa Rögnu sem andlit íþróttarinnar út á við. Hún kemur alls staðar vel fyrir og er góð fyrirmynd yngri kynslóðarinnar innan vallar sem utan. Ragna hvorki reykir né drekkur áfengi og æfingasókn hennar og jákvæðni á æfingum er til mikillar fyrirmyndar. Ragna nýtur sín vel í allri athyglinni sem hún hefur fengið að undanförnu og menn eru sammála um að það hvetji hana enn meir til dáða þegar hún fær slíka viðurkenningu. Hún hefur líka talað mikið um að hún ætli sér að reyna að standa sig fyrir yngri kynslóðina og leggur því mikið kapp á að vera eins góð fyrirmynd og hún getur. Ragna er mikil keppnismanneskja en er ekki skapstór nema þá inni á vellinum. Hún kann bæði að taka sigri og ósigri, en getur verið grimm út í sjálfa sig eftir tapleiki. Hún tekur sigri af mikilli hógværð og tapar með sæmd. Hún er að sjálfsögðu vonsvikin og svekkt þegar hún tapar en ber sig vel. Ragna setur sér markmið og leggur gríðarlega mikið á sig að ná þeim og það einskorðast ekki bara við badmintoníþróttina. Ragna þarf að nýta tímann vel þar sem hún æfir mikið jafnframt því að vera í háskólanámi í heimspeki og sálfræði. Hún er því vel skipulögð og tekur skólabækurnar með sér í keppnisferðirnar og lærir í flugvélunum og á flugvellinum og nýtir því biðina vel. Eitt besta dæmið um dugnað og einbeitni hennar að ná markmiðum sínum er þegar hún sleit krossbönd í hné 13. apríl í fyrra. Rögnu var þá eindregið ráðlagt af læknum og öðrum viðkomandi að fara í aðgerð til þess að fá bót meina sinna. Aðgerð hefði hins vegar þýtt að Ragna hefði ekki getað keppt á stigamótum á ólympíutímabilinu í langan tíma eftir aðgerðina. Hún hefði því hrunið niður heimslistann og þar af leiðandi aldrei átt neinn möguleika á að vinna sér inn þátttökurétt á Ólympíuleikunum. Ragna var alls ekki tilbúin að gefa drauminn um Ólympíuleikana upp á bátinn. Hún hugsaði því frekar þannig að fyrst að hún hafi lent í þessum meiðslum þá hafi það bara átt að gerast og málið væri bara að finna lausnir. Hún ákvað því upp á sitt einsdæmi að fresta aðgerðinni og þess í stað leggja enn meira kapp á æfingar til að þjálfa sig þannig upp að hún gat spilað með þessi meiðsli. Hún æfði í marga klukkutíma á dag og var tilbúin að leggja ennþá meira á sig til þess að geta haldið áfram og ná því að upplifa drauminn sinn. Sannarlega ótrúlegt afrek og fáheyrt að keppa með slitið krossband í íþrótt sem reynir mikið á snöggar fótahreyfingar og þetta undirstrikar ekki síst gríðarlegan andlegan styrk sem hún býr yfir. Hún spáir í raun mikið í hina andlegu hlið íþróttar sinnar og leggur mikla áherslu á að vera andlega reiðubúin fyrir keppnir og stundar til þess hugleiðslu. En þrátt fyrir að Ragna sé fagmaður fram í fingurgómana í íþrótt sinni og eyði miklum tíma í hana þá hefur hún alltaf tíma fyrir vini sína og vandamenn.

Rögnu er lýst sem hinni fullkomnu vinkonu. Hún er ótrúlega góð við annað fólk og það hefur aldrei stigið henni til höfuðs að vera orðin svona stór íþróttastjarna. Hún er hress og skemmtileg í hópi og vinkonur hennar tala líka um það að það sé alltaf hægt að stóla á hana og treysta henni fyrir öllu. Hún er jarðbundin og hógværðin uppmáluð en þrátt fyrir hógværðina þá lætur Ragna engan labba yfir sig. Það er mikið í gangi hjá Rögnu og hún þarf því að passa upp á tímann. Hún er meðal annars með dagbók þar sem hún skrifar niður það sem hún þarf að gera á hverjum degi og þeir sem hafa fengið að skoða hana segja að það sér hreint ótrúlegt hvað stelpan nær að komast yfir á hverjum degi. Hún hefur vanið sig á að skrifa það niður sem hún þarf að gera bæði til þess að nýta tímann sem best en einnig til þess að passa upp á að hún komist yfir allt saman.

### RAGNA INGÓLFSDÓTTIR




### ÆVIÁGRIP

Ragna Björg Ingólfsdóttir er fædd 22. febrúar 1983 og verður því 25 ára í þessum mánuði. Hún er alin upp í næsta nágrenni Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur í Gnoðarvogi 1 sem hefur verið nánast annað heimili hennar.

Faðir hennar er Ingólfur Ragnar Ingólfsson húsasmiður en móðir hennar er Guðbjörg Kristinsdóttir gjaldkeri. Ragna á einn bróður, Ingólf Ragnar Ingólfsson kírópraktor, sem er þremur árum eldri en hún. Ragna er í sambandi með Viðari Guðjónssyni, knattspyrnumanni og blaðamanni á DV.

Ragna hóf nám við Langholtsskóla einu ári á undan þar sem allar vinkonur hennar voru árinu eldri og hefur því alla tíð verið ári á undan í skóla. Hún kláraði málabraut við Menntaskólann við Sund og stundar nú nám í heimspeki og sálfræði við Háskóla Íslands þar sem hún á ekki mikið eftir. Hún hefur lagt ofurkapp á æfingar og keppni og á því aðeins eftir þau fög sem er skyldumæting í og einnig lokaritgerðina.

Ragna er tólffaldur Íslandsmeistari í badminton, þar af hefur hún unnið fimm Íslandsmeistaratitla í röð í einliðaleik og vann þrefaldan sigur á Íslandsmeistaramótinu í fyrra. Hún er sjötta konan í sögu badmintoníþróttarinnar á Íslandi sem nær þeim árangri.

Þegar Ísland vann Evrópukeppni B-þjóða sem haldin var í Laugardalshöll í janúar 2007 var Ragna einn af burðarásum liðsins en hún vann alla einliðaleiki sína á mótinu og alla tvíliðaleiki nema einn.

Ragna hefur auk þess unnið fjögur alþjóðleg mót á ferlinum, þar af Iceland Express International tvö ár í röð. Ragna sigraði einnig í tvíliðaleik kvenna ásamt Katrínu Atladóttur á síðasta Iceland Express International.

Ragna Ingólfsdóttir endaði í 3. sæti í kjörinu á Íþróttamanni ársins 2007 en aldrei áður hefur badmintonmaður orðið svo ofarlega í kjöri íþróttafréttamanna. Hún var nú síðast kjörin Íþróttamaður Reykjavíkur

Ragna hefur komist hæst í 37. sæti heimslistans og 14. sæti Evrópulistans. Hún náði því á síðasta ári og miðað við stöðu hennar á heimslistanum í dag er líklegt að hún nái að vinna sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Peking á þessu ári. Það kemur þó ekki endanlega í ljós fyrr en 1. maí 2008.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Ragna sleit krossbönd í hné þegar hún rann illa á gólfinu í leik gegn tékkneskri stúlku á opna hollenska meistaramótinu 13. apríl í fyrra. Þrátt fyrir að lenda í því mikla áfalli að slíta krossbönd um mitt ár tók Ragna þátt í átján alþjóðlegum mótum víðs vegar um heiminn á árinu 2007. Hún er nú komin út á sitt annað alþjóðlega mót á árinu 2008 og það alla leið til Írans.


Auglýsingasími

512 50 50




– Mest lesið

ISUZU D-MAX

ISUZU

# MJÖG VEL ÚTBÚINN Á MJÖG GÓÐU VERÐI

## KOMDU OG REYNSLUAKTU SJÁLFSKIPTUM 3.0 LÍTRA DÍSIL ISUZU D-MAX

Nýr Isuzu D-Max er einn hagstæðasti og best útbúni farkostur sem völ er á. Ný aflmikil 3.0 lítra dísilvél með 3000 kg dráttargetu, aksturstölva, ABS-hemlakerfi, þokuljós, hraðastillir, útvarp og geislaspilari með 6 hátölurum, loftkæling og margt fleira.

**ISUZU D-MAX**

**2.890.000 kr.** sjálfskiptur

**2.790.000 kr.** beinskiptur




| GERÐU SAMANBURÐ | Isuzu D-Max | Hilux |
|---|---|---|
| Vélarstærð | 3.0 l | 3.0 l |
| Hámarkstog (Nm/snm) | 360/1800-3600 | 343/1400-3400 |
| Verð með sjálfskiptingu | 2.890.000 kr. | 3.455.000 kr. |

ENNEMM / SÍA / NM31614



## Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

IH
INGVAR HELGASON

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

# Útsölum

## bækur, CD, DVD og




Gildir til 8. febrúar eða á meðan birgðir endast.

# arkaður

## tölvuleikir

Fáanlegt í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.




2.490kr
Bókatíðindaverð 4.990,-




1.990kr
Bókatíðindaverð 4.680,-




1.290kr
Bókatíðindaverð 2.690,-




1.990kr
Bókatíðindaverð 2.490,-




1.990kr
Bókatíðindaverð 4.790,-




9.990kr
Bókatíðindaverð 14.990,-




490kr
Bókatíðindaverð 2.990,-



2.480kr
Bókatíðindaverð 4.480,-




990kr
Bókatíðindaverð 4.480,-



5.990kr
Bókatíðindaverð 12.990,-




1.490kr
Bókatíðindaverð 2.980,-




2.490kr
Bókatíðindaverð 4.490,-




1.490kr
Bókatíðindaverð 2.980,-

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



# „Dóntsúmíplísjeræt“

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er fjallað spillinguna á fjósbitanum, pöntunarlager framkvæmdavaldsins, tilgerðarlegar bloggmállýskur, andlegt mótlæti, Gunnar á Hlíðarenda og Moggalesbók á listasafni.

## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 25. JANÚAR.**

### Á fjósbitanum

Sigurður Líndal lagaprófessor húðstrýkir Sjálfstæðisflokkinn og vesalings Árna Mathiessen í magnaðri grein í Fréttablaðinu í dag. Það er betra seint en aldrei þegar innanbúðarmenn koma auga á sílspikaða spillinguna á fjósbitanum í flokknum sínum.

Mér er nokk sama þótt Sjálfstæðisflokkurinn fyrirgeri ærunni. Það er meira áhyggjuefni að Alþingi Íslendinga hefur verið að glata virðingu sinni undir forsæti Sólveigar Pétursdóttur, Halldórs Blöndals og Sturlu Böðvarssonar.

Löggjafarvaldið er orðið að pöntunarlager fyrir framkvæmdavaldið sem er líka farið að seilast gróflega inn á yfirráðasvæði dómsvaldsins.

Ég gladdist þegar ég hélt að valdbeitingarferli Davíðs Oddssonar lauk loksins og fagnaði því að Geir Haarde, sem ég hélt að væri vænn og heiðarlegur maður, tók við hinu háa embætti forsætisráðherra.

Ég kæri mig ekki um einræði hérna, ekki heldur ráðherraræði, heldur vil ég lýðræði og þingræði eins og stjórnarskráin okkar gerir ráð fyrir og sjálfstæða og óháða dómstóla.

Úr því að forsætisráðherra hefur ekki manndóm í sér til að láta ráðherra fara sem ofbýður þjóðinni með misbeitingu á valdi sínu – úr því að samráðherrar hans hugsa meira um eigin metorð og pólitískar brellur í framtíðinni en leikreglur lýðræðisins á líðandi stund – úr því að Samfylking stendur núorðið fyrir Samtrygging – þá skal ég sjálfur bera fram kröfuna um að Árni Mathiesen eigi að víkja úr ríkisstjórn Íslands. Þessi embættisfærsla hans gleymist ekki. Látum hann róa.



Þótt ég sé orðinn soldið gleyminn er engin hætta á því að ég gleymi þessu svínaríi og á það skal ég minna reglulega, þar til lögum og reglum í þjóðfélaginu og fólkinu í landinu hefur verið sýnd sú lágmarksvirðing að láta ráðherra víkja úr embætti fyrir að gera minna gagn en ógagn.

Ég er ekki að tala um að hann þurfi að biðjast fyrirgefningar, greiða sekt eða fara í fangelsi eða segjast iðrast. Ég vil bara losna við hann úr minni þjónustu. Sem allra fyrst. Takk fyrir.

**LAUGARDAGUR, 26. JANÚAR.**

### Heilsufæði á 300 krónur

Fann nýjan grænmetisstað. Tvíréttaður hádegisverður kostar 90 tékkneskar krónur – það er þrjú hundruð kall. Þessi staður er í 300 m göngufæri frá mér, lítill og hippalegur staður í Borzov-stræti sem nýtur þeirrar sérstöðu að vera stysta gatan í Prag. Maturinn þarna er ljómandi góður og sá metnaður ríkir í eldhúsinu að framreiða grænmetisrétti sem eru jafn bragðgóðir og fallegir og máltíðir úr öðrum efnum. Það er alltaf smekkfullt inni á þessum stað. Heillar aldar áróður fyrir hollustu grænmetis er farinn að skila sér.

Hádegismatinn byrja hipparnir um hálftólf og þá fer matargestina að drífa að. Sumir síðhærðir í mussum og bera bakpoka. En hollustan höfðar greinilega ekki eingöngu til velviljaðra skuggabaldra með rastafléttur, því þarna úir og grúir líka af karlmönnum í jakkafötum og kvenfólki í buxnadrögtum. Og svo er þarna ein og ein amerísk ekkja með fjólublátt hár.

Staðurinn heitir LEHKÁ HLAVA (SKÝR KOLLUR) og stendur skammt frá Karlsbrúnni yfir Moldá.

**SUNNUDAGUR, 27. JANÚAR.**

### Tilgerð í bloggmállýskum



Stundum þegar ég hef lítið fyrir stafni kíki ég inn á bloggsíður á mbl.is og visir.is. Þar kennir ýmissa grasa.

Margar góðar og jákvæðar hugmyndir eru þarna á kreiki í bland við fremur leiðinlegt röfl um sjálfsagða hluti.

Öfugt við það sem tíðkast á venjulegu ritmáli virðast margir keppast við að skrifa götumál eða herma eftir málfari unglinga. Væntanlega sér til uppyngingar blogga sumir á prentsmiðjuensku sem er fremur hallærislegt eða tilgerðarlegt tungumál. Á svipstundu rekst maður þarna á orðskrípi eins „Djísúskræst“, „Dóntsúmíplísjeræt“, „Úje“, „Kræmíariver“, „Lofjúgæs“, „Bætmítoðtebónækenteikit“ og „Smjúts á alla“.

Og útlensku er slett af því meiri áfergju sem ritarinn skilur minna í merkingu orðanna sem hann slettir.

Dæmi: „Ef ég hefði „cloud“ til að breyta...“

Þarna er höfundur að reyna að rifja upp ameríska orðið „clout“ sem þýðir vald eða áhrif en lendir úti á túni og notar valdalaust „ský“ (cloud) í staðinn.

Sjálfur hef ég engin efni á því að þykjast vera ofstækismaður um málhreinsun en það mundi skerpa bæði hugsun og tjáningu margra efnilegra bloggara ef þeir temdu sér að sýna tungumálinu okkar lágmarksvirðingu.

**ÞRIÐJUDAGUR, 29. JANÚAR.**

### Fordómar að ofan



Fordómar í garð þeirra sem þjást af geðrænum sjúkdómum lifa góðu lífi enn þann dag í dag. Því miður.

Samt eru geðsjúkdómar hvorki verri né betri en aðrir sjúkdómar sem valda fólki þjáningum og gera óvinnufært um lengri eða skemmri tíma. Sjálfur hef ég strítt við þunglyndi áratugum saman svo að ég hef fylgst vel með því hvernig umræðan hefur þróast.

Þessi umræða tók stórt skref aftur á bak núna um helgina þegar borgarstjórinn í Reykjavík tjáði sig um að hann hefði orðið fyrir „andlegu mótlæti“.

„Andlegt mótlæti“ er afar óljóst hugtak sem mér vitanlega er hvergi að finna í sjúkdómaregistri læknisfræðinnar og þaðan af síður hægt að fá læknisvottorð og frí í vinnunni út af andlegu mótlæti – nema það hafi valdið manni einhverjum viðurkenndum sjúkdómi sem gerir mann óvinnufæran um lengri eða skemmri tíma.

Hitt er annað mál að andlegt mótlæti getur valdið geðröskunum eða geðsjúkdómum eins og þunglyndi.

Þunglyndi er slæmur sjúkdómur en hann skánar aldeilis ekki við að fólk hætti að þora að nefna hann sínu rétta nafni.

**MIÐVIKUDAGUR, 30. JANÚAR.**

### Við skrifborðið

Það kann að virðast mikil bíræfni að skrifa bók um sjálfan sig. Vissulega leita efasemdir á hugann.

Að skrifa án þess að fela sig á bak við tilbúnar persónur er soldið eins og að stunda vísindarannsóknir á sínum eigin líkama í stað þess að nota hvítar mýs eða einhver önnur tilraunadýr.

Ég er mitt eigið tilraunadýr. Mýsnar þurfa alla vega ekki að óttast að ég meiði þær.





**FIMMTUDAGUR, 31. JANÚAR.**

### Lesbók á listasafni

Þórir vinur minn er svo hugulsamur að hann er hræddur um að ég verði fyrir „andlegu mótlæti“ ef ég sit of lengi við tölvuna mína.

Í dag kom hann og dreif mig með sér á Tékkneska listasafnið. Þar er að finna marga góða gripi.

Þarna var til dæmis mjög tilkomumikil höggmynd sem mér sýndist vera af Gunnari á Hlíðarenda með spenntan boga en engan bogastreng.

Mest kom mér þó á óvart að sjá þarna uppi á vegg síðu úr gamalli Moggalesbók sem Dieter Roth hefur einhvern tímann rifið út úr blaðinu og skellt í ódýran ramma.

Svona er listin löng og lífið stutt.




# KALDIR DAGAR



SILVER NANO er gott dæmi um hina byltingakenndu Nano-tækni. Silfrið í nano-stærð hefur þann eiginleika að eyða bakteríum. Ransóknir hafa staðfest að SILVER NANO dauðhreinsar hátt í 700 tegundir baktería. Þessi staðreynd er fyrst og fremst bylting í öryggi og heilsuvernd neytenda – en ekki síður gleðiefni, því líftími matvæla í SILVER NANO kæliskápum er margfalt lengri en í öðrum skápum. Nýting hráefnisins er mun betri og býður upp á umtalsverðan sparnað.
Síðast en ekki síst heyrir vond lykt úr kæliskápum sögunni til – þökk sé SILVER NANO.

*NÝ TÆKNI*
**SILVER NANO**
drepur bakteríur

SAMSUNG



AEG

# 15-20% AFSLÁTTUR

## AF KÆLI- OG FRYSTISKÁPUM

31. JANÚAR – 9. FEBRÚAR

OPNAR DYR AÐ AEG GÆÐUM

# ORMSSON

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 · ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 · ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 · ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 · ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 · ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 · ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 · ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 477 1900 · ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 474 1477 · ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

**SID VICIOUS, BASSALEIKARI SEX PISTOLS, LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1979**

*„Ég er í raun hvorki siðlaus né illgjarn. Ég lít á mig sem góðhjartaðan og elska mömmu. Hef á tilfinningunni að ég deyi ungur, en veit ekki af hverju. Ég bara finn það á mér.“*

***Enski pönkarinn Sid Vicious var ímynd ræflarokksins og hrækti á áhorfendur. Hann lést af ofneyslu heróíns, 21 árs gamall.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 2. FEBRÚAR 1988

## *Íslendingur fær nýtt hjarta*

Það var þennan dag fyrir tuttugu árum að Halldór Halldórsson, 25 ára Kópavogsbúi, varð fyrstur Íslendinga til að fá nýtt hjarta og lungu með skurðaðgerð.

Halldór hafði fæðst með alvarlegan hjartagalla og átti ekki langa ævi fyrir höndum fengi hann ekki ný líffæri. Hin flókna aðgerð fór fram á Old Court-sjúkrahúsinu í Lundúnum undir stjórn fremsta hjartaskurðlæknis Breta, doktors Magdi Yacoub. Aðgerðin heppnaðist í alla staði eins og best varð á kosið.

Það var afríski læknirinn Christian Barnard sem fyrstur manna skipti um hjarta í manni árið 1967 en eftir það færðust aðgerðir sem þessar mjög í aukana. Þegar Halldór gekkst undir sína aðgerð þóttu hún enn áhættusamari því þrátt fyrir aukna tækni og betri lyfjagjöf var hætta á að líkaminn hafnaði hinum aðfengnu líffærum.

En þótt það tæki Halldór nokkurn tíma að jafna sig að fullu fór svo að hann gat lifað eðlilegu lífi með nýja hjartað og lungun, en margir Íslendingar muna enn vel eftir baráttu Halldórs sem vakti mikla aðdáun landsmanna fyrir æðruleysi og hugrekki.



**HALLDÓR HALLDÓRSSON HJARTA- OG LUNGNAÞEGI.**

### MERKISATBURÐIR

**1653** Nýja-Amsterdam er útnefnd borg og fær síðar nafnið New York.
**1852** Fyrsta breska almenningssalerni karla opnað í Lundúnum.
**1883** Snjóflóð fellur á bæinn Stekk við Borgarfjörð eystri. Sex manns fórust.
**1932** Al Capone fangelsaður.
**1935** Lygamælir fyrst notaður í réttarhöldum.
**1940** Frank Sinatra syngur opinberlega í fyrsta sinn.
**1943** Þýskar hersveitir gefast upp í Stalingrad.
**1982** David Letterman byrjar með spjallþáttinn á NBC.
**1983** Alþingi samþykkir að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins.
**1990** Þjóðarsáttin undirrituð.

### AFMÆLI



**SIGURBJÖRN BÁRÐARSON** tamningameistari er 56 ára.



**JÓN AXEL BJÖRNSSON** myndlistarmaður er 52 ára.



**KJARTAN GUÐJÓNSSON** leikari er 43 ára.

## *Playstation komin í símsamband*

Sony Computer Entertainment Europe gaf nýlega út nýja hugbúnaðaruppfærslu fyrir Playstation Portable, eða PSP-vélina, sem er lítil Playstation-leikjatölva.

Ný uppfærsla fyrir PSP-tölvuna sem er útgáfa 3.90 Play station portable styður nú við Skype™ samskiptaforritið. Uppfærsla 3.90 gerir PSP Slim & Lite kleift að taka á móti og hringja símtöl sem opnar fyrir nýja notkunarmöguleika tölvunnar. Skype™ er tölvubúnaður sem gerir það mögulegt að hringja í aðra Skype™ notendur frítt yfir netið og einnig er hægt að hringja í aðra síma gegn vægri greiðslu. Einnig er hægt að senda og taka á móti talskilaboðum frá yfir 200 milljónum Skype™ notenda víðs vegar um heiminn. PSP getur því sparað símkostnað sérstaklega á ferðalagi um heiminn. Til þess að nota Skype™ á PSP þarf að uppfæra hugbúnaðinn í útgáfu 3.90, skrá sig og spjalla með því að nota heyrnartól og fjarstýringu.



**SÍMI Í LEIKJATÖLVUNNI** Playstation getur nú þjónað hlutverki símtækis auk þess að vera leikfang.




*Faðir okkar og tengdafaðir,*

**Haukur Hafstað**

lést á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki þriðjudaginn 29. janúar.

| | |
|---|---|
| Þórólfur H. Hafstað | Þuríður Jóhannsdóttir |
| Ingibjörg H. Hafstað | Sigurður Sigfússon |
| Ásdís H. Hafstað | Sveinn Klausen |
| Steinunn H. Hafstað | Eiríkur Brynjólfsson |



*Hjartans þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður minnar, tengdamömmu og ömmu,*

**Sigurbjargar Guðmundsdóttur**

frá Útibæ í Flatey á Skjálfanda.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar fyrir ástríka umönnun og hjartahlýju.

| | |
|---|---|
| Hjördís Ásberg | Hjörleifur Jakobsson |
| Guðmundur Gauti Sveinsson | Elísa Björg Sveinsdóttir |


**HJÁLMAR HJÁLMARSSON:** AFMÆLISÞÆTTIR Í TILEFNI 25 ÁRA AFMÆLIS RÁSAR 2

# Bermúdaskál í beinni

Á morgun hefst ný og spennandi þáttaröð á Rás 2 í tilefni 25 ára afmælis útvarpsstöðvarinnar 1. desember næstkomandi.

„Ég ætla að telja niður vikurnar næstu sunnudaga og bjóða „eldri röddum“ Rásar 2 í molasopa til að rifja upp skemmtilegar sögur af rásinni og sjálfum sér, í bland við tónlist og valin dagskrárbrot frá undanförnum aldarfjórðungi,“ segir Hjálmar Hjálmarsson, leikari og umsjónarmaður þáttanna Fyrst og fremst, sem hljóma munu á öldum ljósvakans alla sunnudaga klukkan þrjú.

„Mikið af áhugaverðu fólki hefur komið við sögu Rásar 2 sem nú er flest orðið þjóðþekktir einstaklingar. Sumir hafa síðan farið út í pólitík, eins og Kolbrún Halldórsdóttir og Stefán Jón Hafstein, og aðrir fært út kvíarnar innan fjölmiðlaheimsins, eins og Arnþrúður Karlsdóttir, Gulli Helga, Jón Axel, Þorgeir Ástvaldsson og Jón Ólafsson, svo fátt af því úrvalsfólki sé upp talið,“ segir Hjálmar um þá heimilisvini þjóðarinnar sem byrjuðu fjölmiðlaferilinn á Rás 2 fyrir aldarfjórðungi síðan.

Sjálfur hefur Hjálmar verið viðloðandi útvarpsmennsku á Rás 2 síðan 1990. „Ég hef verið í dægurmálaútvarpi síðdegis, morgunútvarpi, með Ekki-fréttir og staka þætti einn míns liðs og með öðrum, en þættirnir skipta þúsundum án þess að ég hafi talið það saman. Það verður svo sem ekkert nýtt í þessum þætti. Þetta verður skemmtilegur spjallþáttur og sá fyrsti sem ríður á vaðið verður Þorgeir Ástvaldsson, fyrsti útvarpsstjóri rásarinnar. Þorgeir er maðurinn sem stofnaði og vann að undirbúningi Rásar 2, lagði línurnar, fór til útlanda að hlusta á aðrar útvarpsstöðvar og réði fólk eftir prufur. Þorgeir var brautryðjandinn holdi klæddur og á heiðurinn að öllu því hæfileikafólki sem hvert mannsbarn þekkir nú úr útvarpi,“ segir Hjálmar sem sjálfur á sína eftirlætisútvarpsmenn frá fyrstu árum Rásar 2.

„Stefán Jón Hafstein þótti mér skeleggur útvarpsmaður sem tók á málunum í Þjóðarsálinni síðdegis, en Sigurður G. Tómasson og Þorsteinn Joð fengu mig einnig til að leggja við hlustir. Ég er ekki frá því að Rás 2 hafi verið sterkari í pólitískri umræðu í kringum 1990 þegar Stefán Jón var með dægurmálaútvarpið, en þá gerðust merkilegir hlutir í beinni útsendingu eins og ræða Davíðs Oddssonar þar sem hann skálaði Bermúdaskál,“ segir Hjálmar sem öfugt við marga man ekki hvar hann var þegar fyrsta útsending Rásar 2 fór í loftið og vinna lagðist niður á íslenskum vinnustöðum svo enginn missti af þeim merka atburði.

„Ég var á fyrsta ári mínu í Leiklistarskólanum og hef örugglega verið í leikfimi úr því ekki gafst kostur á hlustun, en ég tók örugglega upp þráðinn um kvöldið. Frá upphafi hef ég verið dyggur hlustandi Rásar 2 og minnist að setningar sem Andrés Björnsson sagði við Þorgeir Ástvaldsson við þessi tímamót; að Rás 2 ætti að vera „undirspil í amstri dagsins“. Það reyndist rétt hjá Andrési því enn léttir Rás 2 þjóðinni lífið við leik og störf,“ segir Hjálmar og útskýrir andrúmsloftið þegar Rás 2 var hrundið af stokkunum á fullveldisdaginn 1983.

„Það var eins og kúnum væri hleypt út að vori; slík var gleðin, krafturinn og viljinn. Þarna þurfti að losa um stíflu formfestu Ríkisútvarpsins sem á endanum brast. Mesta syndin er að margt hefur týnst frá þessum árum, sem ekki hefur verið skilgreint sem menningarverðmæti til lengri tíma þá, eins og upphaf Tvíhöfða með Jóni Gnarr og Sigurjóni Kjartanssyni. Tónlistarþættir í beinni útsendingu voru ekki teknir upp í þá daga, en í slíkum þáttum verða ómetanlegar uppákomur og merkilegur gestagangur; augnablik þar sem maður hefði viljað hafa segulbandið í gangi,“ segir Hjálmar sem lofar mikilli nostalgíu og skemmtilegheitum á afmælisári Rásar 2.

thordis@frettabladid.is




**Í AFMÆLISSKAPI** Hjálmar Hjálmarsson leikari er einn ástsælasti dagskrárgerðarmaður Rásar 2 og sló í gegn með Ekki-fréttum á sínum tíma. Í tilefni 25 ára afmælis Rásar 2 á árinu verður hann með dásamlega sunnudagsþætti með gestum úr sögu rásarinnar sem rifja upp gamla tíð og nýja.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Leiklist í rúma öld á Akureyri

Amtbókasafnið á Akureyri býður upp á sýningu um leiklist á Akureyri laugardag 2. febrúar í forsal og kaffiteríu safnsins. Tilefni sýningarinnar er aldarafmæli Samkomuhússins í fyrra og níræðisafmæli Leikfélagsins á sama ári.

Á sýningunni er gefið yfirlit í máli og myndum yfir leikstarfsemi á Akureyri frá því þar var fyrst leikið árið 1860 til dagsins í dag. Sagt er frá fyrstu tilraunum áhugamanna, þegar leikið var nánast jöfnum höndum á dönsku og íslensku. Auk þess hvernig íslenskan vann á jafnt og þétt með leikritum skálda eins og Matthíasar Jochumssonar, Páls J. Árdals, Ara Jónssonar, Tómasar Jónssonar og fleiri.

Með tilkomu Samkomuhússins árið 1907 batnaði öll aðstaða til leiksýninga til mikilla muna og smám saman komst aukin festa á leikstarfið, einkum eftir stofnun Leikfélags Akureyrar árið 1917, en það hefur starfað óslitið síðan. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá forsvarsmönnum sýningarinnar. Til sýnis er mikið myndefni frá sýningum félagsins, auk þess sem sagt er frá helstu burðarásum leikstarfsins. Þá eru nokkur sýnishorn af leikmunum og búningum frá Leikfélagi Akureyrar og á myndskjá verða sýnd brot úr gömlum upptökum frá sýningum félagsins. Leikminjasafn Íslands stendur fyrir sýningunni. Textahöfundar eru Sveinn Einarsson, Jón Viðar Jónsson og Ólafur Engilbertsson, en hönnun sýningarinnar er í höndum Ólafs Engilbertssonar, Björns G. Björnssonar og Jóns Þórissonar. Sérstakur ráðgjafi vegna sýningarinnar er Haraldur Sigurðsson. Sýningin stendur til 10. mars og er opin á sama tíma og Amtsbókasafnið.



**LEIKLIST Í RÚMA ÖLD** Akureyri hefur verið þekkt fyrir blómstrandi leiklistarlíf en samkomuhúsið fagnaði í fyrra aldar starfi.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Ekki gleyma jólunum




100 MYNDIR 2500 kr.

**Frábært tilboð á stafrænni framköllun í febrúar.**

Ljósmyndir njóta sín illa í geymslu, sérstaklega ef það er bara hægt að skoða þær á tölvuskjá. Komdu með myndirnar þínar og við sjáum um að færa þær yfir á vandaðan ljósmyndapappír.

**www.hanspetersen.is**

» Laugavegur 178
105 Reykjavík
Sími 412 1840

» Bankastræti 4
101 Reykjavík
Sími 412 1810

» Kringlan
103 Reykjavík
Sími 412 1830

» Smáralind
201 Kópavogur
Sími 412 1870

» Fjörður
220 Hafnarfjörður
Sími 412 1820

**HANS PETERSEN**

*Engu gleymt í 100 ár*

# Feluleikurinn meiri í dag

**Sigurður Þór Guðjónsson** skrifaði bók um eigin dvöl á geðdeild fyrir um 34 árum. Hann segir fordómana jafnvel meiri í dag en þeir voru þá og ekki síst séu sjúklingarnir sjálfir með fordóma gegn eigin sjúkdómum. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** hitti Sigurð sem segist seint munu losna undan titlinum Siggi Truntusól.

Bók Sigurðar varð mjög fræg þegar hún kom út og er nær hvergi fáanleg í dag. Sigurður sjálfur lumar á einu snjáðu eintaki og lánar blaðamanni. Bókin Truntusól kom út árið 1973, tveimur árum eftir að hann hafði lagst inn á geðdeild Borgarspítalans. Frásögn Sigurðar þótti mjög hreinskilin og afdráttarlaus og gagnrýnendum í þá daga fannst Sigurður jafnvel minna á Þórberg og vakti ritið mikla athygli. Þegar bókin kom út sló Sigurður þann varnagla að hún væri skáldsaga. Það var fyrst fyrir ári síðan sem Sigurður sagði frá því að sagan væri aðeins annað og meira en það og segði frá raunverulegum tíma í lífi sínu. Og hann viðurkennir að sjálfur þurfi hann líka að berjast gegn eigin fordómum fyrir kafla í lífi sínu sem snerist um það að vera haldinn geðsjúkdómi – fordómum sem hann segist vita að margir séu með. Og umræðan undanfarnar vikur hafi opnað ofan í þann pytt.

### Veiktist fyrst í landsprófinu

Sigurður er glaðlegur maður og það er næstum erfitt að trúa því að hann hafi lengi átt við þunglyndi að stríða. „Jú, ég er mjög léttur, með létt geð og kunningi minn segir að ég sé með kátustu mönnum sem hann þekki. En ég hef líka þunga hlið og er því hvort tveggja. Og er ofboðslega viðkvæmur og tek kannski inn á mig hluti sem aðrir taka ekki inn á sig og þarf að passa mig á hnjóskum mannlífsins. En veistu það, að fyrir 34 árum hefði næstum verið auðveldara fyrir mig að tala um þessa hluti en það er nú, tíðarandinn er allt annar í dag. Víðsýnin var ef til vill meiri hér þegar ég veiktist, enda töldu ýmsir þá að það væri þjóðfélagið sem væri fyrst og fremst sjúkt." Og saga Sigurðar hefst ... „Í Vestmannaeyjum. Ég ólst þar upp fyrstu fjögur árin og flutti þá til Reykjavíkur og tel mig Reykvíking. Ég er mjög náinn borginni og hef þrammað um öll hverfi hennar. Hvernig barn var ég? Já, ég var kannski ekki alveg venjulegt barn, með þó nokkuð af kækjum til dæmis, en veikindi mín dúkkuðu samt ekki upp fyrr en í landsprófinu, þegar ég var fimmtán ára gamall. Þá veiktist ég þannig að ég fékk hreinlega líkamleg einkenni. Óran hjartslátt og átti erfitt með öndun. Ég var sendur í rannsókn og í ljós kom að það sem á mér dundi var ofsakvíðakast. Þetta hafði sínar afleiðingar, ég fór til dæmis aldrei í skóla aftur."

### Ákvað að skrifa

Sigurður jafnaði sig af kvíðakastinu en öðru hverju næstu árin, eða allt fram til 1980, varð hann veikur og lagðist meðal annars inn á geðdeild Borgarspítalans árið 1970. „Það skipti talsverðu máli á þessum tíma fyrir sjúklinga að þetta var partur af Borgarspítalanum en ekki Kleppur. Ég hefði ekki farið hefði þetta kallast Kleppur. Ári síðar var ég staddur heima hjá mér og hugsaði með mér: Skrifaðu um þetta. Og það gerði ég. Ég var mikill bókmenntaáhugamaður og vissi þó nokkuð um það hvernig ætti að skrifa bækur en ég var ekki nema 23 ára gamall þegar ég byrjaði að skrifa. Ég væri ekki heiðarlegur ef ég segði samt að þetta hefði verið auðvelt, þetta var nefnilega mikið átak."

Í ritdómum um bókina var sér í lagi tekið til mannlýsinga og minnst á hve vel sjúklingum væri lýst – það er að segja sem eðlilegu fólki en ekki kúkú og gaga. Bókin kom út á afmælisdegi Sigurðar árið 1973 en næstu árin voru ekki baráttulaus. „Ég drakk mikið áfengi á þessum árum og þótt ég hafi ekki verið í þeirri óreglu sem nú viðgengst og notaði ekki annað en áfengi sem betur fer, hafði það sín áhrif. Ég hætti að drekka árið 1980 og það er lykilatriði í allri geðheilsu að koma ekki nálægt vímugjöfum. Þegar árin fóru að líða fór þetta að hverfa og það gæti verið aldurstengt. En ég var líka í tólf ára stífri sálfræðimeðferð eftir að ég hætti að drekka. Sú meðferð var erfið og krefjandi en þegar lífsgleðinni er ógnað og maður nýtur sín ekki vill maður allt til vinna. Maður naut sín aldrei."



**VIÐKVÆMARI FYRIR UMRÆÐUNNI Í DAG** „Ég verð nú bara að segja að mér finnst ég eiginlega viðkvæmari fyrir þessu núna en ég var fyrir 30 árum. Og ég sjálfur, eins og aðrir, þarf að passa mig að fara ekki inn í einhverja skel og vera ekki að verja þennan kafla og fela mig," segir Sigurður Þór Guðjónsson um umræðu um eigið þunglyndi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

### Fáir sem vissu um innra ástand mitt

Geðsjúkdómar geta verið miserfiðir og kippt fólki út úr lífinu en það sem Sigurður kljáðist við var ekki af því tagi. „Þetta var allt saman innra með mér en ég lenti aldrei í árekstrum við ytra umhverfið og þeir voru svo sem ekki margir sem vissu hvernig mér leið. Það er sérstaklega þannig með þunglyndið, maður dregur sig kannski í hlé en það er engan sem grunar neitt. Þetta markerar mann helst þannig að manni getur þótt of mikil mannblendni óþægileg." Enda hefur Sigurðar aðallega fengist við skriftir af ýmsu tagi. Þótt ekki hafi fleiri bækur litið dagsins ljós hefur hann skrifað mikið fyrir blöðin og lengst af skrifaði hann fyrir Þjóðviljann og var tónlistargagnrýnandi, eingöngu í klassískri tónlist. Og skrifin eru líka þó nokkur á blogginu en hann er einn vinsælasti bloggari landsins. Þar skrifar hann mikið um veður og mál málanna hverju sinni. Síðustu vikur segist hann hafa fundið það á þjóðfélagsumræðunni – nokkuð sem hann hafði lengi grunað – að fordómar gegn geðsjúkdómum séu ekki litlir í dag.

> ❞ Það sem hefur háð umræðunni er hvernig forðast hefur verið að nefna hlutina réttum nöfnum og þar erum við að tala um fínni og næstum óáþreifanlega fordóma. Tjaldinu var svipt þarna frá í síðustu viku og þeir blöstu við okkur. Allt sem heitir „geð"–eitthvað er á bannlista.

### Allt tal um „geð" er bannað

„Ég verð nú bara að segja að mér finnst ég eiginlega viðkvæmari fyrir þessu núna en ég var fyrir 30 árum. Og ég sjálfur, eins og aðrir, þarf að passa mig að fara ekki inn í einhverja skel og vera ekki að verja þennan kafla og fela mig. Umræðan undanfarið hefur mér hins vegar þótt hreint súrrealísk þegar borgarstjórinn okkar er gerður að einhverri hetju fyrir það að fara undan í flæmingi með sjúkdóm sinn. Ýmsir menn og konur hafa hingað til komið fram og rætt um geðsjúkdóma sína á hugrakkan hátt, svo sem Árni Tryggvason, Þórunn Stefánsdóttir sem gaf út bókina Konan í köflótta stólnum og fleiri. Auðvitað þurfa menn að vera með sterk bein til að koma fram og ræða svona mál og Ólafur borgarstjóri kallaði sín veikindi andlegt mótlæti. Það er hins vegar ekki réttnefni því enginn læknir skrifar upp á vottorð fyrir andlegu mótlæti. Það sem hefur háð umræðunni er hvernig forðast hefur verið að nefna hlutina réttum nöfnum og þar erum við að tala um fínni og næstum óáþreifanlega fordóma. Tjaldinu var svipt þarna frá í síðustu viku og þeir blöstu við okkur. Allt sem heitir „geð"-eitthvað er á bannlista. Sem gerir umræðunni sannarlega ekki gott. Ég get alveg tekið undir það að Spaugstofan hafi verið á mörkunum og sumir hafi nýtt sér veikindi Ólafs á móti honum, en hann bauð einfaldlega upp á það sjálfur með því að koma ekki heiðarlega fram. Viðbrögðin voru kannski svona vegna þess og hefðu aldrei farið út á þessar brautir ef hann hefði einfaldlega sagt hvað amaði að honum. Veikindi borgarstjóra eru ekki hans einkamál ef sú staða getur komið upp að hann veikist og hann hafi ekki varamann til að fylla í skarðið. Af þessum ástæðum varð umræðan um veikindin til."

Sigurður segir að halarófan hafi svo elt í þessum undarlega feluleik. „Meira að segja Morgunblaðið gleymdi sér og fór út í leikinn og horfði framhjá þætti borgarstjórans í þessu öllu. Það sem er viðsjárverðara og erfiðara að eiga við eru þessir fínlegu fordómar heldur en þeir sem eru stórkarlalegir. Svo fínir og flottir að fólk á erfitt með að henda reiður á þeim." Sér Sigurður að lokum hvernig megi minnka fordóma? „Ég er nú ekki sá fyrsti til að vera spurður að því. Það er ekki hægt að vera viskubrunnur þegar kemur að þessari spurningu. Aðalatriðið er samt sem áður að vera meðvitaður um fordómana. Ég þarf að passa mig og allir aðrir. Og að fara ekki í feluleikinn."

## ➜ VIÐMÆLENDUR Í HNOTSKURN

Sigurður hefur lengi fengist við skriftir og skrifar þessa dagana á eina vinsælustu bloggsíðu landsins: www.nimbus.blog.is.
Úr bók Sigurðar, Truntusól, útgefin árið 1973:
Nýtt líf
Það var miðvikudagur 21. október 1970. Ég gekk hikandi skrefum með stóra ferðatösku í hendi inn um aðalinngang Miklaspítalans í Reykjavík. Ég skimaði í allar áttir. Á spjaldi á einum veggnum stóð skrifað stórum stöfum sem mér fannst æpa framan í mig: Geðdeild A-2. Þangað var ferð minni heitið. Ég vildi þó vera viss í minni sök og ávarpa mannsmynd nokkurra sem sat þarna í anddyrinu: Er þetta ekki geðdeildin? Jú, anzar maðurinn og bandar hendinni að stórri glerhurð þar sem spjaldið stendur. Ég opna hurðina varlega og gægist inn. Síðan hleypi ég í mig kjarki og smokraði mér inn fyrir. Ég var kominn í langan gang og hafði eitthvert hugboð um að í þeim gangi væru margar dyr. Þarna stóð ég eins og steintröll með þessa æglegu tösku í höndunum og góndi í allar áttir. Ég vissi ekkert hvað ég átti af mér að gera. En þá birtist ung stúlka í hvítum slopp. Hún sagði: Get ég eitthvað hjálpað þér? Ja, ég á að leggjast hér inn, stama ég vandræðalega. Þá bendir hún mér á stóran glerkassa fyrir miðjum ganginum og segir að þar sé hjúkrunarkvennavaktin. Þessi fyrsta manneskja sem ég hitti í þessu húsi var handavinnukennari stofnunarinnar. Hún hét Lilja. Á vaktinni tók á móti mér ung hjúkrunarkona, holdug og broshýr á svipinn. Hún segir mér að koma með sér inn í litla kompu við vaktstofuna sem merkt var deildarhjúkrunarkona. Ég hlammaði mér á stól sem þar var og beið þess er verða vildi með titringi og hjartslætti.
Fullt nafn? Spurði hjúkrunarkonan.
Sigurður Guðjónsson.

# Stórsýning

## í Smáralind “Vetrargarðinum” 2. -11. febrúar




**Hobby hjólhýsi,** mest seldu hjólhýsin í Evrópu




**Isabella fortjöld og fylgihlutir.** Flottustu fortjöldin á markaðinum

Sérstök kynning á fortjöldunum með fagmanni frá Isabella, aðeins í dag, laugardag

Opnunartími á sýningunni í Smáralind: Virka daga 11 – 19. Laugardaga 11 – 18. Sunnudaga 13 - 18

## Loksins – sem margir hafa beðið eftir

Sýning á **Hobby húsbílum** 2008, hefst 2 febrúar í Hobbyhúsinu, Dugguvogi 12




Ath. Hjólhýsi
og Isabella sýnd
í Vetrargarðinum
og Húsbílarnir
að Dugguvogi 12

Opnunartími í Hobbyhúsinu Dugguvogi 12. Virka daga 10 – 18. Laugardaga 12 – 17. Sunnudaga 13 - 17

**Hobbyhúsið ehf** * Umboðsaðili Hobby á Íslandi * S: 517 7040



## → AÐALMÁLIÐ AÐ VERA MAÐUR SJÁLFUR

### LOGI BERGMANN ER EFTIRLÆTISSJÓNVARPSMAÐUR ÞJÓÐARINNAR

Loga Bergmanni komu úrslitin mjög á óvart og sagði að þau glöddu hans litla hjarta. „Þegar ég byrjaði í sjónvarpi sagði maðurinn sem réð mig, Ingólfur Hannesson, að maður ætti bara að vera maður sjálfur. Í þeim þáttum sem ég er með núna finnst mér ég einmitt fá það tækifæri. Og svo er líka gaman að fá tækifæri til að gera eitthvað eftir manns eigin höfði,“ bætir Logi við.

Sjónvarpsmaðurinn hefur yljað áhorfendum með framkomu sinni í sautján ár og hóf feril sinn sem íþróttafréttamaður á RÚV. Logi kveðst reyndar sjálfur hafa reynt að éta spólurnar í Efstaleitinu með fyrstu skrefunum sínum í sjónvarpinu. „Enda var ég ömurlegur þá,“ segir Logi léttur og telur það hafa tekið sig hálft ár að ná almennilegum tökum á starfinu.

Oftar en ekki fylgir því mikil athygli að vera sjónvarpsstjarna og fólk virðist hafa endalausan áhuga á lífi þeirra utan skjásins. Logi viðurkennir að fyrir nokkrum árum hafi honum fundist athyglin fara yfir strikið. „En þetta fylgir bara starfinu og er eitthvað sem ég hef bara lært að venjast.“

# *Sjálfstæðismenn elska Loga Bergmann*

**Logi Bergmann Eiðsson** er vinsælasti sjónvarpsmaður landsins samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Þeir sem kjósa Framsóknarflokkinn eiga erfitt með að velja sinn eftirlætismann á skjánum á meðan kjósendur á vinstri vængnum elska stjórnendur umræðuþátta og Gísla Einarsson.

Sigur Loga var nokkuð afgerandi í skoðanakönnuninni. Fjórtán prósent svarenda nefndu Loga sem sinn mann. Næsti maður á lista er Sigmundur Ernir en tíu prósent nefndu nafn hans. Ragnhildur Steinunn fylgdi fast á hæla Sigmundi Erni. Könnunin var gerð miðvikudaginn 29. janúar og var hringt í 800 manns. Svarendur skiptust jafnt eftir kynjum hlutfallslega og var spurt: „Hver er eftirlætissjónvarpsmaður þinn?“ Í könnuninni voru svör jafnframt greind eftir landshlutum sem og stuðningi við stjórnmálaflokka.

### Edda vinsæl hjá Frjálslyndum

Þegar rýnt er í afstöðu fylgismanna stjórnmálaflokkanna kemur í ljós að Logi nýtur mikillar hylli hjá öllum stjórnmálaflokkum, minnst þó hjá samfylkingarfólki. Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins eru fyrirferðarmiklir í aðdáendahópi Loga en rúmur fimmtungur þeirra nefndi hann á nafn. Þetta ætti svo sem ekki að koma neinum á óvart enda á sjónvarpsmaðurinn marga mektarvini úr röðum flokksins og nægir þar að nefna Gísla Martein Baldursson og Sigurð Kára Kristjánsson. Þeir sem ætluðu að kjósa Frjálslynda flokkinn voru einnig hrifnir af Loga en sjónvarpsmaðurinn deilir efsta sætinu með fréttaþulunni viðkunnanlegu, Eddu Andrésdóttur. Logi er einnig vinsælasti sjónvarpsmaðurinn hjá fylgismönnum Framsóknarflokksins og Vinstri grænum.

Ragnhildur Steinunn á einnig breiðan stuðningshóp meðal stjórnmálaflokkanna en hún situr í þriðja sæti listans. Athygli vekur þó að enginn kjósandi Frjálslynda flokksins valdi hana en Ragnhildur nýtur mests fylgis meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins og á einnig gott bakland í bæði Framsóknarflokknum og Samfylkingunni. Vinstri grænir eru þó ekki alveg jafn hrifnir af henni og sjónvarpsmenn á borð við Gísla Einarsson og Egil Helgason skjóta henni ref fyrir rass hjá kjósendum flokksins.

### Framsókn fílar ekki Silfrið

Einna athyglisverðast er að rýna í fylgi sjónvarpsmannanna Egils Helgasonar og Sigmundar Ernis Rúnarssonar eftir stjórnmálaskoðunum en báðir stjórna þeir stjórnmálatengdum umræðuþáttum. Sigmundur var annar í heildarkjörinu en Egill hafnaði í því fjórða.

Í ljós kemur að Egill nýtur lítillar hylli hjá framsóknarmönnum og fær minnsta mögulega atkvæðafjölda hjá þeim. Er í sama flokki og Ellý Ármans og Elín Hirst hjá framsóknarmönnum, en þær komust ekki inn á topp tuttugu-listann. Gísli Einarsson og Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir njóta meira fylgis meðal framsóknarmanna en Egill. Og má kannski ætla miðað við þessar tölur að þeim þyki verulega á sig hallað í Silfrinu. Fullyrðingin fær byr undir báða vængi þegar staða Sigmundar Ernis er skoðuð hjá framsóknarmönnum en hann er einn vinsælasti sjónvarpsmaðurinn hjá þeim sem styðja Framsóknarflokkinn, kannski ekki að undra eftir metsölubókina um foringjann Guðna Ágústsson. Framsóknarmenn áttu reyndar í mestu erfiðleikunum með að segja hver væri eftirlætissjónvarpsmaðurinn þeirra en rúm fjörutíu prósent þeirra svöruðu ekki og frjálslyndir voru í svipuðum vanda.

Bæði Egill og Sigmundur njóta hins vegar mikilla vinsælda á vinstri vængnum, Egill er hvað vinsælastur hjá samfylkingarfólki líkt og Sigmundur þótt sá síðarnefndi sé réttnefndur sjónvarpsmaður Samfylkingarinnar. Báðir eiga þeir á vísan að róa hjá Vinstri grænum en þegar kemur að kjósendum Frjálsynda flokksins breikkar bilið á ný. Enginn sem ætlaði að kjósa Guðjón Arnar og félaga nefndi Egil á nafn en einn tíundi kjósenda Frjálslynda flokksins kaus Sigmund.

### Afhroð hjá Íslandi í dag

Sjónvarpsfólkið úr röðum Kastljóss og Íslands í dag hefur löngum átt góðu gengi að fagna í skoðanakönnunum á borð við þessa. En ef marka má skoðanakönnun Fréttablaðsins hefur Kastljóssfólkið tekið örugga forystu á keppinauta sína hvað vinsældir varðar.

Tveir meðlimir Kastljóssins eru á topp tíu-listanum, þau Ragnhildur Steinunn og Sigmar Guðmundsson, og dagskrárstjórinn sjálfur, Þórhallur Gunnarsson, var aðeins hársbreidd frá því að vera meðal þeirra efstu. Helgi Seljan er heldur ekki skammt undan og væntanlega mætti taka Evu Maríu Jónsdóttur með inn í þennan hóp enda stjórnar hún hálfgerðu sunnudagskastljósi.

Hins vegar njóta þær Þóra Tómasdóttir og Brynja Þorgeirsdóttir ekki mikillar hylli meðal aðdáenda Kastljóssins, Þóra rétt nær inn á listann með lágmarksfjölda atkvæða en Brynja virðist ekki hafa komið upp í hugann á svarendum þegar spurningin var borin upp.

Sjónvarpsdrottningin Inga Lind Karlsdóttir er sú eina sem kemst inn á topp 20-listann fyrir hönd Íslands í dag en Svanhildur Hólm stendur utan hans. Sölvi Tryggvason rétt nær lágmarksfjölda atkvæða en fjórði liðsmaðurinn, Oddur Ástráðsson, kemst ekki á blað.

Sjónvarpspörin eru einnig misjafnlega vinsæl. Logi Bergmann er þannig á toppnum en Svanhildur eiginkona hans nartar ekki einu sinni í hæla hans. Sigmar Guðmundsson er meðal tíu efstu en unnusta hans, Þóra Tómasdóttir, má þakka fyrir að vera á lista. Þá hefur Þóra Arnórsdóttir mikla yfirburði gagnvart manni sínum, fréttamanninum Svavari Halldórssyni, sem kemst ekki á lista.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## Tíu vinsælustu sjónvarpsmenn landsins

Nr. 1 Logi Bergmann Eiðsson (fréttaþulur, Logi í beinni og Meistarinn) Stöð 2

Nr. 2 Sigmundur Ernir Rúnarsson (fréttaþulur, Mannamál og Kompás) Stöð 2

Nr. 3 Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir (Kastljós og Laugardagslögin) RÚV



Nr. 4 Egill Helgason (Silfur Egils og Kiljan) RÚV



Nr. 5 Edda Andrésdóttir (fréttaþulur) Stöð 2



Nr. 6 Gísli Einarsson (fréttamaður, Út og suður, Laugardagslögin) RÚV



Nr. 7 Sigmar Guðmundsson (Kastljós, Útsvar og Gettu betur) RÚV



Nr. 8 Elín Hirst (fréttaþulur) RÚV

Nr. 9 Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir (fréttaþulur) RÚV



Nr. 10 Eva María Jónsdóttir (Sunnudagskvöld með Evu Maríu) RÚV



## → FORRÉTTINDI AÐ VERA Í ÞESSU STARFI



**SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON**

„Þetta er sannur heiður, þjóðin hefur talað,“ segir Sigmundur Ernir Rúnarsson, sem varð annar í könnun Fréttablaðsins. Sigmundur hefur verið lengi að, frá árinu 1987 hefur hann flutt Íslendingum fréttir af vettvangi dagsins og tekið á móti góðum gestum í myndveri.

Hann segir að það skemmtilegasta við starfið sé það tækifæri og þau forréttindi að fá að skrifa samtímasöguna jafnóðum og hún gerist og vera í návígi við þjóðarpúlsinn. Sigmundur bætir því reyndar við að kosningasjónvarpið og það að fá að þeysast um landið séu eiginlega hálfgerð heimsmeistara- og Evrópumót í hans huga.

Sigmundur telur þó að manneskjan hafi ekki veðrast af honum þrátt fyrir tæpan aldarfjórðung á skjánum og segist enn þykja það erfitt að flytja fréttir af mannlegum harmleikjum og ósigrum. „Maður hefur fengið að taka þátt í sigrum og ósigrum þjóðarinnar,“ segir Sigmundur sem telur að kúnstin við að haldast lengi í þessu starfi sé að vera maður sjálfur. „Um leið og maður byrjar að vera einhver annar þá getur maður bara farið að leita á önnur mið.“

## → LEYFA VIÐMÆLANDANUM AÐ BLÓMSTRA

**RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR**



„Auðvitað er ég bara ótrúlega glöð,“ segir Ragnhildur Steinunn þegar henni eru færðar þær fréttir að hún sé vinsælasta sjónvarpskona landsins en Ragnhildur varð þriðja í könnuninni. „Mér finnst auðvitað bara skemmtilegt að þjóðinni skuli líka vel við mann á skjánum,“ bætir hún við. Litlu mátti muna að Ragnhildur hefði gefið sjónvarpsstarfið upp á bátinn eftir að unglingaþátturinn Ópið sameinaðist Kastljósinu. Ragnhildur segir að hún hafi eiginlega verið búin að ákveða að hætta bara og einbeita sér að náminu. En þá hafi Þórhallur Gunnarsson, þáverandi ritstjóri og núverandi dagskrárstjóri, sannfært hana um að halda áfram. „Mér fannst ég ekki kunna neitt og sjálfsagt kann ég ekki þessi fræði enn þá því maður er alltaf að læra á hverjum degi,“ bætir Ragnhildur við og segir að hennar grundvallaratriði á skjánum sé að leyfa ljósi viðmælandans að skína en ekki vera að segja einhverja brandara sjálf. „Enda er ég ekkert sérstök í því,“ segir hún.

Áberandi glæsilegur
7 manna sportjeppi sem tekið er eftir...
- MEIRA RÝMI
- MEIRI KRAFTUR
- MEIRI BÚNAÐUR



Chevrolet Captiva
Frá GM - Stærsta bílaframleiðanda í heimi.

- Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ESP - Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri
- Bakkskynjari
- 18" Álfelgur
- Aksturstölva
- ARP - Veltivörn
- TOD - Sjálfvirk drifstýring
- DCS - Eykur öryggi niður brekkur
- Tölvustýrð spólvörn
- LRS - Heldur hæð við hleðslu
- Og margt fleira....

CHEVROLET GÆÐI FRÁBÆRT VERÐ

Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12 - 110 Reykjavík
sími 590 2000 - www.benni.is

Áberandi glæsilegur
Chevrolet Captiva er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbó dísilvél með 5 þrepa sjálfskiptingu. Þú getur valið um 5 eða 7 manna bíl og því fer vel um alla fjölskylduna. Chevrolet er á Tangarhöfðanum og við tökum vel á móti þér.

Akureyri - Bílasalan Ós, Njarðarnesi 1, sími 462 1430
Egilsstaðir - Bílasala Austurlands, Fagradalsbraut 21, sími 471 3005
Borgarnes - Bílasala Vesturlands, Sólbakka 2, sími 437 2100
Reykjanesbær - Bílahornið hjá Sissa, Brekkustíg 38, sími 420 3300

CHEVROLET




„Þetta er ljómandi góður bíll og hefur reynst okkur vel," segir Pétur um Renaultinn sem hann ekur á reglulega milli Reykjavíkur og Keflavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Pósturinn Pétur á ferð

***Þó að landpóstarnir þurfi ekki lengur að vaða vötnin ströng þá verða þeir að hafa trausta fararskjóta því kröfurnar eru miklar um hraðvirka þjónustu.***

Pétur Jónsson póstbílstjóri er að leggja af stað frá Stórhöfðanum í Reykjavík út á Keflavíkurflugvöll. Hann ekur Renault Midlum 220 og sá bíll fer fjórar ferðir suður eftir á dag. „Þetta er ljómandi góður bíll sem hefur reynst okkur vel," segir Pétur. „Við fengum hann árið 2004 og það er búið að keyra hann rúmlega 360 þúsund kílómetra. Hann hefur ekki þurft mikið viðhald, bara eðlilega umhirðu."

Pétur er búinn að keyra út hjá Póstinum í fimmtán ár, þar af rúm átta á Suðurnesjabílnum. „Ég ætlaði upphaflega bara að vera í fjóra mánuði en þeir hafa teygst upp í þetta." segir hann hlæjandi. „Ég hafði reyndar komið nálægt pósti áður því ég var á mjólkurbíl á sjöunda og áttunda áratugnum og dreifði pósti á sveitabæina. Þá voru dagblöðin með. Allir voru glaðir að fá póstinn sinn, sérstaklega blöðin og sendibréfin. Eftir það fór ég að keyra rútur bæði í Borgarfjörð og á Akureyri og póstpokarnir voru í farangurshólfinu."

Nú keyrir Pétur ýmist frá hálf fimm á morgnana til klukkan eitt eða frá tvö til eitt að nóttu og einnig þriðju hverja helgi. Aukabíll fer líka upp úr hádeginu suður eftir til að sækja kúfinn af bréfapóstinum frá útlöndum því hann þarf að vera kominn á póstafgreiðslur morguninn eftir, hvar sem er á landinu. Hið sama gildir um póst sem kemur í útibúin á Reykjanesskaganum fyrir hálf fimm. Bögglapóstur fer deginum seinna, nema um hraðsendingar sé að ræða.

Þó að oft gusti um Reykjanesið kveðst Pétur aldrei hafa lent í verulegum háska eða töfum á póstbílnum. „Maður reynir að fara með gát og oftast er hægt að paufast þetta í rólegheitum," segir hann að lokum.

*gun@frettabladid.is*


BFGoodrich Tires
JEPPADEKK



VERÐDÆMI ALL TERRAIN

| | | |
|---|---|---|
| **15" Felgur** | | |
| 31x10,50R15 | | 17.990.- |
| 32x11,50R15 | | 18.990.- |
| 33x12,50R15 | | 18.990.- |
| 35x12,50R15 | | 20.990.- |
| **16" Felgur** | | |
| 265/75R16 | 31,6" | 18.990.- |
| 285/75R16 | 32,8" | 20.990.- |
| **17" Felgur** | | |
| 265/70R17 | 31,6" | 17.990.- |
| 285/70R17 | 32,7" | 26.990.- |
| 37x12,50R17 | | 36.990.- |
| **18" Felgur** | | |
| 285/65R18 | 32,6" | 30.990.- |
| 305/65R18 | 33,6" | 35.990.- |
| 37x12,50R18 | | 44.990.- |
| **20" Felgur** | | |
| 285/55R20 | 32,3" | 42.990.- |
| 285/65R20 | 34,6" | 40.990.- |
| 325/60R20 | 35,4" | 52.990.- |

561 4110
NESDEKK
Fiskislóð 30

BFGoodrich Tires

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is

**Frostlögur** kemur að góðum notum á þessum árstíma og um að gera að athuga hvort ekki sé nóg af honum.

# Fyrsta, annað og þriðja!

***Lausafjármunauppboð sýslumannsins í Reykjavík fer fram í dag, en dæmi eru um að þar hafi bíll selst á átta milljónir króna.***



Sóley Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri Vöku, á uppboðssvæðinu þar sem hægt verður að bjóða í bifreiðar og alls kyns hluti í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sóley Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri Vöku, segir alls kyns bifreiðar rata inn á lausafjármunauppboð sýslumannsins í Reykjavík, allt frá bílum sem komnir eru til ára sinna upp í margra milljóna króna lúxuskerrur. Hún minnist þess meira að segja að hafa einu sinni séð bílgrind selda, sú var ekki með sæti, vél eða stýri, en kaupandinn var engu að síður hæstánægður.

„Þetta er í raun lausafjármunauppboð þar sem margt fleira er í boði, svo sem vinnuvélar, kerrur, tölvur og skrifstofuvörur,“ segir Sóley um uppboðið sem fer fram á sex til átta vikna fresti á Eldshöfða 6 þar sem Vaka úthlutar aðstöðu. Opnað er inn á svæðið klukkan tíu um morguninn og hægt er að skoða munina til klukkan 13.30. Þá setur sýslumaður uppboðið sem fer að sögn Sóleyjar alveg eins fram og í bíómyndunum: Boðið er upp og slegið þrisvar í borðið þegar hæsta verð fæst.

„Bílarnir eiga það margir sameiginlegt að eigendurnir hafa ekki getað borgað af þeim. Svo mæta umboðsmenn kröfuhafa til að fylgja eftir kröfunum,“ segir Sóley og tekur fram að stundum komi skuldhafarnir til að gera sín mál upp. Það sé mögulegt fram á síðustu stundu.

Aðeins er hægt að staðgreiða fyrir bílana þótt Sóley muni ekki eftir nokkrum með skjalatösku fulla af reiðufé. Enda stundum um háar fjárupphæðir að ræða. „Já, hér voru þrír bílar á uppboði í sumar metnir á tíu milljónir króna hver,“ segir Sóley og bætir við að bifreiðarnar kosti oftast frá nokkrum hundruðum þúsunda upp í þrjár milljónir. Mest hafi átta milljónir fengist fyrir einn bíl, en það hafi verið trukkur.

Sóley vill þó hvorki kannast við að mikið fari fyrir dýrum köggum né að þeim hafi fjölgað, þótt bílafloti landsmanna verði sífellt flottari. „Ástæðan er sú að lánadrottnarnir vilja vera skráðir eigendur bílanna þar til lántakar hafa borgað þá. Þeir eru þá umsjónarmenn bílanna og ef þeir geta ekki staðið í skilum láta lánadrottnarnir sækja þá.“

Bílafjöldi er á bilinu 50 og upp í 120 og reiknar Sóley með að úr nógu verði að velja þegar uppboðið verður opnað í dag. „Ætli það verði ekki 90 bílar,“ segir hún og bætir við að menn verði að muna að munirnir séu seldir í því ástandi sem þeir eru þegar hamar fellur. Eins og segir í lögum sé „engin ábyrgð tekin á ástandi þeirra eða heimild yfir þeim og að kaupandi geti ekki krafist riftunar kaupa, afsláttar eða skaðabóta eftir að sýslumaður hefur ráðstafað söluverði“.

*roald@frettabladid.is*

FRAMÖXLAR Í JEPPA
Japan/U.S.A.
Öxulliðir í flestar gerðir jeppa
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
fjallabilar@fjallabilar.is

Snocross Iceland
ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ Í SNOCROSS
Fyrsta umferð verður haldin í Motocrossbrautinni í Bolöldu Laugardaginn 2. Febrúar kl. 13.00.
(við Litlu Kaffistofuna)
Aðgangseyrir 1.000 kr.
Frítt fyrir 14 ára og yngri.
Sýning og kynning á keppendum verður Föstudagskvöldið 1. Febrúar kl. 21.00 fyrir framan Össur hf., Grjóthálsi 5.
Frekari upplýsingar á www.lexi.is
CTi
ÖSSUR
Life Without Limitations

vísir.is

Aukin ökuréttindi - Meirapróf
Næsta námsskeið hefst 6. febrúar
ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

OPIÐ UM HELGINA!
SÝNUM GLÆSILEGT ÚRVAL HÚSBÍLA OG HJÓLHÝSA
ÁRGERÐIR 2008
VERIÐ VELKOMIN!
OPIÐ LAUGARDAG KL. 12-16 OG SUNNUDAG KL. 13-17.
WWW.VIKURVERK.IS
VELDU ÞAÐ BESTA!
VÍKUR VERK
VÍKURHVARFI 6 SÍMI 557 7720
HÚSBÍLAR VERÐ FRÁ 5.680.000 – HJÓLHÝSI VERÐ FRÁ 1.890.000

**Vegabréf** og bólusetningar eru nauðsynlegt að hafa í lagi ef ferðast á til framandi landa þar sem þess háttar er þörf.



# Þar sem fólki líður vel

***Hvítar strendur, volgur sjór, fílsbak, skemmtanir og unaðsleg matarupplifun eru meðal þess sem bíða Taílandsfara um páskana.***



Fegurð Taílands á sér engin takmörk, hvort sem litið er til náttúru, mannlífs eða menningar. Þeir sem sækja land og þjóð heim eru ekki samir á eftir.

„Upphaflega buðum við golfferðir til Taílands á vetrarmánuðum við feiknarlegar vinsældir og nú eru yfir eitt hundrað Íslendingar að munda golfkylfuna á taílenskum golfvöllum,“ segir Margrét Óskarsdóttir, starfsmaður í golfdeild Úrvals-Útsýnar sem nú býður spennandi páskaferðir til Taílands.

„Við ákváðum, úr því við erum með Kjartan L. Pálsson fararstjóra á staðnum, að bjóða Taílandsferð fyrir fleiri en kylfinga og nú gefst tækifæri til að njóta sólar, strandlífs og einstakra skoðunarferða fyrir þá sem vilja kynnast betur menningu og þjóð Taílands,“ segir Margrét. Brottfarir í páskaferðirnar eru þrjár þótt allir komi heim sama dag, þann 29. mars.

„Ferðirnar eru því mislangar miðað við brottför, en farið verður utan 1., 8. og 15. mars. Taíland hefur algjörlega slegið í gegn hjá Íslendingum og það er einkennandi að þeir sem einu sinni hafa farið þangað vilja fara aftur og aftur og lengja dvölina í hvert skipti. Helstu töfrar Taílands liggja í Taílendingum sjálfum en eitthvað í trúarbrögðum þeirra gerir að verkum að allir eru góðir og glaðir. Fólki líður svo vel þarna og ekki skemmir ljúffengur maturinn, stórkostleg náttúrufegurð og gott loftslag, þótt þarna geti orðið bæði heitt og rakt, en fólki líkar það bara vel,“ segir Margrét og leggur áherslu á að vetrarmánuðirnir janúar, febrúar og mars henti Íslendingum einna best til Taílandsferða þar sem hiti fer vanalega ekki yfir 30 stig á þeim árstíma.

„Okkar fólk mun dvelja á Pattaya-ströndinni, þaðan sem stutt er í verslanir, veitingastaði og mannlíf. Verðlag er lágt í Taílandi og ekki óalgengt að Íslendingar láti sérsauma á sig alklæðnað fyrir mun lægra verð en við eigum að venjast á Vesturlöndum. Kjartan L. Pálsson verður með skipulagðar skoðunarferðir að Kwai-ánni með gistingu á flothóteli og helgarferð til Ayutthaya með gistingu eina nótt í Bangkok. Þá verður farið norður að Gullna þríhyrningnum þar sem farið verður á fílsbak og fleira spennandi, og til kóraleyjunnar utan við Pattaya þar sem synt verður í sjónum og leikið í hvítum sandi. Þeir sem vilja taka með golfsettið eru vel settir því yfir tuttugu frábærir golfvellir eru við Pattaya og hægt að kaupa fjögurra daga golfpakka í hverri viku meðan á dvölinni stendur.“

*thordis@frettabladid.is*

## Töfrar Taílands

***Margt er að sjá og gera fyrir þá sem heimsækja Taíland og myndirnar tala sínu máli.***



Náttúrufegurðin er mikil.



Gistiaðstaðan er skemmtileg.



Hvítar strendur standa alltaf fyrir sínu.

## Ferðast létt

EKKI ER GOTT AÐ VERA MEÐ OF MIKINN FARANGUR Á FERÐALÖGUM.



Á bakpokaferðalögum er til dæmis mjög slæmt að vera með of mikinn farangur þar sem maður þarf að bera hann allan á bakinu mest allan tímann. Miklu máli skiptir því að sýna skynsemi þegar pakkað er niður og stundum nóg að vera bara með einn umgang af fötum fyrir utan nærföt og sokka. Ef eitthvað vantar er oftast hægt að kaupa það ódýrt á áfangastað.

- eö




# Skíðaveisla í Austurríki

16. og 23. febrúar

frá kr. 37.790



**Vikuferð frá 54.990 – flug og gisting**

Heimsferðir bjóða frábær tilboð á skíði í Austurríki í febrúar. Bjóðum vikuferðir 16. og 23. febrúar á sértilboði, bæði flugsæti sem og frábær tilboð á flugi og gistingu. Tryggðu þér skíðafrí á besta verðinu og bókaðu strax. Mjög takmarkað framboð flugsæta og gistingar á þessum frábæru kjörum!

**Kr. 37.990**
Flugsæti með sköttum. Sértilboð 16. og 23. febrúar. Netverð á mann.

**Kr. 54.990**
Flug og gisting í viku
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á gististað ”án nafns” í Zell am See / Schuttdorf (sjá skilmála ”stökktu tilboðs”) með morgunverði í 7 nætur. Sértilboð 16. og 23. febrúar.

**Kr. 69.990**
Vikuferð með hálfu fæði
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Seehof *** í Zell am See með hálfu fæði í 7 nætur. Sértilboð 16. eða 23. febrúar.

**Kr. 89.990**
Frábært **** hótel með hálfu fæði
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Unterberghof í Flachau með hálfu fæði í viku. Sértilboð 23. febrúar og 1. mars.

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.





**Eyrnaskjól** eru alltaf svolítið flott og um að gera að nota þau þegar svona kalt er úti.






# Kápur í kuldakastið

***Nú er frost á Fróni og aldeilis þörf á að klæða sig vel.***

Það þarf þó ekki að láta flottheitin fjúka heldur má finna fallegar ullarkápur og hlýjar úlpur á útsölunum um allan bæ. Fer hver að verða síðastur en enn er þó hægt að gera góð kaup.

*heida@frettabladid.is*



Síð og hlý úlpa með loðkraga frá Oasis í Smáralind er góð þegar gengur á með éljum. Úlpan kostar 2.000 krónur á útsölunni í Oasis.



Hlý og dömuleg kápa með belti og loðkraga sem hægt er að taka af. Kuldinn hefur ekkert að segja þegar hægt er að sveiflast um götur bæjarins í svona fallegri kápu. Hún er komin á útsölu hjá Oasis í Smáralind og kostar 3.000



Ef Millet-úlpan hangir enn þá inni í skáp er kominn tími á að endurnýja hana og kæmi þessi svarta dúnúlpa frá Companys í Kringlunni vel í staðinn. Hana er búið að lækka úr 20.990 krónum niður í 10.500 krónur.



Glæsilegur ullarjakki með belti frá Benetton í Smáralind. Í honum er óhætt að spóka sig úti í kuldanum ef þarf að bregða sér eitthvert fínt þar sem gamla Millet-úlpan er ekki gjaldgeng. Jakkinn er með 70% afslætti og kostar þá 5.099 krónur.










**Fallegur dúkur** og servíettur í stíl geta lífgað svo um munar upp á kvöldverðinn. Stundum er gott fyrir sálina að gera svolítið fínt um helgar og jafnvel bara í miðri viku ef því er að skipta.



# Svuntudagar heimilisgyðja

***Konur með svuntur eru sætar. Karlmenn með svuntur líka.***

Í veisluhöldum komandi viku er gott að hafa vörn fyrir klístur og kám bolludagsins, saltkjöts og bauna. Gerum hátíð úr matseld og bakstri með því að klæðast eins og alvöru heimilisgyðjur litfögrum svuntum.

*thordis@frettabladid.is*




Mjólk! Mjólk! Segir þessi glaðlega kýr þar sem hún rennur í spíkat í litríki blómabreiðu. Tekur undir óm barnanna um meiri mjólk með bollunum. Fæst í Byggt og búið og hægt að fá pottaleppa, ofnhanska og borðbúnað í sama munstri. Kostar 1.749 krónur.



Kvenleg, dularfull og exótísk með stórum blómum. Gerir allar konur ómótstæðilegar yfir baunamatseldinni. Fæst í Duka í Kringlunni og kostar 2.400 krónur.



Blóm og kusur. Heimilislegra gerist það nú varla. Fæst í Byggt og búið og hægt að fá pottaleppa, ofnhanska og borðbúnað í stíl. Kostar 2.225 krónur.



Bleik og látlaus, en afar klæðileg og fögur. Gerir eldhúsgjörninga gómsætari fyrir skilningarvitin. Orskov-svunta sem fæst í Búsáhöldum í Kringlunni og kostar 1.995 krónur.



Appelsínurauðröndótt og elegant á kroppinn. Kallar á mandarínurjómabollur stráðum appelsínuberki og vorblómum. Fæst í Duka í Kringlunni og kostar 2.650 krónur.



Þjóðlegt og kynþokkafullt. Dimmblá svunda með glitrandi skjaldarmerki lýðveldisins. Mátast vel með saltkjöti og baunum. Fæst í Hagkaup og kostar 1.499 krónur.



## Dúllulegur dúkkubakki

LITRÍKUR BABÚSKUBAKKI

Það er eitthvað krúttlegt og skemmtilegt við babúskur. Mjúkt og ávalt formið er aðlaðandi sem og bóndakonubúningurinn sem þær eru oft látnar klæðast. Einnig hafa börn og fullorðnir gaman af því að opna babúskurnar og geta sér til um hve margar minni leynast í þeim stærri. Þessi dúllulegi bakki er fjörlegur og skemmtilegur með litríkum myndum af búkonulegum babúskum. Bakkinn er úr melamíni og má setja hann í uppþvottavél. Hann er hannaður af Thomas Poul og er 36 cm í þvermál. Hann kostar 249 danskar krónur og fæst í ýmsum búsáhalda- og hönnunarverslunum þarlendis en enn höfum við ekki rekist á hann hér á landi. *- hs*

Ef þú finnur eitthvað betra eða flottara, hafðu þá samband





Eigum gríðarlegt úrval af tröppum og fylgihlutum

Löng helgi hjá Arctic Spa
Laugardag 10 - 18
Sunnudag 12 – 18

Arctic Spas

Arctic Spas Faxafeni 9 Sími: 554 7755 www.arcticspas.is

# hús&heimili

LAUGARDAGUR 2. FEBRÚAR 2008



● HEIMILIÐ

## Litið í spegil fortíðar

● ANTÍK

## Fríða frænka dúar af þungri antík

● INNLIT

## Gott að búa í Brooklyn

FRÉTTABLAÐIÐ






HEIMILISHALD

JÚLÍA MARGRÉT ALEXANDERSDÓTTIR

## Flutningar

Einhverjir myndu ætla að mér þætti það feiknarsport að flytja. Afbragðs dægradvöl á laugardegi. Það er ekki rétt. Mér finnst fátt leiðinlegra og skil ekki hvernig ég kem mér í þær aðstæður að vera að flytja í þriðja skipti á rúmum tveimur árum. Eða skil og skil ekki. Ég veit jú alveg hvernig börnin verða til og bjó til eitt sjálf. Væri ég 17 ára Bubbi gæti ég bara afgreitt þetta með því að fara aldrei suður og henda mér á togara. Mér finnst það næstum skárri tilhugsun en þurfa að stækka við mig og flytja með mitt hafurtask af fjórðu hæð.

Ég sé sem sagt fram á að þurfa þó nokkra hjálp með borðstofuborðið og antíkskápana.

Blóð er þykkara en vatn og því býst ég við að ættingjarnir komi þar sterkastir inn. Hér eru nokkur góð ráð hvernig fara má að því að flytja á einfaldan hátt:



Þú hringir í nokkra þögla og sterka frændur, sérstaklega þá sem kepptu í sjómanni í fjölskylduboðum í gamla daga. Þú setur upp leikvöll sem er þín eigin íbúð og gerir þetta að keppni.

Þú hringir í nokkra þögla og sterka frændur, sérstaklega þá sem kepptu í sjómanni í fjölskylduboðum í gamla daga. Þú setur upp leikvöll sem er þín eigin íbúð og gerir þetta að keppni. Lætur þá fara í „hver er fljótastur á klukkustund“, telur kassana. Lofar pitsu og bjór og segir að sætar vinkonur verði á staðnum. Lovísa vinkona verði í sundbol. Þá mæta allir. Ef burðardýrin eiga börn lætur þú vinkonurnar passa þau. Svo er líka fínt að etja þeim saman. Talar um í laumi hvað hinir séu aumir. Og svona. Hvað þeir hinir geti örugglega ekki lyft buffinu hans afa. „Annað en þú, sterki frændi.“ Þetta er svo einfalt. Þú fengir naut til þess að stökkva fram af svölunum væri pitsa og bjór fyrir neðan. Ekki gefa samt mat fyrr en að verki loknu, annars endar þetta bara í sjómannakeppni á stofugólfinu eins og í Eyjum í denn þegar fólk mátti prísa sig sælt að koma heim með heilar tennur úr fermingarveislunni. Lykillinn er: Matur og samkeppni.

# Lítur í spegil fortíðar

● Önnu S. Björnsdóttur þykir vænt um gamla muni sem áður voru í eigu móður hennar. Þar á meðal er fallegur spegill með blómamunstri.

Æskan rifjast upp fyrir Önnu S. Björnsdóttur ljóðskáldi þegar hún lítur í forláta spegil sem móðir hennar átti. „Mamma mín, Hulda Kristjánsdóttir, var saumakona og hún saumaði alltaf kjóla á okkur systurnar, en við erum þrjár. Við tókum svo spegilinn niður, komum honum fyrir í stól og spegluðum okkur,“ lýsir Anna.

Hún segir ávallt nauðsynlegt að líta í spegil fortíðarinnar og endurskoða sig með gagnrýnum hug. „Ég hugsa að listamenn þurfi jafnvel að gera meira af því. Það er nauðsynlegt að líta í spegil fortíðar, nútíðar og framtíðar,“ segir Anna. Hún heldur að spegillinn sé frá Mið-Evrópu en hann var keptur um miðja síðstu öld. „Foreldrar mínir sigldu töluvert, sem var ekki svo algengt á þeim tíma, og keyptu þau spegilinn á slíku ferðalagi. Hann er úr smíðajárni, með blómamunstri og alveg hrikalega þungur.

Spegillinn trónir fyrir ofan fallegt borð sem er einnig frá móður Önnu. „Afasystir mín, Salóme Guðmundsdóttir, gaf mömmu borðið og hún lánaði mér það þegar ég hóf minn búskap. Þegar hún fór svo fram á að fá það aftur var ég treg til að láta það af hendi. Ég hef nú ekki oft grenjað til mín hluti en hún náði því hreinlega ekki af mér og endaði á því að gefa mér það,“ segir Anna og hlær.

Anna hefur gefið út tólf ljóðabækur og á 20 ára útgáfuafmæli á árinu. Hún hefur starfað sem kennari síðan 1969 og hluta af kennsluferlinum kennt úti á landi. „Mig langar að skrifa kennslusögu mína og senda um leið smá kveðju út í sveit. Ég veit ekki alveg í hvernig formi bókin verður en hún leitar á mig.“

-ve



**Spegillinn, borðið og kistillinn undir borðinu eru allt munir frá móður Önnu, Huldu Kristjánsdóttur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



● **Forsíðumynd:** Eyþór Árnason tók þessa mynd á nýlega uppgerðu heimili í Smáíbúðahverfinu . **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

● **HEILLALJÓS SEM SKIPTA LITUM** Heillaljósin eru töfrakerti frá Kína sem fást í ýmsum litum. Þau heita á ensku SPA Candles og stafar frá þeim fagurri birtu því auk logans á kveiknum lýsast þau upp innan frá og skipta stöðugt um lit. Í neðri hluta kertanna eru nefnilega díóður og það eru þær sem skapa töfrana. Ekki spillir að kertin bera veikan en frískandi ilm. Þau eiga að endast í um það bil 50 klukkustundir og mælt er með þriggja tíma notkun í einu til að vaxið brenni sem jafnast. Þess á milli eiga kertin að geymast á dimmum stað því í þeim eru ljósskynjarar sem fara í gang í dagsljósi og stytta líftíma rafhlaðnanna.



LISTMUNAUPPBOÐ

verður haldið sunnudagskvöldið 3. febrúar,
kl. 20 á Hótel Sögu, Súlnasal

Á uppboðinu verður að venju gott úrval verka,
meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna.
Boðin verða upp um það bil 100 listaverk.

Öll verkin eru sýnd í Galleríi Fold við Rauðarárstíg
föstudag 10-18, laugardag 11-17 og sunnudag 12-17.
Hægt er að skoða uppboðsskrána
með myndum á vefslóðinni myndlist.is.



Jóhann Briem

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is



# Undirstaða ánægju.



Hästens

since 1852

Hästens verslunin í Reykjavík • Virka daga 11-18 • Laugadaga 11-16 • Grensásvegi 3 • Reykjavík • 581 1006 • www.hastens.is

Hugtök Okt 07















Bolludagur verður alvöru og eftirminnilegur með leirtaui fyrri tíma, þegar bollapör voru framleidd til að endast kynslóða á milli og borðbúnaður var listaverk fyrir augað.

# Dúar af þungri antík

● Antíkverslunin Fríða frænka er einn af dýrgripum íslenskra verslana, en þar er að finna gersemar liðins tíma, að mestu úr dánarbúum íslensku þjóðarinnar. Búðin verður 27 ára á vordögum, en við búðarborðið hefur eigendinn Anna Ringsted staðið frá upphafi.

„Það heyrir kannski undir fáheyrða tryggð við vinnuveitenda nú á dögum, en mér hefur alltaf þótt jafn gaman að vinna hjá sjálfri mér hér í búðinni," segir Anna Ringsted þar sem hún gengur léttfætt innan um dásamlegan borðbúnað frá öldum áður; silfur, postulín og kristal.

„Sumir verða sjóveikir hér þótt gólfið sé sterkt sem áður. Búðin dúar bara aðeins meira nú en áður því hún er orðin þyngri. Því hristist stundum og klingir í glösum ef stigið er fast," segir hún stríðnislega og strýkur af íburðarmiklum lömpum sem eitt sinn lýstu forfeðrum Íslands.

„Það er alltaf hægt að koma fyrir fallegu dóti og mig vantar alltaf dót. Mest kemur til mín úr dánarbúum, en einnig við flutninga og þegar fólk skiptir um smekk," segir Anna sem manna best veit hvað Íslendingar eiga mikið af fínu dóti.

„Íslensk heimili hafa alltaf verið full af fallegum húsbúnaði. Eldra fólk hélt meira í dótið sitt og passaði það betur, en í dag er fátt framleitt til að endast og margt sem endist ekki út sambúðina hjá fólki," segir Anna innan um höfðinglega húsmuni sem umvafðir eru fagurri áru.

„Hérlendis hefur lengi verið heilmikill áhugi á antík og alltaf einhver hópur sem heldur mér gangandi. Antík er sígild, en það endist enginn lengi í naumhyggjunni sem ráðið hefur ríkjum undanfarin misseri. Það er svo kalt og dimmt hérna að fólki er nauðsynlegt að hafa kósí í kringum sig, auk þess sem sárafáir af heildinni verða ofurseldir tískunni. Antíkbúðir eru svo fyrir þá sem vilja finna akkúrat sitt dót og leita að fjársjóðum fyrir sín heimili," segir Anna af festu, en hún opnaði búðina í apríl 1981.



Anna Ringsted eigandi fornvöruverslunarinnar Fríðu frænku segir bera í bakkafullan lækinn að bæta við fleiri antíkvarningi heima, en á Vesturgötunni, innan um gersemar úr liðinni tíð er hún hamingjusöm árið um kring. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þá voru second hand-verslanir að ryðja sér til rúms, en engin slík var til á Íslandi. Þetta voru miklir umbreytingatímar og þá opnuðu Fríða frænka, Flóin og Kjallarinn, en ég stend ein eftir af þeim búðum. Ég var duglegri þá að vera með fatnað og smáhluti, dúka og gardínur, en búðin hefur stækkað jafnt og þétt svo ég geti tekið inn stærri hluti, og svo breytist smekkur minn líka fyrir vöruvali," segir Anna sem man eftir og þekkir hvern einasta hlut í búðinni sem er á tveimur hæðum og kemur fyrir sjónir eins og smekkfull gullkista.

„Ég á þetta hús og ætla hvergi að fara á meðan mér finnst svona gaman að selja antík og second-hand. Við erum duglegar konurnar hér á horninu; Kogga og konurnar í Kirsuberjartrénu, en allar svo bissí að hæ að hraðferð verður oftast að nægja." *- þlg*

## Saltkjöt og baunir à la Anna Ringsted

Hún fer aldrei eftir uppskriftum heldur fer alltaf sínar leiðir yfir pottunum. Þjóðarréttinn saltkjöt og baunir hefur hún útfært í tímans rás og nú er svo komið að matargestir eru í áskrift að veisluborði Önnu á sprengidag.

**Hráefni:**

1 poki baunir
1 stór laukur
2 hvítlauksrif
1 rauður chili-pipar, fræhreinsaður
2 sellerístönglar
1 stór gulrót
2 rófur
heil svört piparkorn
engiferrót að stærð hálfs þumals

**Aðferð:** Baunir lagðar í bleyti kvöldið áður og skolaðar vel daginn eftir fyrir suðu. Suða látin koma upp og saltkjötsbitum hent út í, en magn ræður styrkleika. Grænmeti skorið og sett út í baunasúpuna ásamt svörtum piparkornum og raspaðri engiferrót. Gott að láta suðu koma upp að morgni og halda áfram eldamennsku að kvöldi þegar krydd hefur tekið sig yfir daginn og baunir haldið áfram að mýkjast meðan kólnaði.

Uppskriftin er fyrir fjóra en auðvelt að stækka, og margfalda þá kryddjurtir varlega með því að smakka sig áfram.




# Appelsínu-húðin burt

**Fallegri og stinnari húð**

**Ótrúlegur árangur á 10 dögum.**

**100% ánægja að meðferð lokinni.**

*Fullt verð kr. 37.900*

**Tilboðsverð kr. 24.900.-**

cera snyrtihús

Sími:
**577 7007**

Stórhöfða 17 • 110 Reykjavík



Gamla þvottahúsinu var rutt burt til að stækka eldhúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON



Þennnan stól erfði Ólafur eftir afa sinn, sem er vinsæll meðal gesta enda með eindæmum þægilegur, að sögn Ásdísar.



Svefnherbergið er stílhreint og bjart.



Þessi leyndardómsfulla hurð liggur að leikherbergi Styrmis Bergs.



Falleg tekk-húsgögn sem ýta undir sixties-áhrifin.

# Gott að búa í Brooklyn

Ásdísi Eckhart og Ólafi Þorsteinsson líkar vel í nýuppgerðu húsi í Smáíbúðahverfinu.

Sambýlisfólkið Ásdís Eckhart og Ólafur Þorsteinsson hefur lengi haft mikið dálæti á gömlum húsum og dreymdi um að eignast slíkt hús í vesturbæ Reykjavíkur. Eftir ákafa en árangurslausa leit sættust þau á að kaupa sér fallegt fimm herbergja hús í Smáíbúðahverfinu þótt þeim þætti húsið helst til ungt enda ekki nema 58 ára gamalt.

„Þetta er í raun mun nútímalegra heldur en við höfðum hugsað okkur,“ segir Ásdís sem er uppalin í miðbænum og bjó síðast ásamt Ólafi í húsi frá árinu 1905. Hún viðurkennir að í fyrstu hafi henni liðið svolítið eins og hún væri að flytja frá Manhattan til Brooklyn, þótt sá samanburður sé kannski fullýktur. Enda stóðst húsið flestar kröfur þeirra þegar öllu var á botninn hvolft, en í þeim fólst að finna rúmgott framtíðarheimili á viðráðanlegu verði meðal annars þar sem parið átti von á sínu fyrsta barni.



Mæðginin Ásdís og Styrmir hæstánægð á nýuppgerðu heimilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég var einmitt barnshafandi,“ rifjar Ásdís upp en svo skemmtilega vildi til að erfðaprinsinn, sonurinn Styrmir Bergur, fæddist um það leyti sem samningar voru undirritaðir. Hún bætir við að húsnæðið hafi verið valið með það fyrir augum að hægt yrði að fjölga erfingjunum í framtíðinni og jafnvel fá sér einn hund, svo þau gætu orðið




Danfoss X-tra línan™

Danfoss

Ný lína af ofnhitastillum sem eru hannaðir fyrir handklæða- og sérhannaða ofna

Einstök hönnun samstæðar lausnir

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins



# Opið í dag

## SKELLTU ÞÉR Á SKÍÐI!

Ísland er eitt af fáum löndum í heiminum sem hefur skíðasvæðin í aðeins 20-30 mínútna akstursfjarlægð frá höfuðborginni. Þar getur öll fjölskyldan notið útivistar og stundað þá vetraríþrótt sem þeim líkar best.



SKÍÐASVÆÐIN
www.skidasvaedi.is

## fyrir endurbætur


Stund milli stríða. Ljóst er að það var heljarmikið verk að koma húsinu í núverandi mynd.




Ásdís segir að tími hafi verið kominn til að lagfæra gólf og gera húsinu til góða.

Ásdís segir að upphaflega hafi ekki staðið til að rífa allt út en smám saman hafa endurbæturnar undið upp á sig.


Barnaherbergið á efri hæðinni er hreint út sagt ótrúlegt eftir breytingarnar.


Meira að segja barnastóllinn er í gamaldags stíl.

þessi dæmigerða vísitölufjölskylda. Þó ekki alveg þar sem húsfreyjan þvertekur fyrir að taka kött. Segir slíkt alls ekki vera í boði.

Einhver bið varð þó á því að fjölskyldan flytti inn í húsið þar sem hjónunum þótti það hreinlega óíbúðarhæft fyrir kornabarn. „Við leigðum bara úti í bæ á meðan Ólafur, sem er smiður, vann í húsinu með dyggri hjálp vina og vandamanna. Svo rifum við bókstaflega allt út þótt það hafi upphaflega ekki verið ætlunin, enda var kominn tími á viðhald,“ segir Ásdís og lýsir því hvernig skipt var um klóak, hita- og rafmagnslagnir og búin til tvö baðherbergi, kompa og þvottahús á meðan því gamla var


Í þessari litríku ævintýraveröld hefst erfðaprinsinn á heimilinu við og unir hag sínum vel.

rutt burt til að stækka eldhúsið um helming.

Ásdís viðurkennir að mest hafi þau langað til að gera húsið meira gamaldags, en þau hafi loks ákveðið að halda því í sínum upprunalega stíl. „Já, við ákváðum að laga okkur bara að húsinu,“ segir hún og bætir við að sum húsgögnin hafi meira að segja fallið vel að stílnum, þar á meðal tekkhúsgögn sem þau Ólafur erfðu eftir afa sína og ömmur. „Svo útfærðum við allt eftir okkar hugmyndum og græddum á því að gera svona mikið sjálf,“ segir Ásdís, sem vill þá frekar eiga peninga aflögu til ferðalaga og annarrar skemmtunar.

Þrátt fyrir alla þá vinnu sem parið hefur lagt í húsið segir Ásdís enn nokkuð í land með að þau fullklári verkið. „Nei, ætli þetta verði bara ekki svona eilífðarverkefni,“ segir hún hress í bragði og ekki annað að heyra en gamli miðbæingurinn kunni vel við sig í Brooklyn. -rve


# ÚTSALA








**25–50%**
**AFSLÁTTUR**
VERÐDÆMI: Canyon 140 x 200. ÁÐUR KR. 18.900
ER NÚ Á KR. 9.250,-STGR.

*Persía*
TEPPAGALLERÍ
Bæjarlind 16, Sími: 568 6999
OPIÐ : VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARDAGA 11 – 16 & SUNNUDAGA 13 – 17.

# Verkafólk spyr:

**Finnst ríkisstjórnarflokkunum það eðlilegt að laun verkafólks, sem eru innan við 125 þúsund krónur á mánuði, skuli vera skattlögð ?**

**Vita þingmenn ekki að framfærslukostnaður einstaklings er um 170 þúsund krónur á mánuði.**

Skattleysismörk eru 95 þúsund krónur á mánuði en þurfa að vera 140 þúsund til þess að fólk með lægstu laun geti lifað mannsæmandi lífi.



V.L.F.
HLÍF

**Verkalýðsfélagið Hlíf**



## Hringstigar

Weland hringstigarnir eru einföld og hagkvæm lausn.

SINDRI

Sími: 575 0000 www.sindri.is
Bæjarhraun 12, Hafnarfirði



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





# Að gleðja mannsins auga

● Óhætt er að segja að það sé búið að vera nóg að gera síðustu daga á heimili Margrétar Sigurðardóttur í Kópavogi. Húsfreyjan hefur verið önnum kafin við að klára bolluvendi, sem hún framleiðir fyrir helstu verslanir höfuðborgarsvæðisins og blæs varla úr nös þótt hún sé orðin 84 ára gömul.

„Þetta eru nú nokkur hundruð stykki sem ég framleiði á ári, en mest hefur þetta farið upp í tvö þúsund vendi,“ segir Margrét, sem hefur framleitt bolluvendi í hvorki meira né minna en 71 ár, eða frá því hún var aðeins 13 ára stúlka í Hafnarfirði. „Mamma mín keypti alltaf bolluvönd handa mér þegar ég var krakki svo mér fór bara að detta í hug að búa þetta til sjálf. Það tókst og þá hugsaði ég: „Ja, ég hlýt að geta selt þetta eins og aðrir. Svona þróaðist það,“ rifjar hún upp.

Upphaflega bjó Margrét vendina til úr kreppappír og skreytti með fjórum rósum, en eftir að hún hóf fjöldaframleiðslu sá hún að þeir voru fljótgerðari ef hún sleppti rósunum. Hún hélt sig hins vegar við litríkan pappírinn enda gerður „til að gleðja mannsins auga“ eins og hún orðar það sjálf. Hún hefur framleitt alla sína vendi sjálf, ef frá er talið þegar hún var í tímabundnu samstarfi við vinkonur sínar, hvora í sínu lagi. Lengst framan af sá hún síðan öllu höfuðborgarsvæðinu fyrir bolluvöndum, en eftir að önnur af fyrrverandi samverkakonum hennar haslaði sér völl á markaðnum eru þær nú orðnar tvær sem framleiða vendi hérlendis.

Á þessu 71 ári síðan Margrét hóf framleiðslu hefur ekki eitt ár fallið út. Og þótt hún sé búin að vera að í öll þessi ár getur hún ekki hugsað sér að taka sér frí enda með eindæmum atorkusöm kona. „Ég er núna algjör göngufíkill og geng frá þremur upp í fimm kílómetra á hverjum degi, alveg sama hvernig viðrar. Ég bý mig þá bara eftir veðri. Svo er ég í leikfimi og dansi,“ segir hún, en viðurkennir þó að mikil vinna sé á bak við bolluvendina. „Já, ég er farin að undirbúa mig á sumrin, klippa niður og geymi það þangað til líða fer að bolludegi. En ég ætla að halda áfram á meðan guð gefur mér svona góða heilsu,“ segir hún hress í bragði og má svo ekki vera að því að tala lengur, þar sem hún er á leiðinni í alls kyns útréttingar.

*-rve*



Margrét hefur framleitt bolluvendi í 71 ár og slær ekki slöku við.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


KÆLISKÁPA ÚTSALA

Við rýmum fyrir nýjum gerðum og seljum síðustu skápana af eldri gerð með 50% afslætti.

Aðeins 1-6 stk. af hverri gerð eru í boði. Það gildir því gamla reglan, að FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR.



Gerð C-290
HxBxD=145x60x60 cm
280 ltr. kælir
Hvítur ......47.200
Nú 23.600



Gerð F-245
HxBxD=145x60x60 cm
205 ltr. frystir
Stál..........58.400
Nú 29.200



Gerð RF-310
HxBxD=173x60x60 cm
193 ltr. kælir
92 ltr. frystir
Hvítur ....74.600 Nú 37.300
Stál..........95.000 Nú 47.500



Gerð RF-315
HxBxD=173x60x60 cm
229 ltr. kælir
61 ltr. frystir
Hvítur .....68.000 Nú 34.000



Gerð RF-360
HxBxD=191x60x60 cm
225 ltr. kælir
90 ltr. frystir
Hvítur ....82.200 Nú 41.100
Stál.......102.000 Nú 51.000



Gerð RF-390
HxBxD=200x60x60 cm
253 ltr. kælir
90 ltr. frystir
Hvítur .......88.800 Nú 44.400
Stál..........106.900 Nú 53.450

50% afsláttur

BETRI STOFAN

Opið:
Mánudaga - föstudaga kl. 9-18
Laugardaga 11-16

Snaigė
KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR

Snaigé kæliskáparnir eru sparneytnir, ( A orkuflokkur) og lágværir (38-41 dB-A).
Danfoss kælivél, hægri eða vinstri, hurðaropnun, glerhillur, flöskuhilla.
2ja ára ábyrgð og fullkomin þjónusta, (eigið verkstæði).

Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

# Ekkert rúm loftar betur

**Á venjulegri nóttu losar líkaminn sig við um 350 millilítra af svita. Safnast þegar saman kemur og á 10 ára tímabili þarf dýnan að soga í sig meira en 1.200 lítra!**

Auping rúm og dýnur er sérstaklega hönnuð til að losa sig við raka þannig að hann safnist ekki upp eins og í venjulegum rúmum og það tryggir þér þægilegri og heilbrigðari svefn nótt eftir nótt, ár eftir ár. Viltu vita meira? Komdu og prófaðu nýju og frábæru rúmin frá Auping.

**Sérfræðingur frá Auping verður hjá okkur í dag.**

Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is

epal



MAX RAFTÆKI

Láttu ekki HAPP úr hendi sleppa!

# útsölulok á sunnudag

## – verð í frjálsu falli

Nú fer hver að verða síðastur!

# 25% aukaafsláttur af völdum vörum

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

## Mótorhjól



Honda CRF 250 ár. 2004 verð 370 þús uppl. í síma 8965464



KTm 450 sxf 07" allt plast 08, tannhj,keðja nýtt lítur út sem (flúnkunýtt)lán 630 V729 Honda crx250f 04"rafstart verð 450Þ Suzuki 65 04" v199Þ uppls.8944005



Yamaha W Star árg. 2006, 650, ekið 1000 km, verð 750.000, fullt af aukahlutum fylgja. Upplýsingar í síma 893 1343.

## Fjórhjól

Honda TRX 400FA árg. 2005 til sölu. Ekið 2000 km. Verð 550 þ.kr. Uppl. í síma 587 6515 og 860 7764.

## Vélsleðar



Snowhawk er með 3 tæki ennþá árg. '06. Fást með afslætti. Uppl. í s. 696 4418 / 659 7624. Boivin Ísland ehf.



Til sölu Polaris RMK 700 árg.2004. 144" neglt belti, rafstart, bakk, brúsagrind, tanktaska og taska yfir mælaborð. Verð 650þ. Uppl.í s.898-6276. Siggi.



Arctic Cat Crossfire 700 EFI Sno pro árg 2006 Topp sleði nagglar í belti.Eins og nýr verð 800. S:898-2811



**100% Lán.**
Polaris RMK 900 árg.'06. 166", 64 mm belti. Toppgræja. Uppl. í s. 899 6363.



Til sölu Skidoo Renegade X 2006, ek. 800 km, með team kúplingu og pústpípu. Uppl. í s. 897 6489.



Polaris ProX2 800 árg. 2004 töskur, brúsagrind, neglt 44 mm belti ofl. Flottur og vel með farinn. S. 896 6603, Gunnar.



Arctic Cat Crossfire 700 EFI Sno pro árg 2006 Topp sleði nagglar í belti.Eins og nýr verð 800 þús. S:898-2811

Yamaha Ventura árg.'91. Rafstart, bakkgír ofl. Algjör Gullmoli, einnig stór yfirbyggð kerra. Uppl. í s. 892 0600.

Skidoo Summit X árg 02 ekinn 3500 km belti 151" 50mm uppl 895-5524 flottur sleði

2 Ódýrir en góðir stleðar til sölu Skido Formula Z583 árg.'94. Verð ca. 150 þ. Articat Panthera árg. '92, 440. Verð ca. 100 þ. Sími 844 5434.

## Kerrur



**Vetrartilboð á Brenderup kerrum**
2 metra kerrur frá kr. 99.970 m/VSK! Sjón er sögu ríkari !! Margar stærðir í boði! Lyfta.is - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbær - Sími 421 4037 - www.lyfta.is



Yfirb 2 sleða. Nýleg dekk og nýjar legur. Hægt að halla. Skoðuð 08 miði. 150 þús.stgr. Uppl Bryngeir 893 9131.



Kerra árg.'05. 5 m. leingd og 2 m. á breidd. Burðargeta 3500 kg. Uppl. í s. 862 4880 & 847 1990.

## Vinnuvélar

Traktorsgrafa til sölu JCB Súper 4, árg 2003, notuð 4300 klukkutíma. Verð 4,6 + vsk. Uppl. í s. 690 6220

Óska eftir vökvafleyg á gröfu, ca. 200-250 kg. Það þarf að vera í lagi. Uppl. í s. 898 1649.

## Bátar

Óska eftir góðum bát með línuspili, Skel 80 eða eithvað sambærilegt. Sími 866 6835

Skel 80 með Yanmar 100ha vél, nýr gírkassi, þarfnast lagf. Uppl. í s. 898 7176.

Til sölu 20 ára Bukh með zf gír, öxull, skrúfa og plötustýri. S. 848 9764.

## Flug



Til sölu Fis ( KIT ) Tekur um 100 kls. í samsettningu. Uppl. Markus 892 0654.

## Hjólbarðar



Ný Michelin 750X16 dekk á felgum, 9.000 stk. Einnig stuðarar, jafnvægisstangir, varadekksfestingar og drifhlutföll. S. 661 1140.

Nýjar 31" álfelgur og dekk undir Landcruiser 120 gx og lx, Uppl í s. 894 2460.

4 stk. Goodyear naggladekk á felgum 195/65 R15, hjólkoppar fylgja. Verð 10 þús. Sími 863 3021.

Til sölu 4 16" álfelgur á bíl. Uppl. í s. 695 5333.

Tiltölulega ný 15" Goodyear nagladekk til sölu undan Skoda Oktavia á 25 þús. Uppl í s. 849 1014.

4 Stk. 16" nelgd vetrardekk á felgum 205/55-16 á 5 gata álfelgum 5x114,3. Verð 55 þús. Passar td. Galant eða Accord. Sími 867 4407.

## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Einnig airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala**
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284, partasolur.is

Varahlutir í Alfa Romeo 156 Góð Vetradekk 15' á felgum Góð pluss innréting, gírkassi + fl Sími 6904045

Tropper varahlutir til sölu vél sjálfskipting og margt fl. Uppl. í s. 899 6363.

## Bílaleiga



EINN MEÐ ÖLLU. Audi A6 Quattro (4x4) 2002 ek.55þkm. á.v. 3390þús. TILBOÐ 2390þús v./brottflunings úr landi uppl Simon 0045299369,Óli:8964768, Litla Bílasalan: 5877777

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Hreingerningar ehf. S: 868 5599




Óskum eftir aðstoð við heimilisþrif í Grafarvogi. Upplýsingar í s. 898 4456. Oddný

## Ræstingar

Tek að mér flutningsþrif fyrir heimili og fyrirtæki, er vön. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 659 9511.

Tek að mér heimilisþrif, er vandvirk. Áhugasamir hafið samband í síma 891 8157.

## Bókhald

Bókhaldsþjónusta og fjármálaráðgjöf bæði fyrir einstaklinga og rekstraraðila. S:842 5500

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

## Garðyrkja







Vetur, sumar, vor og haust. Vanir menn, vönduð vinna! Upplýsingar veita Ólafur 661 2005 & Hilmar 699 8509 Kletthamar ehf. www.kletthamar.is




## Húsaviðhald










**Janúar tilboð 20% afsláttur.**
**Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Stigagangar, sameignir og íbúðir, gamalt og nýtt.**
**Upplýsingar í síma 869 3934 Ingimundur Málarameistari.**




**A+verktakar ehf**
**Bestir í flísum - góðir í múrverki.**
**Tilboð - tímavinna.**
**Uppl. í s. 897 9394. Ásgeir.**




**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Húsaviðhald!**
Parket, hurðir, innréttinngar, nýsmíði og breytingar úti sem inni. Uppl. í s. 698 4706.

## TIL SÖLU




## TIL SÖLU





Hefur þú séð nýju línuna frá Theo í Dýraríkinu Miðhrauni...? 30% afsl. af eldri línunni frá Theo. Dýraríkið Miðhrauni (við brúna hjá IKEA) Opið alla daga frá 11 - 19 www.theo.is



Schafer hvolpar til sölu, með ættbók frá HRFÍ. Til afhendingar 9.feb. Upplýsingar í síma 615 5000.

Please Pet Nutrition. Náttúrulegt nammi og bitafiskur fyrir hunda og ketti. Gefur árangur í þjálfun og leik. Fæst í Bónus. www.please.is

Til sölu flottur silky terrier hvolpur. Heilsufarskoðaður, örmerktur, með ættbók. Uppl. í s. 897 9257.

Til sölu hvít mini púðlu stelpa einnig hvít og svört partý púðlu stelpa. Yndislegir og blíðir smáhundar v. 80 þús. Uppl. í s. 478 2114.

## Hestamennska



Hnakkar, taumar, múlar, höfuðleður, ábreiður ofl. Hestavörur á frábæru verði. Tito.is - Súðavogi 6. S. 861 7388.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Pokoje do wynajecia. Nuomojami kambariai. Simi 892 9295.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Glæsileg 3ja herb íbúð í Hafnarfirði Til leigu glæsileg 3ja herb 98 fm íbúð á góðum stað í Hfj. Nýlega standsett. Búnaður og húsgögn innifalin ef vill. Langtímaleiga. Laus mjög fljótleg. Sjá nánar á Kassi.is

5herb 118fm íbúð til leigu á svæði 105 Reykjavík. Leiga 180þ á mánuði 1 mánuð fyrirfram og bankatrygging. Allt nýtt, 2 baðh. Uppl s 861 5701

2 herb. 50 fm. Íbúð (107 Rvk) til leigu frá 1 feb - 15 júní. Leiga 100 þús/mán. Uppl. í s. 844 0478.

Til leigu kjallaraíbúð miðsvæðis í Kópavogi. Reglusemi og skilvísi áskilin. Uppl. í s. 864 5920.

Herbergi í 101 Rvk til leigu. 40 þús/mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

Herbergi í 101 Rvk til leigu. 40 þús/mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

Til leigu raðhús í Árbæ samtals 200 m2. Áhugasamir sendið tölvupóst á petrinao@internet.is eða í síma 6909211

Til leigu 2 herb. 60 fm. íbúð í Þórlakshöfn. Íbúðin er laus strax. Uppl. í s: 894-1312 eða lovisa.blueice@gmail.com I speak english.

**Íbúð/atvinnuhúsnæði**
Bjart 138fm húsnæði í 200 Kóp. Fallegt útsýni með mikið af gluggum. Hentar pari, listamanni eða sem atvinnuhúsnæði. Laust strax. Uppl. í s. 896 3470 & 552 3822.

11 fm herb. til leigu í seljahverfi. Nýmálað með parketi og lítilli innréttingu með vaski og góðum glugga. Sameiginl. WC með góðri sturtu. S. 669 9601

3ja herb íbúð á svæði 105 til leigu. Uppl. í s. 695 1730.

2 herb., kj. íbúð í R-109. skamtímaleiga. Reykl. og reglus. V. 69 þ. S. 695 1790.

Grafarholt til leigu 50 fm. íbúð á 1 hæð + bílageymsla, þvottavél, þurkari og ísskápur. Laus 1 mars. Reykleisi og reglusemi skylirði. Allar uppl. veitar í s. 694 5788 eftir kl. 17.

## Húsnæði óskast

**Systkini óska eftir íbúð sem fyrst helst miðsvæðis**
**Eru reglusöm og með trausta innkomu. Æskilegt væri ef íbúðin skiptist í tvö mjög stór herbergi, eldhús og bað. Langtímaleig.**
**Uppl. hjá Oddi í síma 847 3860.**

**Stúdíó íbúð óskast sem fyrst.**
**Óska eftir að taka á leigu stúdíóíbúð helst með húsgögnum, en ekki skilyrði. Er reglusöm og róleg. Skilvísum greiðslum heitið. Er í traustri vinnu. Greiðslugeta 40-60 þús.**
**Upplýsingar í síma 697 3386**

Feðgar óskar eftir 2 herb. Íbúð í Rvk og nágrenni. Greiðslugeta 55-75 þús. Langtímaleiga. Uppl. í s. 869 9766.

Óska eftir þægilegu húsnæði sem má hafa gæludýr. Uppl. í s. 863 9469.

3. Herb. íbúð óskast til leigu í Rvk. frá og með 1 mars. Verður að vera snyrtileg og í rólegu umhverfi. Fyrirframmgreiðsla í boð fyrir réttu íbúðina. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 896 7611.

Óskum eftir 3-4 herb. íbúð í Hafnarfirði. Langtímaleiga. 3 í heimili, reyklaus, öruggar greiðslur. Uppl. í s. 696 4618 & 820 3409.

25 ára kona óskar eftir íbúð til leigu miðsvæðis frá lok feb. Reyklaus, reglusöm. Skilvísum greiðslum heitið. Greiðslugeta 70-90 þús. Uppl. í s. 691 5513.

5-6 herbergja íbúð óskast sem fyrst. Skilvísum greiðslum heitið. S. 823 7901.

## Sumarbústaðir



Til sölu til flutnings nýtt Sumarhús 67 fm + 32 fm svefnloft. Fullbúin að utan, einangruð og plöstuð að innan. Teikningar fylgja með. Sumarhus.com S. 615 2500.

Til sölu 1 hektari sumarhúsaland í Landi Þórisstaða í Grímsnesi. Heitt vatn og rafmagn á lóðarmörkum, kalt vatn komið inná miðja lóð. Uppl. í s. 894 4651 & 424 6421.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir Verslunar/Iðnaðarhúsnæði á götuhæð með gluggum, þarf að vera lámark 30fm. Vinsamlegast hafið samband í síma 8971753/6944166

Iðnaðarhúsnæði ca. 60 fm í Garðabæ til leigu. Uppl. í s. 844 1011.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Viðskiptatækifæri

Flott stofa. Flott fagfólk. Glæsileg hársnyrtistofa ætlar að vera með stólaleigu í Hafnarfirði fyrir fagfólk sem vill vinna með viðskiptavini eftir eigin hentisemi. Flott aðstaða fyrir hendi. Erum með stofur í Keflavík og Sandgerði. Uppl. í síma 8653081. Kveðja, Fimirfingur.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

starf.is
Nú er rétti tíminn til að breyta til.

**Meiraprófsréttindi Vélamenn óskast**
**Óskum eftir að ráða vana vélamenn, með meiraprófsréttindi. Mikil vinna framundan.**
**Vélsmiðjan Altak ehf Ægisgarði 7 Sími á skrifst. 577-7090 og einnig gefur uppl. Sveinn Magnússon 8992816**

**Mötuneyti**
**Óskum að ráða aðila til að sjá um mötuneytisaðstöðu og þrif á vinnubúðum staðsettum á Hellisheiðarvirkjun.**
**Vélsmiðjan Altak ehf Ægisgarði 7**
**Sími á skrifst. 577-7090 og einnig gefur uppl. Sveinn Magnússon 8992816**

**American style Bíldshöfða**
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í sal 100% vaktavinnu í sal. Mjög góð íslenskukunnátta áskilin. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært folk. Komdu í vinnu á flottum stað og sæktu um á americanstyle.is

**Leikskólinn Ösp**
**Leikskólinn Ösp er þriggja deilda leikskóli staðsettur í Fellahverfinu.**
**Við leggjum áherslu á fjölmenningu og jákvætt viðhorf.**
**Okkur vantar frábæra kennara til liðs við okkur.**
**Deildarstjóra ,**
**Leikskólakennara/leiðbeinendur,**
**-Þroskaþjálfa/sérkennara,**
**-Aðstoð í eldhús 50% staða.**
**Upplýsingar gefa Svanhildur og Kristín í síma 557 6989 & 693 9819**

**Kornið Hrísateig**
Óskum eftir starfsfólki í afgreiðslu. Vinnutími 07-13. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

**Kornið auglýsir**
Kornið Bíldshöfða óskar eftir eldri konum til starfa í afgreiðslu. Vinnutími frá 8-17. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

**Kornið Borgartúni.**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu frá kl. 5:30-13:30. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir glaðlegu og broshýru starfsfólki í sal í kvöld- og helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir að ráða starfsfólki fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði. Aukavinna í boði ef vill.**
**Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is**

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+.**
**Upplýsingar í síma 894 0292.**

**Óskum eftir vönum mönnum í almenna útivinnu, næg vinna framundan og góð verkefnastaða, Uppl. í s. 690 9800.**

**Sölumaður /Ábyrgðarmál**
Nítró óskar eftir að ráða öflugan og áreiðanlegan starfsmann í verslun félagsins að Bíldshöfða. Starfið felur í sér að sjá um ábyrgðarmál Nítró auk sölu á mótorhjólum og öðrum tækjum. Einnig almenn sala á fatnaði og aukahlutum. Æskilegt er að viðkomandi hafi tækniþekkingu á vélum og tækjum. Nánari upplýsingar um starfið veitir Haukur Þorsteinsson í síma 896-1312. Áhugasamir geta einnig sótt um starfið á www.n1.is

**Vefsíða Nítró**
Nítró óskar eftir hugmyndaríkum og áræðnum starfsmanni til að sjá um vefsíðu Nítró auk vinnu við vörulista og auglýsingar. Nánari upplýsingar um starfið veitir Haukur Þorsteinsson í síma 896-1312. Áhugasamir geta sótt um starfið á www.n1.is

**Útibú Nítró**
Nítró óskar eftir áreiðanlegum og duglegum starfsmanni með töluverða þekkingu á mótorhjólum, varahlutum og öðrum vörum þeim tengdum til þess að aðstoða og þjónusta útibú Nítró um allt land. Í því felst m.a. að samræma vöruúrval útibúanna, útstillingar, varahlutaleit og fleira. Nánari upplýsingar um starfið veitir Haukur Þorsteinsson í síma 896-1312. Áhugasamnir geta einnig sótt um starfið á www.n1.is

**AU PAIR Í LONDON Í 3 TIL 5 MÁNUÐI**
**Lítil íslensk fjölskylda í London leitar að AU PAIR til að sinna heimilinu og 2 ára barni. Viðkomandi þarf að vera heiðarlegur, duglegur, reyklaus og hafa reynslu af barnapössun eða barnagæslu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax.**

**Heimilið er í útjaðri London í einu af fallegasta og friðsælasta svæði borgarinnar. Mjög stutt er í lestarsamgöngur í hjarta Lundúna.**

**Vinnuskilda og umgengisreglur í samræmi við almenna Au Pair leiðarvísa.**
**Áhugasamir hafið samband við Áslaug í síma + 44 7894 435635 eða á netfangið: aupairengland@yahoo.com**

**Hótel Óðinsvé**
**Hótel Óðinsvé óskar eftir starfsmanni í móttöku. Um er að ræða a.m.k. 50% starf á vöktum sem fer upp í fullt starf yfir sumartímann. Góð íslensku- og tölvukunnátta skilyrði.**
**Upplýsingar gefur Jónína í síma 511 6200 eða 869 1402 um helgar.**

**Vaktstjóri Select Vesturlandsvegi**
**Vilt þú takast á við áhugavert starf og vinna með góðu fólki? Afgreiðsla í verslun og vaktumsjón. Unnið er á þrískiptum vöktum frá 7:30 til 23:30, alls 17 daga í mánuði.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3000 eða Elín, stöðvarstjóri, í síma 587 9730. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

**Helgarvaktstjóri Select Hraunbæ**
**Vilt þú takast á við áhugavert starf og vinna með góðu fólki? Afgreiðsla í verslun og vaktumsjón.**
**Hlutastarf aðra hvora helgi, frá fimmtudegi til sunnudags frá kl. 15:30 til 23:30.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3000 eða Helga, stöðvarstjóri Hraunbæ, í síma 567 1050. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

**Starfsmaður á plani Select Smáranum**
**Hressandi þjónusta og útivera. Kjörið starf fyrir fólk á besta aldri og þá sem hafa áhuga bílum. Í boði er 50% starf. Eigum við eitthvað að ræða það?**
**Unnið er á vöktum mánudaga til sunnudaga frá kl. 7.30 til 13:30 eða13:30 til 19.30, alls 15 daga í mánuði.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3000 eða Jóna Björg, stöðvarstjóri Smáranum í síma 554 2280. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

**Caelum verktakar**
**Flísalagnir, múrviðgerðir, parketlagnir, klóaklagnir, drenlagnir og margt margt fl. Fagleg og fljót þjónusta. Tilboð að kostnaðarlausu.**
**Upplýsingar í síma 662 8008 & 820 8888.**

**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur leikvöllur fyrir fullorðna.

Starfskraft vantar í afgreiðslu um kvöld og helgar. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 864 7318.

# ATVINNA



**VANTAR ÞIG JÁRNSMIÐI EÐA BLIKKSMIÐI?**
Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN
HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

# TILKYNNINGAR

**Pólýfónfélagið Pólýfónkórinn**

**Afmælishátíð laugard. 29. mars 2008**

Í tilefni af því að 50 ár eru liðin síðan Pólýfónkórinn hélt fyrstu tónleika sína undir nafninu Pólýfónkórinn verður efnt til afmælishátíðar á Grand Hótel við Sigtún 29.mars n.k. Hátíðin hefst kl. 18:30 með fordrykk og vönduðum matseðli. Til skemmtunar er fjöldasöngur, kórsöngur, kvartettsöngur og einsöngur auk myndasýninga, tónlistarflutnings og fleira. Sala aðgöngumiða verður nánar auglýst síðar, en allir fyrrum félagar í Pólýfónkórnum eru velkomnir á hátíðina.
Nánari upplýsingar munu birtast á vefsíðu Pólýfónfélagsins - www.polyfon50.is -

Stjórn Pólýfónfélagsins

## Auglýsing um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarráðs Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

**Hagasmári 1, norðurturn við Smáralind. Breytt deiliskipulag.**

Í samræmi við skipulag- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt þann 28. desember 2007 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Hagasmára 1, norðurturn við Smáralind. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26 . gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 30. janúar 2008.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

**Smári Smárason**
**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

## TILKYNNING

**Um framboð til stjórnarkjörs:**

Uppstillingarnefnd Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (St.Rv.) hefur gert tillögu um félagsstjórn.

Nánari upplýsingar um tillöguna og framboðsfrest á skrifstofu félagsins, vinnustöðum og á heimasíðu félagsins www.strv.is

**Kjörstjórn St.Rv.**

**Lagerstarf - Hafnarfjörður**

**Óskum eftir röskum starfsmönnum á miðlager okkar við Fornubúðum 5 í Hafnarfirði. Starfið felst í allri almennri lagervinnu. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Vinsamlega sendið umsóknir á eirikurs@mest.is eða hringja í síma 825-0473, Eiríkur.**

**Ertu hættur að vinna?**
Er próflaus, vantar bílstjóra hluta úr degi. Létt vinna sem skerðir ekki tekjur þínar. Vinsamlegast sendið uppl. á fréttablaðið merkt „Bílstjóri".

Óska eftir íslensku mælandi, duglegu heiðarlegu starfsfólki í rætingar. Uppl. í s. 821 2765.

**HENDUR.IS**
Ráðning stendur yfir í eftirf. stöður: svæðisstjóra, sölufulltrúa, verkstjóra, bónara, liðveislu, hjúkrun, o.fl. www.hendur.is

## TIL LEIGU

# Íbúð á NY-svæði

Íbúð til leigu rétt fyrir utan New York (10-15 mín frá Times Square). Stofa og 2-3 svefnherbergi. Hentar vel fyrir fjölskyldu eða nema. Uppl. í síma 001 201 330 9178 eða fdlinteriors@yahoo.com

# Þarftu að leigja?

Rentus LEIGUMIÐLUN

Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Ég er öryrki með skipstjórnarréttindi og ofl. Er á eigin bíl og er mjög vanur akstri. Uppl. í s. 553 1760 & 892 2001

22 ára stúlka frá Lettlandi óskar eftir vinnu. Hef reynslu af veitingastörfum á Íslandi. Uppl. í s. 849 5623.

**Vantar þig Starfsfólk?**
Hendur.is er nýr vefur sem aðstoðar fyrirtæki við að finna rétta starfsfólkið. Ef auglýsingin skilar ekki árangri færðu hana frítt. WWW.HENDUR.IS

Meiraprofsbilstjori fra Lettlandi oskar eftir vinnu a Islandi. Getur byrjad strax. S.8457158

## GRAFARVOGUR - EINBÝLI SKIPTI Á MINNI EIGN



Sérstaklega vandað og vel skipulagt 177 fm einbýli á einni hæð með góðum bílskúr, vel staðsett við botnlangagötu. Stórar stofur og 3 svefnherbergi. Baðherbergi með baðkari og sturtu. Eldhús með fallegri innréttingu og góðum borðkrók. Sólstofa með hita í gólfum og verönd með heitum potti. Húsið var málað að utan sl. sumar. Stutt í skóla og íþróttir. Bein sala eða skipti á ódýrari eign á höfuðborgarsvæðinu. **Verð 54,9 millj.**

**Pantið skoðun um helgina í síma 822 4850.**

*Höfði fasteignamiðlun Sími 533 5060*
*Runólfur Gunnlaugsson lögg. fasteignasali*

## FASTEIGNA-MARKAÐURINN

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

# Skaftahlíð 12

## 5 herb. íbúð

## Opið hús í dag frá kl. 15-16





Falleg og vel skipulögð 112 fm íbúð á 2. hæð í þessu eftirsótta fjölbýli, teiknað af Sigvalda Thordarsyni. Íbúðin er mjög björt og vel skipulögð og skiptist í rúmgott hol, saml. bjartar stofur, eldh., 3 herb. og baðh. Tvennar svalir til suðurs og austurs. Útsýni til Perlunnar og Hallgrímskirkju. Hús nýviðgert og málað að utan og gluggar og gler nýtt. **Ein íbúð á hæð. Verð 32,9 millj.**

***Íbúðin verður til sýnis í dag, laugardag, frá kl. 15-16. Verið velkomin!***

# OPIÐ HÚS

**LAUGARDAG KL. 11-15 OG SUNNUDAG KL. 13-15**

**TJARNABAKKI 4 OG 8 – NJARÐVÍK**

**TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR!**

**FULLBÚNAR ÍBÚÐIR – FLYTTU INN!**



Einungis – 4 – íbúðir eftir

Möguleiki á 90% láni!



Glæsilegar 4ra herb. sérhæðir, bílskúr með öllum íbúðum nema einni. Íbúðirnar samanstanda af þremur svefnherb., sjónvarpsholi, stórri stofu og borðstofu. Vandað eldhús og bað. Sérþvottahús og geymsla innan íbúðar. **Vönduð tæki frá AEG. Ísskápur. Uppþvottavél. Þvottavél. Þurrkari. Fallegt parket og flísar. Vextir frá 4,9%. Verð frá 23.4 millj.**

**Nánari upplýsingar hjá sölufulltrúum Akkurat 898 3474 og hjá Stuðlaberg 864 5464**

**Akkurat FASTEIGNASALA**
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir lögg.fast.

**STUÐLABERG FASTEIGNASALA**
**Hafnargötu 29, 2. hæð, Keflavík**
**Símar 420 4000 og 864 5464**
Guðlaugur H. Guðlaugsson lögg.fast.

# Tröllakór 2-4 – Kópavogi

## Opið hús í dag frá kl. 13:00 til 14:00









Sýnum í dag vel skipulagðar 3ja, 4ra og 5 herb. íbúðir í fallegri nýbyggingu á miklum útsýnisstað í Kórahverfinu í Kópavogi, nálægt Elliðaárvatni og nýrri íþróttaakademíu. Íbúðirnar eru til afhendingar fljótlega, fullbúnar án gólfefna.

**Traustir byggingaverktakar, Dverghamrar ehf.**

- *Sérinngangur í allar íbúðir*
- *Snjóbræðsla í bílaplani og stéttum*
- *Stæði í upphitaðri bílageymslu fylgir flestum íbúðum*
- *Vandaðar innréttingar frá AXIS*
- *Granít í borðplötum og sólbekkjum*
- *Uppþvottavél, örbylgjuofn og ísskápur fylgja öllum íbúðum*
- *Gert er ráð fyrir arni í íbúðum á efstu hæð*
- *Lyftuhús*
- *Suður svalir*
- *Afhening fljótlega*

Verð á 3ja herb. 110-118 fm. íbúðum **frá 25,9 til 27,5 millj.**
Verð á 4ra herb. 155 -161 fm. íbúðum **frá kr. 38,9 millj.**
Verð á 5 herb. 167-169 fm. íbúðum **frá kr. 39,9 millj.**

***Komið og skoðið fullbúnar sýningaríbúðir.***
***Sölumenn Höfða á staðnum laugardag frá kl. 13 til 14 og sunnudag frá kl. 15 til 16.***

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**
**Suðurlandsbraut 20 • Bæjarhrauni 22**
**Runólfur Gunnlaugsson viðskiptafr., lögg. fast.- og skipasali**
**Kristín Pétursdóttir, lögg. fasteignasali**
**Ásmundur Skeggjason löggiltur fasteignasali**

**Suðurlandsbraut 20 – Sími 533 6050 – Bæjarhrauni 22 – Sími 565 8000**

# Egill Árnason hf




# SÍÐASTI DAGUR
# STÓRÚTSÖLUNNAR












## Allt að 70% afsláttur










Egill Árnason hf. Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500 I Baldursnesi 6 603 Akureyri 595 0590
www.egillarnason.is Afgreiðslutímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 10 - 16




# Tenerife





## Tenerife í sumar
### - Bókaðu núna og tryggðu þér besta verðið!

Heimsferðir bjóða þér nú til glæsilegra ævintýra á Kanaríeyjunni vinsælu Tenerife í sumar. Tenerife, sem er stærst Kanaríeyjanna, býður frábærar aðstæður fyrir ferðamanninn; fallegar strendur, glæsilega gististaði, fjölbreytta afþreyingu og stórbrotna náttúru. Á liðnum árum hafa systurfyrirtæki Heimsferða á norðurlöndum sent ferðamenn í þúsundatali til Tenerife og nú sláumst við í hópinn og bjóðum Íslendingum að taka þátt í veislunni. Við bjóðum glæsilegar ferðir á frábærum kjörum og vinsæla gististaði á Los Cristianos og Playa de las Américas.




**Beint flug með Primera Air**
Það er íslenska flugfélagið JetX sem annast allt leiguflug Primera Air fyrir Heimsferðir á Íslandi og fyrir önnur dótturfyrirtæki Primera Travel Group í Skandinavíu. Þjónusta um borð er fyrsta flokka og að sjálfsögðu á íslensku.

**Gríptu þettta einstaka tækifæri og smelltu þér í frí með Heimsferðum og njóttu lífsins til hins ýtrasta á Tenerife í sumar.**



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA / NM28234

**www.heimsferdir.is**

# Bókaðu strax! www.heimsferdir.is
## Glæsilegasta sumarfríið á ótrúlegu verði




### Tenerife Sur - íbúðahótel Los Cristianos

Gott íbúðahótel sem er mjög vel staðsett í Los Cristianos. Örstutt er að ganga á ströndina eða í miðbæinn. Hér bjóðast stúdíóíbúðir og íbúðir með einu svefnherbergi. Íbúðirnar eru einfaldar en bjóða öll helstu þægindi. Í öllum íbúðum er gervihnattasjónvarp (leiga), sími, öryggishólf, eldhúsaðstaða, baðherbergi með hárþurrku og svalir eða verönd með húsgögnum. Sundlaugargarður með góðri sólbaðsaðstöðu, laug og barnalaug auk barnaleiksvæðis. Veitingastaður og bar er á hótelinu, einnig lítil verslun, þvottaaðstaða, íþróttaaðstaða, billiardborð og sauna. Hentar ekki fólki sem á erfitt með gang.
Gott og heimilislegt íbúðahótel sem er skemmtilega staðsett og býður allt það helsta sem þörf er á í sumarleyfinu.




### Compostela Beach - íbúðahótel Playa del Américas

Compostela Beach er frábærlega staðsett íbúðahótel fremst á Las Américas ströndinni en við hótelið er einnig stærsta og glæsilegasta verslunarmiðstöðin á svæðinu. Hótelið er í 8 byggingum á 4 hæðum. Íbúðirnar eru með 1 svefnherbergi, stofu, eldhúskrók og baðherbergi. Í fallegum garðinum eru sundlaug og barnalaug, snakkbar, sólbekkir og sólhlífar. Á hótelinu er einnig veitingastaður, internetaðstaða, lítil matvöruverslun, líkamsræktaraðstaða, billardborð og fleira. Besta staðsetningin, við ströndina.





### Hotel Jacaranda

Hotel Jacaranda er á mjög góðum stað í Fanabé, aðeins um 500 m. frá strönd. Á hótelinu eru tveir glæsilegir sundlaugargarðar með góðri sólbaðsaðstöðu og fjölda sundlauga. Skemmtidagskrá og fjölbreytt afþreying í boði. Mjög gott hótel á góðum kjörum.




### El Duque íbúðahótelið

El Duque er glæsilegt íbúðahótel í Fanabé þar sem mikið er af nýlegum hótelum. Hótelið býður frábæra aðstöðu fyrir gesti sína. Rétt við er verslunarmiðstöðin El Duque þar sem er fullt af verslunum, veitingastöðum og börum. El Duque er án efa eitt allra besta íbúðahótelið á Playa de las Americas.

## Verðdæmi

**Compostela Beach – íbúðir *****
**Kr. 48.995**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, 27. maí í 2 vikur.

**Tenerife Sur - íbúðir *****
**Kr. 49.795**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, 27. maí í 2 vikur.

**Kr. 67.990**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna í stúdíó, 27. maí í 2 vikur.

**Apartotel El Duque - íbúðir ***+**
**Kr. 51.495**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, 27. maí í 2 vikur.

**Kr. 67.990**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna í stúdíó, 27. maí í 2 vikur.

**Hotel Jacaranda **** - með hálfu fæði**
**Kr. 66.895**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi með hálfu fæði, 27. maí í 2 vikur. Aukagjald fyrir allt innifalið kr. 9.800 á mann í 2 vikur.

**Kr. 105.790**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði, 27. maí í 2 vikur. Aukagjald fyrir allt innifalið kr. 9.800 á mann í 2 vikur.

**Hotel Sheraton Caleta *******
**Kr. 156.390**
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði, 27. maí í 2 vikur.




### Sheraton La Caleta Resort & Spa

Sheraton La Caleta Resort & Spa er stórglæsilegt 5 stjörnu hótelið í fallegu umhverfi og hér er allur aðbúnaður er svo sannarlega fyrsta flokks og öll þjónusta til staðar sem vænta má á 5 stjörnu gististað. Glæsilegur valkostur fyrir bæði einstaklinga og fjölskyldur sem vilja fyrsta flokks lúxusgistingu.

Mundu MasterCard ferðaávísunina

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri • Sími 461 1099**

# Segullinn í Vatnsmýrinni

**Framkvæmdir eru hafnar við nýbyggingu Háskólans í Reykjavík. Samhliða stendur yfir uppbygging á innviðum skólans. *Svavar Hávarðsson* komst að því að „á meðan húsið rís þá er mannauður skólans í þrekþjálfun“, eins og Svafa Grönfeldt, rektor HR, orðar það. Hún hefur gegnt starfi rektors í rúmt ár og hefur sannfærst um að háskóli er geysisterkt hreyfiafl í íslensku samfélagi.**



**Á SKRIFSTOFUNNI** Kannski endurspeglar skrifstofa rektors að Háskólinn í Reykjavík er ekki hefðbundin menntastofnun. Pappírinn flæðir ekki af gömlu skrifborði og skrifborðsstól er hér ekki að finna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þess er ekki langt að bíða að nýbygging Háskólans í Reykjavík skríði upp úr Vatnsmýrinni en byggingarframkvæmdir eru nú hafnar við þetta glæsilega mannvirki sem mun setja mikinn svip á höfuðborgina. En samhliða stendur yfir mikil uppbygging á innviðum skólans þar sem starfsemi hans til framtíðar er í mótun. Ráðið verður í tugi nýrra akademískra starfa á næstu misserum og jafnframt mun alþjóðlegt ráðgjafaráð sem skipað er fræðimönnum og stjórnendum úr sjö erlendum háskólum starfa við hlið nýs háskólaráðs sem tekur til starfa í febrúar. Hér leggst allt á eitt; uppbygging aðstöðu á heimsmælikvarða og metnaður íslensks skólafólks sem ætlar að koma HR í fremstu röð háskóla í Evrópu og skapa Reykjavík sess sem alþjóðleg háskólaborg innan fárra ára.

**Segull í Vatnsmýrinni**

„Það sem er að gerast núna er að við erum að byggja alþjóðlegan háskóla sem verður segull fyrir Íslendinga sem hafa unnið erlendis en vilja vera hluti af alþjóðlegu vísindasamfélagi með starfsvettvang hérna heima. Á sama tíma viljum við einnig byggja stökkpall fyrir unga fólkið okkar sem vill kynnast því hvernig alþjóðlegt umhverfi er. Þau geta kynnst því hér í Vatnsmýrinni,“ segir Svafa Grönfeldt rektor. „Svo er spurningin hvernig við ætlum að gera þetta að veruleika.“

Komið hefur verið á fót sjö manna ráðgjafaráði við HR sem kemur til landsins í lok febrúar. Ráðið mun starfa með háskólaráði og stjórnendum skólans að mótun framtíðarstefnu og aðgerðaáætlana næstu ára. Í ráðinu eru fræðimenn og stjórnendur frá sjö erlendum háskólum. „Þeirra hlutverk er að starfa með okkur að því að svara spurningunni um hvernig verður til alþjóðlegur háskóli í Vatnsmýri. Þetta markast þó af skýrri sýn á lítinn háskóla á alþjóðlegan mælikvarða sem er meðfærilegur í fræðilegum skilningi. Það gerir það að verkum að teymi frá skólum eins og MIT og London Business School voru til í að koma og vinna með okkur að framtíðaruppbyggingu skólans. Við erum skemmtileg áskorun fyrir þá og tækifæri til að gera eitthvað nýtt.“

**Davíð og Golíat**

Til að ná settum markmiðum hefur HR tekið upp samstarf við öfluga erlenda háskóla. Hópur sérfræðinga frá MIT, sem er einn virtasti tækniháskóli í heimi, hefur að undanförnu unnið að þróun og skipulagningu meistaranáms í tækni- og verkfræði ásamt starfsmönnum skólans. Viðskiptadeild HR hefur jafnframt hafið undirbúning að samstarfi við London Business School um framtíðaruppbygginguna á framhaldsnámi í deildinni. Stefnt er að enn frekara samstarfi af þessum toga við leiðandi alþjóðlega háskóla á næstu misserum.

En hvernig laðar skólastýra á Íslandi að sér hæfileikafólk frá stórveldum í háskólasamfélaginu eins og MIT, Colombia-háskóla, IESE og London Business School svo dæmi séu tekin? „Þetta byggist á persónulegum tengslum að hluta, maður þekkir mann sem leiðir til þess að samband næst við réttu aðilana. Þetta eru fræðimenn af ýmsum sviðum sem við leituðum uppi og fannst áhugavert að byggja háskóla sem þeir vildu sjálfir hafa byggt. Þeim fannst heillandi að byrja með hreint borð og hafa tækifæri til að móta starfsemi menntastofnunar eftir þeirra eigin hugmyndum. Að mínu mati getur enginn staðist svona tilboð og Ísland hefur margt fram að færa sem við vanmetum. Þeir segja hiklaust að Ísland skari fram úr sem samfélag og telja sig fá til baka þekkingu á fjölmörgum sviðum sem nýtist þeim á fjölbreyttan hátt.“ Svafa segir jafnframt að fram undan séu nemendaskipti á milli HR og MIT auk þess sem samstarf um rannsóknir sé í pípunum.

> ” Háskóli í eðli sínu á að vera án allra landamæra, bæði persónulegra og landfræðilegra

**Einvalalið ráðið til kennslu**

Ráðið verður í fjörutíu nýjar akademískar stöður á næstu misserum og koma þessir starfsmenn skólans frá yfir fimmtán þjóðlöndum. Einnig hafa að undanförnu bæst í hóp HR-inga innlendir og erlendir sérfræðingar frá fjölmörgum háskólum um allan heim sem og starfsmenn frá fyrirtækjum og stofnunum á borð við tölvurisann Microsoft, Geimferðastofnun Bandaríkjanna (NASA) og Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO).

„Við erum ekki bara að steypa veggi niðri í Vatnsmýri heldur einnig að bæta markvisst við öflugan hóp HR-inga svo þegar við flytjum í áföngum næsta haust og á árinu 2010 séum við tilbúin. Á meðan húsið rís þá er mannauður skólans í þrekþjálfun. Þetta er alveg hrikalega gaman og við höfum lært mikið á stuttum tíma.“

Svafa sér HR fyrir sér sem opinn háskóla á mörkum tveggja heima, austurs og vesturs, og telur landfræðilega staðsetningu Íslands einn meginstyrk skólans. „Húsið eitt og sér er bara starfsvettvangur, en umgjörð og aðstaða skiptir máli. Háskóli í eðli sínu á að vera án allra landamæra, bæði persónulegra og landfræðilegra, og við ölum á þeirri hugsun að engar takmarkanir eða hindranir séu til staðar í hugsun eða vali á verkefnum.“ Skólinn verður að sögn Svöfu samfélag sem fólkið í landinu mun hafa aðgang að á margvíslegan hátt. Sem dæmi nefnir hún háskólatorg skólans þar sem kaffihús, veitingastaðir, bóksala, verslanir og ýmis önnur þjónusta verður boðin þeim sem leið eiga um nágrenni skólans. „Við erum líka einn tveggja skóla í heiminum sem hafa baðströnd,“ segir Svafa hlæjandi. „Hinn er á Indlandi.“

**Ný tegund háskóla**

Aðgerðir HR nú eru ekki síst til að renna stoðum undir akademískan styrk skólans, sem er skilgreindur eftir fjölda doktorsmenntaðra kennara og birtingu ritrýndra greina í fagtímaritum. „En það er líka að verða til ný tegund af háskólum í heiminum þar sem ekki síður er lögð áhersla á gæði kennslu en akademískan styrk. Sérstaða HR sem skóla felst í gæðum kennslu, en ekki síst í óvenjulegum aðferðum við þekkingarmiðlun. Það kemur til vegna sterkra tengsla við atvinnulífið og alþjóðlegt háskólasamfélag. Þannig verður styrkur okkar sambærilegur við það sem best gerist. Það er grunnurinn en við munum ekki gleyma upphaflegu hlutverki okkar sem er að mennta. Ástæðan fyrir því að hæfileikafólk er tilbúið að vinna með okkur er að hér gefst tækifæri til að prófa sig áfram og þróa nýjar aðferðir við kennslu.“

**Nú árið er liðið**

Svafa tók við starfi rektors við HR fyrir rúmu ári en hafði áður gegnt lykilstöðu hjá lyfjafyrirtækinu Actavis. Í viðtali við Fréttablaðið á þeim tímamótum sagði hún ástæðuna fyrir því að hún þáði starfið vera sannfæring hennar um að með framsæknum skóla væri hægt að hafa djúpstæð áhrif á íslenskt samfélag. „Hér er tækifæri til að hafa áhrif til lengri tíma litið,“ sagði Svafa.

En hefur framtíðarsýnin og væntingar hennar til starfsins og skólans breyst á því ári sem liðið er? Voru forsendur hennar rétt metnar þegar hún tók við skólanum? „Starfið hefur farið fram úr mínum væntingum. Það er svo auðvelt að hreyfa við hlutunum í þessu umhverfi. Það sem kom mest á óvart er að upplifa hvað hægt er að hafa mikil áhrif á framtíðina. Það vanmat ég. Ég gerði mér ekki grein fyrir því þá hvað starfsemi skóla eins og við erum að byggja hefur mikla þýðingu fyrir samfélagið í heild. Við erum í raun með marga háskóla undir einu þaki sem verður segull á hæfileikafólk hér á landi og erlendis. Þannig getur HR haft mikil áhrif því við verðum að skapa vöggu þekkingar sem færir fyrirtækin okkar af starfskrafti.“

Svafa segir að arkitektar kalli HR „university“ af því að í raun sé lítil háskólaborg að verða til í Vatnsmýrinni. Hún vonar að þessi borg innan borgarmarkanna verði órjúfanlegur hluti af því litríka samfélagi sem Ísland er orðið. „Við ætlum svo sannarlega að leggja okkar á vogarskálarnar,“ segir Svafa að lokum.

## EINN BEST BÚNI HÁSKÓLI EVRÓPU

Hafnar eru framkvæmdir við nýbyggingu Háskólans í Reykjavík við rætur Öskjuhlíðar. Byggingin verður ein sú stærsta í Reykjavík, um 40 þúsund fermetrar, og er hönnuð með það að leiðarljósi að bjóða upp á aðstöðu á heimsmælikvarða fyrir nemendur, kennara og vísindamenn. Skólinn verður einn best búni háskóli í Evrópu og mun nýja húsið gjörbylta aðstöðu til kennslu og vísindastarfa hér á landi. ÍSTAK er að hefja uppsteypu hússins og fyrsta hluta byggingarinnar lýkur haustið 2009. Í ágúst á næsta ári hefst kennsla í húsinu í viðskiptafræði og tækni- og verkfræði. Byggingarframkvæmdum þessa áfanga mun svo ljúka á árinu 2010 og verður þá öll starfsemi Háskólans í Reykjavík sameinuð á einum stað.

Þróunarsjóður HR sem stofnaður var í tengslum við hlutafjáraukningu félagsins á síðasta ári mun styðja við uppbygginguna skólans. Skólinn er í meirihlutaeigu Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins en auk þeirra hafa Bakhjarlar HR ehf. bæst í hóp hluthafa, en það félag er í eigu Glitnis, Eimskips og Salt Investments.

Í HR eru 3.000 nemendur og um 250 starfsmenn og annað eins af stundakennurum. Skólinn skiptist í fimm deildir: tækni- og verkfræðideild, tölvunarfræði, lagadeild, viðskiptadeild og kennslufræði- og lýðheilsudeild. Starfsemin er á fjórum stöðum í Ofanleiti 2, gamla Morgunblaðshúsinu við Kringluna, Höfðabakka 9 og í Húsi verslunarinnar.



**FRÁ ÖSKJUHLÍÐINNI** Hugsunin bak við teikningu skólans var að hann væri lágreistur og félli vel inn í umhverfið í Vatnsmýrinni.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Ný Bónusverslun á Fiskislóð

BEINT Á MÓTI ELLINGSEN




BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI:
LAUGARDAG 10.00 -18.00 SUNNUDAG 12.00 -18.00




**Volvo XC90 Executive.** Verð frá 7.450.000 kr. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



VOLVO
Volvo. For life.
Komdu í DAG
FRUMSÝNING
frá kl. 12 til 16
Léttar veitingar
Brimborg
Reykjavík
SÉRPANTANIR VOLVO
Kynntu þér Sérpantanaþjónustu Volvo hjá Brimborg. Gerðu hagstæðari kaup og sérhannaðu þinn eigin Volvo.
visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað
brimborg
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.volvo.is
Öruggur staður til að vera á

# Held úti þremur skipulagsbókum

**Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** hefur frá því hún var krýnd sú fegursta í heimi, árið 2005, verið önnum kafin í ýmsum verkefnum og það allra nýjasta er kynnisstarf sem hún mun sinna í þættinum Bandið hans Bubba sem hóf göngu sína í gærkvöldi. Fréttablaðið dró Unni Birnu undir yfirheyrslukastarann.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Unnur Birna Vilhjálmsdóttir

**FÆÐINGARÁR:** 1984, sama ár og kvótakerfið var tekið í notkun.

**Á HUNDAVAÐI:** Stúdent frá Menntaskólanum við Sund, lögreglukona í sumarafleysingum, danskennari/dansari og mikil hestamanneskja. Tókst að vinna keppnina Ungfrú Heimur fyrir Íslands hönd árið 2005 og er nú lögfræðinemi við Háskólann í Reykjavík og kynnir í Bandinu hans Bubba.



**ALWAYS YOUR JULIET** Ef Unnur Birna fengi sér húðflúr myndi hún láta setja þessa línu neðst á spjaldhrygginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvernig veðrátta hentar þér best?** Mildir, íslenskir sumardagar. Logn og um það bil 15 stiga hiti.

**Ég panta mér pitsu með...** pepperoni, sveppum, jalapeño og svörtum pipar.

**Hvaða kæki ertu með?** Held úti tveimur til þremur skipulagsbókum í einu.

**Þegar ég var lítil hélt ég lengi...** að dýr gætu talað saman á mannamáli þegar mannfólkið heyrði ekki til.

**Mig hefur alltaf langað í...** simpansa.

**Hvaða frasa ofnotar þú?** Humm...

**Ef þú yrðir að fá þér húðflúr – hvernig myndirðu fá þér og hvar myndirðu láta setja það?** Setninguna „Always your Juliet“ neðst á spjaldhrygginn, 10-15 cm neðan við mjóbakið.

**Hvaða teiknimyndapersónu myndirðu vilja búa með?** Superman. Hann gæti flogið með mig hvert sem er.

**Eftirlætislykt?** Lyktin af ristuðum möndlum í 10 stiga frosti á Strikinu í Köben.

**Hvernig hringitón ertu með í símanum þínum?** Einhverra hluta vegna er ég með Nokia-tune.

**Eftirlætisgrænmeti og hvaða grænmeti geturðu alls ekki borðað?** Gulrætur eru í uppáhaldi og ég hugsa að ég borði nú flest grænmeti en er þó ekkert sérstaklega hrifin af miklum lauk.

**Hvaða þrjá hluti leggurðu til í gott afmælispartí?** Hljómsveitina Arctic Monkeys, Strawberry daiquiri kokteila og fimmtíu frábæra vini.

**Hver var fyrsta færsla lífs þíns á eigið kreditkort?** Innborgun á utanlandsferð með bestu vinkonunum til Portúgals sumarið 2001.

**Hverju tekurðu fyrst eftir í fari fólks?** Augnsambandinu.

**Hvaða fáránlega dýra hlut værirðu til í að eiga en munt líklega aldrei kaupa þér, sama hversu rík þú verður?** Ef ég væri til í að eiga einhvern hlut og ætti vel fyrir honum myndi ég líklega kaupa hann.

**Nefndu fjórar vefsíður sem þú ferð gjarnan á.** Ruv.is, visir.is, mbl.is og myspace.com.

**Hvaða bíómynd geturðu horft á aftur og aftur?** Almost Famous.

**Þú færð þér páfagauk. Í hvernig lit – hvað nefnirðu hann – og hvaða fimm orð kennirðu honum að segja?** Fjólubláan og hvítan, skíri hann Lennon og kenni honum setninguna „All you need is love“.

**Seint á kvöldin finnst mér gott að fá mér...** eitthvert nasl yfir sjónvarpinu.

**Bubbi Morthens er...** snillingur.

**Og að lokum, ef þú værir í Bandinu hans Bubba á hvaða hljóðfæri myndirðu helst spjara þig?** Hljómborð.


## Heill hellingur af búningum í Just4Kids

**Fólk flykkist í Just4Kids til að versla búninga fyrir öskudaginn og kaupa bollur á aðeins 150 kr.**




Allur þessi texti er í sjálfu sér algerlega óþarfur vegna þess að allt sem máli skiptir kom fram í fyrsögninni hér fyrir ofan. Að vísu má við þetta bæta að boðið verður upp á bollur á aðeins 150 kr. alla helgina. En bara svo allir séu með það á hreinu, þá er heill hellingur til af öskudagsbúningum í Just4Kids og er fólki bent á að drífa sig á staðinn og tryggja sér rétta búninginn fyrir öskudaginn. Verið velkomin!









## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Veðurfréttamenn** Þeir eru nýju hasarhetjurnar og áhorf á veðurfréttir hefur slegið öll met. Landsmenn sitja límdir við skjáinn á meðan veðurfréttamennirnir horfa djúpt í myndavélina og útskýra nákvæmlega hvernig vindurinn muni magna upp harðindin.



**Afneitun** 29. febrúar nálgast. Notaðu tækifærið og gerðu eitthvað hræðilegt af þér. Dagurinn kemur ekki aftur fyrr en eftir fjögur ár.



**Jeppaeigendur** Nú er Hanukka hjá jeppaeigendum. Þeir keyra um bæinn með „I told you so“-svip og klappa jeppanum að lokinni bæjarferð eins og traustum hundi. Það góða við þá er að þeir eru boðnir og búnir að aðstoða litlu bílana, því þeir eru jú svo stórir og sterkir.

**Morgunútvarp Rásar 2** Lífsnauðsyn á morgnana. Skemmtileg viðtöl, góð tónlist og fréttir.

### Á niðurleið



**Flugferðir frá Kanarí** Önnur hver vél sem kemur frá Kanarí lendir í hrakningum og endar á Egilsstöðum. Stuð að vera á fjórða gin í tónik og strápilsi og hanga í blindbyl á Austfjörðum.

**Útlitið** Hár og húð þjást í þurru og köldu lofti. Skór eru útataðir í salti og bílar skítugir. Í frosti eru allir ljótir.



**Dópsalar** Er ekki einhverja aðra vinnu að hafa í Vogunum?



**Gyllt og silfur** Karríguli liturinn kemur sterkur inn í stað þess gyllta og glæðir svartnættið birtu.




**299** kr/kg. áður 449 kr/kg.
Goða saltkjöt - Ódýrt




**534** kr/kg. áður 890 kr/kg.
Nettó saltkjöt - Blandað



**2.590** kr/kg.
Dönsk frosin nautalund




Tilboðsverð **1.998** kr/kg.
Goða grísalund piri piri




**197** kr/kg. áður 403 kr/kg.
Ísfugl tex mex vængir




**685** kr/pk. áður 1.022 kr/kg.
Hákarlalýsisperlur 130 stk




**199** kr/stk.
Lucozae sport orange

H:N markaðssamskipti / SÍA   Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 31. janúar til 3. febrúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



## PÓSTKORT FRÁ AFRÍKU

**Anna Margrét Björnsson er stödd í lýðveldinu Tógó þar sem Njörður P. Njarðvík hefur sett á fót samtökin SPES**

Fyrsta morguninn í Tógó vakna ég við hanagal og önnur læti um klukkan fimm þegar sólin er að skríða upp á himininn. Dagurinn fer greinilega snemma af stað hjá Tógóbúum og hávaðinn utandyra er mikill. Þegar ég opna svaladyrnar og horfi út blasir við mér rauðbrúnt mistur yfir öllu. Þetta kalla þeir l'armatan, sem er svalur vindur af Sahara-eyðimörkinni og flytur með sér örfínt ryk. Fyrir utan gluggann er fullt af fólki komið á stjá. Ég sé menn standa úti í lóninu fyrir neðan að kasta netum í gríð og erg út í kyrrlátt vatnið og meðfram strandlengjunni gengur fólk í skrautlegum fötum með alls kyns dót á höfðinu. Hávaxinn og grannur maður ber allan þvottinn sinn á hausnum og gengur með útréttar hendur gegn golunni á meðan hann skiptir út blautum flíkum á handleggjum á sér sem hann er að þerra eins og gangandi snúra. Höfuð eru notuð til að bera ýmislegt. Lítill drengur ber fullan bala af skornum melónum, kona ber samanbrotin mynstruð efni í háum stafla og sú þriðja ber körfu fyllta gosdrykkjum sem hún er að selja.



Þegar ég síðar fæ mér göngutúr vopnuð myndavél þá ímynda ég mér að ég hljóti að vera í einu af fátækustu hverfum Lomé. Híbýlin eftir strandgötunni eru ýmist lágreist, hrörleg múrsteinshús, einhvers konar pappakassar eða tjöld. Geitur og hænsni valsa um göturnar eða kroppa í ruslið sem liggur á víð og dreif um allt. Síðar er mér sagt að flestöll borgin sé svona. Það er hvorki ríkidæmi né mikil bjartsýni um framtíðina í þessu langa og mjóa landi sem teygir sig upp frá hafinu á milli Gana og Benin. Og í þessu landi, sem Þjóðverjar og svo Bretar og Frakkar teiknuðu sjálfir á landakortið án tillits til nokkurra skiptinga milli ættbálka, búa 6,3 milljónir manna. Þrír ættbálkar, þeir Ewé, Kabré og Mina. Sem betur fer lifa þeir saman í friðsemd. Þrátt fyrir slæman efnahag, litla sem enga þjóðarframleiðslu og nærri fimmtíu prósenta ólæsi hafa Tógóbúar mikla reisn. Meira að segja fólkið í þessu fátækrahverfi er snyrtilegt, tígulegt og brosmilt. Þegar ég geng framhjá skóla sem er hrörlegur en málaður í björtum litum byrja börnin að þyrpast að mér. „Bonjour mademoiselle," hrópa þau á hljómþýðri frönsku með afrískum hreim. Þau eru brosmild og hreinleg í skólabúningum og vilja endilega að ég taki af þeim mynd. Það er hins vegar annað hljóð í strokknum hjá eldri kynslóðunum. Miðaldra konur í boubou og með höfuðskýlu líta á myndavélina mína með hryllingssvip og færa sig yfir á hinn vegarhelminginn þegar ég mæti þeim. Ég spyr mann á mjög töffaralegu mótorhjóli hvort ég megi mynda hann en fæ þvert nei. Eldri kona sem rekur sölustand vill endilega að ég myndi vörurnar sínar en felur sig svo sjálf undir borðinu.

Þetta er nefnilega land vúdútrúarinnar. Hér í Tógó og nærliggjandi löndum er uppruni þessara mögnuðu seiða sem fluttust vestur yfir hafið með þrælunum og samkvæmt þeirri trú setur myndavélin sálu þína í voða. Tógó er sannarlega undarleg blanda af menningarheimum, forn trúarbrögð mæta kóka-kóla skiltum og krakkar í gervi-Calvin Klein-bolum sparka fótbolta berfættir á meðan dynjandi afrískt rapp hljómar um hverfið.

## GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

### Góð vika fyrir...



**... Spaugstofuna**

Í skemmtanabransanum er mun betra að vera umdeildur og á milli tannanna á fólki heldur en að öllum sé nokkurn veginn sama um mann. Þess vegna var þetta mjög góð vika fyrir Spaugstofuna. Sjaldan eða aldrei hefur staðið jafn mikill styr um grínhópinn og það þótt hann sé orðinn eldgamall í hettunni. Fór Spaugstofan yfir strikið eða ekki? spurði fólk á kaffistofum landsins. Allir horfa svo náttúrulega á þáttinn í kvöld til að sjá hvernig karlarnir fylgja moldviðrinu eftir.

**... 144 listamenn**

Í byrjun vikunnar var tilkynnt um hverjir fá listamannalaun í ár. 144 listamenn duttu í lukkupottinn, til að mynda rithöfundarnir Andri Snær Magnason, Einar Már Guðmundsson og Kristín Steinsdóttir sem verða á launum í þrjú ár á vegum ríkisins. Alls sóttu 514 um launin – sem hægri menn kalla yfirleitt sníkjur og spyrja hvort þetta fólk geti ekki unnið fyrir sér eins og aðrir



– svo 370 listamenn eru líklega í fýlu. Þeir geta þó huggað sig við það að listamannalaunin eru nokkuð undir meðallaunum, sirka 240 þúsund kall á mánuði.

**... Kjartan Magnússon**

Kuldaboli hefur bitið landsmenn í kinnarnar eins og hann fái borgað fyrir það. Það gerir hann reyndar ekki, en Orkuveita Reykjavíkur fær meira í baukinn eftir því sem borgarbúar skrúfa frá ofnunum. Um árið var gjaldskráin hækkuð vegna hitabylgju sem gekk yfir landið en ekkert hefur heyrst frá Kjartani Magnússyni og kó um gjaldskrárlækkun vegna kuldakastsins. Það hlýtur að koma, er „þaggi"?



### Slæm vika fyrir...

**... gesti Sirkus**

Þá er búið að loka og litli krúttkofinn á leið í gröfukjaft nema Ólafur F. komi stormandi með galopna budduna. Músikbransinn reyndi hvað hann gat til að rokka og poppa til bjargar Sirkusi, en verður líklega að bíta í það hel-súra epli að það skipti engu. Sirkus fer þar með í hóp með Glaumbæ, Hollywood, Duus-húsi og öllum hinum menningarsögulega verðmætu stöðunum sem líka urðu gangi tímans og sinnuleysinu að bráð.



**... hrútinn Raft**

Aumingja Raftur. Hann er vinsælasti hrútur landsins og fær engan frið. Samtals voru pantaðir úr honum 3.331 sæðisskammtur en þrátt fyrir mikil afköst náðist ekki nema 2.421 skammtur. Garmurinn hlýtur að vera alveg úrvinda eftir akkorðið og það er ekki einu sinni þannig að hann fái að vinna með kindum. Í hrútaskránni er Rafti meðal annars lýst sem „samanreknum holdahaus", sem skýrir líklega vinsældirnar.



**... siðapostula**

Ólafur Geir vann sætan sigur á siðapostulum í héraðsdómi í vikunni. Siðapostularnir í Fegurðarsamkeppni Íslands sviptu Ólafi titlinum Herra Ísland vegna meints ólifnaðar. Ólafur fékk hálfa milljón í bætur enda fólst meingerð gegn persónu Ólafs í fjölmiðlaumfjölluninni á sínum tíma samkvæmt dómnum. „Hann er hvorki góð fyrirmynd né lifir hann nógu heilbrigðu og reglusömu lífi", stóð m.a. í fréttatilkynningu sem Elín Gestsdóttir, framkvæmdastjóri fegurðarsamkeppninnar, sendi frá sér á sínum tíma. Víst er Óli góð fyrirmynd, segir nú dómurinn.



## HELGARKROSSGÁTAN







Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur



NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
MÁLNINGAR- OG MÚRVÖRUR
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
Verð frá 399
MÚRSKEIÐAR
Verð frá 195
GLATTARAR
Verð frá 295
MÚRBRETTI
Verð frá 99
LÍMSPAÐAR
690
MÚRSKEIÐAR, 3 STK
390
KALKKÚSTUR
599
HNÉHLÍFAR
m/ útvarpi
verð 1699,-
890
EYRNAHLÍFAR
Verð frá 395
FLÍSAVERKFÆRI
TILBOÐ!
1595
FLÍSASKERI
Verð frá 299
HALLLAMÁL
Verð frá 399
SPARTLSPAÐAR
Verð frá 399
ÞAKKÚSTAR
Verð frá 99
MÁLNINGAPENSLAR
Verð frá 199
PÚSSIKUBBAR
Verð frá 199
BAKKAR OG FÖTUR
Verð frá 199
MÁLNINGARKEFLI
599
MÁLNINGARRÚLLA
299
HRÆRA
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Kúrekasaga kennarans

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** FLYTUR VESTUR



Fyrir mörgum árum taldi ég mig vera fullvaxta mann. Fannst eins og ég kynni allt og nú þyrfti að leyfa öðrum að njóta ávaxta allrar minnar visku. Ég settist því niður með foreldrum mínum og lýsti því hátíðlega yfir að ég ætlaði að fara að kenna. Ég ætlaði að uppfræða æsku landsins, kenna á hljóðfæri og ausa úr viskubrunni dönskukunnáttu minnar. Og stefnan var ekki sett á skóla á höfuðborgarsvæðinu, stefnan var sett út á land, vestur á Snæfellsnes.

Fullur af kappsemi og hugrekki yfir ákvörðuninni var hinum örfáu eigum troðið ofan í ferðatösku og haldið niður á BSÍ þar sem rúturnar biðu eftir farþegum sínum. Að loknum nokkrum velvöldum trixum frá föðurnum kom ég mér vel fyrir í einu af aftari sætunum og beið þess að komast á endastöð. Á einu augnabliki leið mér eins og einfara í vestra sem bjargar íbúum smábæjar frá morðóðu glæpagengi. Í staðinn fyrir hestinn var náttúrulega rúta frá Teiti Jónassyni og sexhleypunni hafði verið skipt út fyrir ofurmátt pennans og viskunnar.

En þegar rútan kom að endastöð, fyrir framan ESSO á Hellissandi, beið mín hvorki lúðrasveit né logandi hrædd húsmóðir á flótta undan óþjóðalýð. Nei, á móti mér tók skólastýran sem ferjaði mig yfir í herbergi á efstu hæð gistiheimilisins með útsýni yfir á Vestfirði. Og mér, borgarbarninu sjálfu, varð fljótlega ljóst að ég væri hvorki bjargvættur né kúreki heldur bara enn einn malarbúinn sem taldi sig hafa eitthvað nýtt fram að færa en skjátlaðist all hrapallega. Og eini arfurinn sem borgin borgaði út við flutningana af mölinni voru fordómar gagnvart því sem ekki er í 101 og þeir voru fljótlega skotnir niður. Enda leið ekki á löngu þar til ég var farinn að taka upp minn eigin karókísöng á geisladisk og spila öll vinsælustu lög níunda áratugarins á kassagítar fyrir dansi fram eftir nóttu.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










Capisco er heilsuvænn vinnufélagi

HÅG Capisco er margverðlaunaður skrifstofustóll sem hentar einstaklega vel fyrir þá sem kjósa að vinna við hæðarstillanleg rafmagnsskrifborð. Það er mjög auðvelt að sitja í mjög lágri stöðu upp í það að vera hálfstandandi.

Tilboðsverð frá **kr. 78.273.-**

10 Year Capisco skrifstofustóllinn er með 10 ára ábyrgð og lífstíðarábyrgð á hæðarpumpu

DESIGN Award for Design Excellence Awarded by the Norwegian Design Council

EG SKRIFSTOFU HÚSGÖGN

Ármúla 22 • 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • www.skrifstofa.is

Opnunartími: mánud. - föstud. 9:00 til 18:00 og laugard. 11:00 - 15:00

BROS 0137/2007


ÚTSALA!
Allt að 80% afsláttur af bókum
BLÓÐ KRISTS OG GRALIÐ HELGA
MICHAEL BAIGENT
RICHARD LEIGH
& HENRY LINCOLN
1.980 kr.
~~6.480 kr.~~
ARNALDUR INDRIÐASON
HARÐSKAFI
1.990 kr.
~~4.790 kr.~~
BALLIÐ Á BESSASTÖÐUM
1.290 kr.
~~2.490 kr.~~
HNÍFUR ABRAHAMS
1.990 kr.
~~4.490 kr.~~
Rimlar hugans
1.990 kr.
~~4.690 kr.~~
DAUÐI TRÚÐSINS
1.990 kr.
~~4.680 kr.~~
Karitas
Kristín Marja Baldursdóttir
1.990 kr.
~~4.400 kr.~~
VASAST í öllu
2.490 kr.
~~5.4890 kr.~~
1.490 kr.
~~2.890 kr.~~
Believe It or Not!
Ótrúlegt en satt
2.990 kr.
~~4.900 kr.~~
Heildarlista íslenskra útsölubóka má finna á eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

# Listsýning og ógurlegur úlfur

Tónleikar fyrir alla fjölskylduna verða í Salnum í dag. Þar verður flutt tónævintýrið vinsæla um Pétur og úlfinn ásamt þáttum úr Myndum á sýningu eftir Mussorgsky. Sögumaður á tónleikunum er Sigurþór Heimisson leikari.

Tónleikarnir eru liður í TKTK-tónleikaröð kennara Tónlistarskóla Kópavogs og eru um klukkustund á lengd án hlés. Tónlistin er leikin í útsetningum fyrir blásarakvintett sem skipaður er Pamelu De Sensi flautuleikara, Eydísi Franzdóttur óbóleikara, Rúnari Óskarssyni klarínettuleikara, Kristínu Mjöll Jakobsdóttur fagottleikara og Emil Friðfinnssyni hornleikara.

Pétur og úlfurinn er ævintýri fyrir leiklestur og hljómsveit og er bæði sagan og tónlistin eftir rússneska tónskáldið Prokofiev. Sagan segir frá Pétri sem stelst út á engið í óþökk afa síns. Þar glímir hann við ógnvættinn ógurlega, úlfinn, með hjálp fuglsins og kattarins, en úlfurinn hefur þá þegar gleypt vesalings öndina. Hver persóna verksins hefur sitt hljóðfæri; flautan er fuglinn, óbóið öndin, klarínettan kötturinn, fagottið afinn, hornið úlfurinn og hér skiptast öll hljóðfærin á að leika stef Péturs í stað strokhljóðfæranna.

Rússneska tónskáldið Modest Mussorgsky samdi verkið Myndir á sýningu árið 1874 í tengslum við sýningu náins vinar síns, myndlistarmannsins Victors Hartmann. Á tónleikunum verða fluttir átta þættir úr verkinu sem hver lýsir sinni mynd og eru þær allt frá því að vera glaðlegar og fallegar yfir í að vekja hræðslu í brjósti tónskáldsins. Þannig fá áhorfendur að kynnast litrófi tilfinninganna sem Mussorgsky upplifði á sýningu vinar síns.

Tónleikarnir hefjast kl. 13. Miðaverð er 1.500 kr. - vþ



**TÓNLISTARKENNARAR** Leika verk fyrir alla fjölskylduna í Salnum í dag.

# *Korpúlfsstaðir bjóða heim*

Það ber vel í veiði fyrir áhugafólk um íslenska myndlist og hönnun í dag vegna þess að KorpArt-hópurinn á Sjónlistastöðinni á Korpúlfsstöðum opnar vinnustofur sínar á milli kl. 13 og 17. Starfsemin sem fer fram á Korpúlfsstöðum er fjölbreytt og gefst gestum því tækifæri til að kynnast ólíkum verkum og aðferðum listamannanna sem þar hafa aðstöðu. Á meðal þess sem er til sýnis og sölu á þessum opna degi eru málverk, grafík, textíl, leirlist, fatnaður, hreyfimyndir, grafísk hönnun og landslagsarkitektúr.

Opni dagurinn í dag er hluti af röð slíkra daga sem verða fyrsta laugardag í hverjum mánuði á Korpúlfsstöðum í vetur. Á hverjum slíkum degi er boðið upp á nýjar sýningar og ýmsar uppákomur. - vþ



**KORPÚLFSSTAÐIR** Fallegt umhverfi og tilvalið til listsköpunar.






# Myrkur, kuldinn og hiti

**Það er að halla á þriðja áratuginn síðan Tónskáldafélag Íslands hrinti af stað vetrarhátíð í svartasta skammdeginu, Myrkum músíkdögum. Þar hafa íslensk tónskáld ung og eldri lagt til ótal tónverk smá og stór sem fjöldi íslenskra tónlistarmanna hefur flutt. 28. hátíðin hefst á sunnudag og stendur í átta daga.**

Myrkir músíkdagar verða ekki bara á suðvesturhorninu: í fjögur ár hefur verið gott samstarf við staðarhaldara á Laugaborg í Eyjafirði og þar hefst hátíðin á sama tíma og hún hefst í Salnum í Kópavogi. Nyrðra verða fernir tónleikar, þeir fyrstu á sunnudag kl. 15 með einsöngstónleikum Margrétar Bóasdóttur, en syðra þjófstarta áhugamenn um guðfræði og kvikmyndir hátíðinni með pallborðsspjalli um hina ódauðu – lifandi dauða – í tónlist og kvikmyndum. Tilefnið er upphafsatriði hátíðarinnar, sýning á expressjónísku tímamótaverki F. W. Murnau, Nosferatu, með tónlist Helle Solberg sem Geir Draugsvoll harmonikkuleikari og Mattias Rodrick rafsellóleikari flytja. Hefjast umræður guðfræðinga með bíódellu kl. 14 en sýning myndarinnar kl. 17. Á sama tíma er Lúðrasveit Reykjavíkur með tónleika í Neskirkju undir stjórn Lárusar Grímssonar.

Tuttugu ný verk verða flutt á hátíðinni: hápunkturinn er frumflutningur Sinfóníunnar á tveimur nýjum íslenskum sinfóníum, þeirri þriðju eftir Atla Heimi Sveinsson og fjórðu sinfóníunni eftir John Speight. Þeir tónleikar verða í Háskólabíói 7. febrúar og verða sendir út beint á Rás 1 og til allra Norðurlandanna. Verður að telja þann viðburð stór tíðindi því fátítt er að ný sinfónísk verk hljómi fyrir öllum landsmönnum sama kvöldið kjósi þeir að hlusta. Flutningur á sinfónískri tónlist á vegum Ríkisútvarpsins sætir alltaf tíðindum og er þá tækifæri til að keyra hljómflutningstækin í botni. Roland Kuttig stjórnar en einsöngvarar tveir taka slaginn á sviðinu, Ágúst Ólafsson barítón og Gunnar Guðbjörnsson tenór, báðir fantasöngvarar.

Kammersveit Reykjavíkur er líka með tónleika á sunnudag: þrír einleikskonsertar verða fluttir í Listasafni Íslands klukkan 20. Þeir Hugi Guðmundsson, Hafliði Hallgrímsson og Sveinn Lúðvík Björnsson hafa samið verk fyrir þrjá einleikara. Verk Hafliða var frumflutt í Ósló á síðastliðnum vetri þar sem Einar Jóhannesson klarinettuleikari lék með Norsku kammersveitinni, en hin tvö verða frumflutt: Konsert fyrir horn og strengi, sem samið er fyrir Stefán Jón Bernharðsson hornleikara og Konsert fyrir fiðlu og strengi eftir Svein Lúðvík Björnsson en einleikari er Una Sveinbjarnardóttir. Verk Hafliða, La Serenissima, fyrir klarinett, strengi og slagverk, leikur Einar Jóhannesson eins og í fyrra í Víkinni. Stjórnandi er Bernharður Wilkinson.

Blásarakvintett Reykjavíkur ætlaði að halda tónleika til heiðurs Páli P. Pálssyni, en þeim er aflýst, en blásaraoktettinn Hnúkaþeyr er með tónleika í Salnum þar sem frumflutt verða verk eftir Önnu S. Þorvaldsdóttur og Jónas Tómasson, auk verka eftir Toshio Hosakawa, Herbert H. Ágústsson og Pál Pampichler Pálsson en sá merki frömuður í íslensku tónlistarlífi verður áttræður síðar á þessu ári.

Alla hátíðardagana verða hádegistónleikar í sal Norræna hússins en tónleikahaldið fer fram víða: Salnum, Listasafni Íslands, Norræna húsinu, Háskólabíói, Neskirkju, Langholtskirkju, Seltjarnarneskirkju, Þjóðmenningarhúsi, hátíðarsal Háskólans og Iðnó. Hátíðin heldur úti vef með upplýsingum um tíma tónleika og dagskrá: www.listir.is/myrkir og prentuð dagskrá er komin út. Miðar eru seldir við inngang á hverjum stað. Styrktaraðilar Myrkra músíkdaga eru menntamálaráðuneyti, Reykjavíkurborg, Íslensk tónverkamiðstöð, Glitnir, Ríkisútvarpið, Norræna húsið og að auki hefur margt verka á hátíðinni orðið til fyrir tilstuðlan Musica Nova og sjóðs listamannalauna. pbb@frettabladid.is



**TÓNLIST** Atli Heimir Sveinsson: Ný sinfónía.



**TÓNLIST** John Speight: Fjórða sinfónía frumflutt.


Salurinn

LAUG 2. FEB. KL. 13
FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR
PÉTUR OG ÚLFURINN OG MYNDIR Á SÝNINGU.

MYRKIR MÚSÍKDAGAR
VIKUNA 3.-10.FEB´08

SUN 3. FEB. KL.14 OG KL.17
NOSFERATU (1922)
MÁLÞING OG KVIKMYNDATÓNLEIKAR.
GEIR DRAUGSVOLL, HARMONIKA OG MATTIAS RODRICK, SELLÓ.

MÁN 4. FEB KL. 20
TRIO LURRA
NÝ SAMTÍMATÓNLIST.

BYR SPARISJÓÐUR

SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS


# Samskipti á kaffihúsi

Steinn Kristjánsson opnar sýninguna „Hugrenningar“ á Café Karólínu á Akureyri í dag kl. 14. Steinn útskrifaðist frá fagurlistadeild Myndlistaskólans á Akureyri 2007 og stundar nú nám við kennaradeild Háskólans á Akureyri.

Sýningin á Café Karólínu er tilraun listamannsins til að færa samfélagsumræðuna úr heimi vefmiðla og aftur inn á kaffihúsið. Hann hengir því upp renning á kaffihúsinu og skrifar á hann sínar hugrenningar, límir á hann teikningar, ljósmyndir og úrklippur. -vþ



**SAMSKIPTI** Teikning eftir Stein Kristjánsson.


KRINGLU KRÁIN

Geirmundur Valtýsson í kvöld

Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

# MUNDU
## SPRENGIDAGINN

# 30%
## AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM POTTUM



Hágæða pottar frá Look með **30%** afsl. til 17.feb.

Afslátturinn er á völdum pottum í stærðum frá 1.9 Lítra til 6.9 Lítra

2100277-81

LOOK COOKWARE

# GÓÐ KAUP
## UM HELGINA



795

**Plastparket**

Cornwall, eikarlíki, 3ja stafa
borðastærð 6 x 192 x 1.292 mm
þýsk gæðavara
146956



2.999
~~4.999~~

**Flíspeysa**
Cesil, herra
5860822-7



56.999

**Uppþvottavél**
**Electrolux**, ESF 64020X, 5 þvottakerfi, Fuzzy logic þvottatækni sem aðlagar tíma, hitastig og vatnsnotkun eftir þörfum, þvotthæfni A, þurrkhæfni A, orkunýtni A, afar hljóðlát, 47 dB, 12 manna
1808860




2.999

**Veggmálning**
Gljástig 7, beinhvít, 10 ltr
7119800



999
~~1.995~~

**Hamar**
**Cosmos**, 20 oz
5003075



799
~~1.299~~

**Loftljós**
Discos
6003250-1

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

**Lífsbjörg vikunnar.** Andlitsvatn frá **Bobbi Brown**, sem hressir, frískar og kætir frostbitna húð. Bobbi Brown var stofnað af sjálfri Bobbi Brown, þriggja barna móður og förðunarfræðingi, árið 1991 en vörurnar frá fyrirtækinu hafa notið mikilla vinsælda um heim allan. Andlitsvatnið þykir ein af snilldaruppfinningum fyrirtækisins og ætti að vera skyldueign hverrar konu.




# stíll

utlit@frettabladid.is



**Fagurrauðan Soniu Rykiel-blómakjól** frá versluninni Kron kron.



OKKUR LANGAR Í …

**Guðdómlega karrígula Marc Jacobs-tösku** frá Kron kron.



**Æðislegan peysukjól** frá Soniu Rykiel, fæst í verslun- inni Kron kron.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Bergþóra Magnúsdóttir**

# *Háhraðatíska fyrir alla, alltaf*

Þar sem ég er ekki á útrásarlaunum bankastjóra tók ég spænsku verslunarkeðjunni Zöru fagnandi þegar hún opnaði fyrstu verslun sína á Íslandi árið 2002. En Zara býður upp á eftirlíkingar af hátískufatnaði á viðráðanlegu veðri. Amancio Ortega stofnaði verslunina Zöru í heimaborg sinni, Galicia á Spáni, árið 1975 en velgengni hennar fór strax fram úr björtustu vonum og nú eru rúmlega eitt þúsund Zöru-verslanir víðs vegar í heiminum. Í byrjun áttunda áratugarins tók Ortega að þróa nýjar framleiðsluaðferðir sem gerðu honum kleift að flýta framleiðsluferli fatnaðarins. Á þessum tíma voru yfirleitt tvær til þrjár fatalínur í boði á hverju ári þar sem framleiðsla hverrar línu tók um sex mánuði. Ortega vildi geta fylgt tískustraumum líðandi stundar og þróaði því líkan sem kallað hefur verið „instant fashion“ eða skynditíska. Í stað þess að vera með einn aðalhönnuð réði Ortega til sín marga hönnuði en í dag vinna kringum tvö hundruð fatahönnuðir í hönnunardeild Zöru. Zara framleiðir sömuleiðis efnin sem keðjan notar og sparar þannig tíma og fjármuni um leið og Zara nær þannig ákveðnu forskoti á samkeppnisaðilana. Hjá Zöru tekur það tíu daga frá því hugmynd er komin á borðið hjá hönnuði þangað til flíkin er komin í verslanir Zöru en sama ferli tekur í kringum 30 daga hjá sænska stórrisanum H&M sem hefur á síðustu árum átt undir högg að sækja vegna velgengni Zöru. Eftirlíkingar á fatnaði hátískuhönnuða koma meira að segja oft fyrr í verslanir Zöru en í sjálf tískuhúsin og það dregur vissulega úr glansinum og eftirvæntingunni sem ríkti hér á árum áður í kringum „Ready to wear“-línurnar. Þessir framleiðsluhættir hafa haft veruleg áhrif á tískuheiminn þar sem neysluvenjur og kröfur viðskiptavinarins hafa breyst frá því sem áður var. Markaðsstefna Zöru tekur mið af því að halda viðskiptavininum áhugasömum með því að bjóða upp á nýjar vörur í hverri viku. Zara auglýsir ekki en opnar búðir sínar við stærstu og fjölförnustu göturnar í hverri borg þannig að gluggaútstillingarnar gegna mikilvægu hlutverki en um leið er þessi markaðsstefna enn einn liðurinn í því að halda verðinu niðri. Veldi Zöru hefur svo sannarlega breytt hugsunarhætti hins almenna neytanda þótt vissulega mætti finna einhverja vankanta á því „fjöldaframleidda“ þjóðfélagi sem við lifum í, þar sem allt snýst um verð fremur en gæði. Zara hefur engu að síður gert okkur öllum kleift að klæðast því sem hæst ber hverju sinni án þess þó að fara á hausinn.



**SUMARLEGT** Blómstrandi kjóll frá Haute Couture-sýningu Jean Pauls Gaultier fyrir sumar 2008.



**BLÓMLEGUR** Unaðslegur kjóll frá Soniu Rykiel fyrir sumar 2008.



**BLÓMAMUNSTUR** Æðislegur kjóll alskreyttur blómum frá Eley Kishimoto fyrir sumar 2008.


LifeStream

Bowel Biotics+

*Einstök formúla fyrir heilbrigði maga og ristils*

*-ráðlagt af meltingarlæknum og heilsusérfræðingum*

*Ummæli íslenskra neytenda:*

*„Það besta og fljótvirkasta sem við höfum prófað“*

*Physillium Husk*
*Prebiotica Inulin FOS*
*Probiotics 5 tegundir mjólkursýrugerla*

*Vinsælasta magaheilsuefnið í Bretlandi og víðar*




*Bowel Biotics+ Kids Sérstaklega samsett svo hæfi meltingu barna*

*Fæst í apótekum og heilsubúðum*

*Celsus*


# BRÁÐUM KEMUR BETRI TÍÐ

Litadýrð einkennir vor- og sumartískuna fyrir 2008 þar sem blóm og blómamunstur af öllum stærðum og gerðum gegna stóru hlutverki. Á Haute Couture-sýningu Jean Pauls Gaultier voru blómamunstur með austurlensku ívafi áberandi í gullfallegum kjólum hans sem minntu einna helst á ævintýri 1001 nætur. Útfærsla Balenciaga á blómunum var þó með aðeins öðru sniði þar sem litir blómanna voru tempraðri og heildarútlitið dramatískara. Christan Laxcroix notaði blóm óspart í Haute Couture-línu sína sem sýnd var í janúar en sýning hans hefur hlotið töluverða gagnrýni þar sem hún þótti að mörgu leyti minna á margt sem hann hefur gert áður. Sýningin var engu að síður ævintýri líkust þar sem andi mexíkósku listakonunnar Fridu Kahlo sveif yfir vötnum.



**DRAMATÍK** Seiðandi blómakjóll með dramatískum undirtón frá sýningu Balenciaga fyrir sumar 2008. Ermarnar á kjólnum minna einna helst á blómaknúppa.



**RÓMANTÍSKUR SUMARKJÓLL** Fyrir þær sem leggja ekki í blómamunstrin, kjóll frá Eley Kishimoto fyrir sumar 2008.



**ÆVINTÝRAHEIMUR LAXCROIX** Guðdómlega fagurt himinblátt pils með blómamunstri og hvítur rómantískur jakki frá Haute Couture-línu Christan Laxcroix.

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN 2007

VIÐ ÓSKUM SIGURÐI PÁLSSYNI OG ÞORSTEINI ÞORSTEINSSYNI
TIL HAMINGJU MEÐ ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN 2007




Skáldverk
**SIGURÐUR PÁLSSON**
MINNISBÓK




Fræðirit
**ÞORSTEINN ÞORSTEINSSON**
LJÓÐHÚS
ÞÆTTIR UM SKÁLDSKAP
SIGFÚSAR DAÐASONAR

„Unaðsleg bók.“
*Silja Aðalsteinsdóttir / tmm.is*

„Sögurnar í bókinni eru allt frá því að vera sprenghlægilegar yfir í að vera næstum hrollvekjandi.“
*Jón Yngvi Jóhannsson / Ísland í dag, Stöð 2*

„Ein skemmtilegasta endurminningabók sem ég hef lesið um árabil.“
*Þröstur Helgason / Lesbók Mbl.*

„Bók sem á sér ekki marga líka hér á landi … fáar ef nokkur önnur bók þar sem gerð er jafn viðamikil og heildstæð úttekt á ljóðlist samtímaskálds hefur komið út hér á landi … Þetta er bók sem maður myndi halda að breytti hverjum lesanda í andríkan ljóðtúlkanda.“
*Þröstur Helgason / Lesbók Mbl.*

„Þetta er ein stærsta bók sem skrifuð hefur verið um verk eins íslensks ljóðskálds … þessa bók láta ljóðaunnendur ekki fara framhjá sér.“
*Silja Aðalsteinsdóttir / tmm.is*

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

> KNÚSVÆNN

Matthew McConaughey hefur verið valinn knúsvænasta stjarnan. 500 mæður víðs vegar að úr Bandaríkjunum krýndu kappann, en á toppfimm lista þeirra rötuðu einnig George Clooney, Brad Pitt, fótboltastjarnan Tom Brady og stjórnmálamaðurinn John Edwards.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Cheryl Cole leitar til Victoriu

Cheryl Cole, eiginkona fótboltamannsins Ashley Cole, ku hafa snúið sér til Victoriu Beckham til að fá ráð vegna meints framhjáhalds eiginmanns síns. Victoria Beckham hefur sjálf þurft að takast á við svipaðar aðstæður, því eins og einhverjir muna eflaust hélt Rebecca Loos því fram árið 2004 að hún hefði átt í ástarsambandi við David Beckham.

Fréttir af framhjáhaldi Coles bárust fyrir um viku síðan, þegar hárgreiðslukonan Aimee Walton sagði frá því að hún hefði varið nótt með fótboltamanninum í desember síðastliðnum. Í kjölfar þess kvaðst fyrirsætan Brooke Healy einnig hafa deilt rúmi með Cole í desember, en Coralie Robinson greindi frá því að hún hefði varið nótt með honum árið 2004, þegar hann og Cheryl trúlofuðu sig.



**VEITIR RÁÐ** Victoria Beckham vill deila reynslu sinni með Cheryl, en hún hefur lent í svipuðum aðstæðum.

Eftir að Walton kom fram á sjónarsviðið sagðist Cheryl styðja við bakið á eiginmanni sínum. Hún ku hins vegar hafa yfirgefið heimili þeirra eftir að hinar stúlkurnar tvær sögðu sínar sögur. Victoria Beckham ku þá hafa boðið henni aðstoð sína. „Victoria varð mjög leið þegar hún heyrði hvað hefði gerst, og vildi að Cheryl vissi að hún væri til staðar fyrir hana. Þær eru góðar vinkonur, og Posh gekk í gegnum það nákvæmlega sama árið 2004,“ segir heimildarmaður Femalefirst. „Hún stóð við bakið á manni sínum og komst í gegnum þetta, og hún vildi segja Cheryl að hún gæti það líka. En á meðan ekki var hægt að sanna ásakanirnar á hendur David, gæti Ashley átt í meiri erfiðleikum með að hreinsa nafn sitt,“ bætir hann við.



**FARIN AÐ HEIMAN** Cheryl Cole hefur yfirgefið heimili sitt og eiginmannsins Ashley, í kjölfar frétta af meintu framhjáhaldi hans.




# Mini me í klandri

Leikarinn Verne Troyer, sem best er þekktur sem „Mini me“ úr síðustu Austin Powers myndum, á ekki sjö dagana sæla þessa dagana. Á netinu gengur nú myndskeið sem sýnir ágengan papparassa elta leikarann á röndum og spyrja hann hvort hann ætli ekki að koma fyrrverandi konu sinni til hjálpar. Papparassinn vill meina að Verne hafi skilið eiginkonuna eftir blanka, háða dópi og á barmi þess að fyrirfara sér. Mini virðist undrandi á þessum fréttum og kveinkar sér undan þeim meintu fréttum papparassans að eiginkonan fyrrverandi hafi nýlega dvalið á geðsjúkrahúsi. Að lokum missir Mini þolinmæðina, segir papparassanum að fokka sér og keyrir í burtu.

Myndskeiðið er ekki eina skýið á himni leikarans dvergvaxna þessa dagana því hann missti spón úr aski sínum þegar Heath Ledger hvarf yfir móðuna miklu. Verne átti að leika með Heath í myndinni The Imaginarium of Doctor Parnassus eftir leikstjórann Terry Gilliam, en snarlega var hætt við kvikmyndagerðina þegar aðalleikarinn lést.



**MINI ME Í VONDUM MÁLUM** Verne Troyer á ekki sjö dagana sæla.

# Í þriðja sinn á forsíðu Playboy

Skutlurnar Holly Madison, Bridget Marquardt og Kendra Wilkinson, kærustur Playboy-kóngsins Hughs Hefner, birtast í þriðja sinn á forsíðu tímaritsins á næstunni.

„Þetta var ekki upphaflega hugmyndin enda vissi ég að þær hefðu birst áður á forsíðunni. Fyrir árslista okkar yfir 25 kynþokkafyllstu stjörnurnar fáum við alltaf atkvæði frá lesendum okkar á netinu og eftir því sem tíminn leið stigu stelpurnar hærra og hærra upp listann,“ sagði Hefner.

Stúlkurnar, sem eru stjörnur raunveruleikaþáttarins The Girls Next Door á sjónvarpsstöðinni E!, lentu í fjórða sæti á listanum. Í efstu þremur sætunum voru Angelina Jolie, Scarlett Johansson og Jessica Alba. Á meðal fleiri stjarna sem fengu atkvæði voru Jennifer Love Hewitt, Alicia Keys, Cameron Diaz, Beyonce, Christina Aguilera og Britney Spears.

„Ef ég á að vera hreinskilinn þá varð ég óvænt ástfanginn,“ sagði Hefner um samband sitt við kærusturnar þrjár. „Sambandið við Holly á örugglega eftir að endast að eilífu. Hinar endast í þessu eins lengi og þær vilja þangað til þær hefja sinn eigin feril og sitt eigið líf.“ Sex ár eru liðin síðan Hefner, sem verður 82 ára í apríl, og hin 29 ára Holly byrjuðu saman. Þykir það langur tími þegar kemur að ástamálum Playboy-kóngsins mikla.




**HEFNER OG KÆRUSTURNAR** Hefner með kærustum sínum Holly Madison, Bridget Marquardt og Kendru Wilkinson.

# Skipaður sendiherra

Leikarinn George Clooney var opinberlega skipaður friðarsendiherra Sameinuðu þjóðanna við hátíðlega athöfn í New York. Clooney, sem mun kynna friðaraðgerðir Sameinuðu þjóðanna víðs vegar um heiminn, mætti til athafnarinnar eftir ferðalag til Darfúr-héraðs í Súdan.

Clooney, sem er tilnefndur til Óskarsverðlaunanna fyrir hlutverk sitt í Michael Clayton, mætti með foreldrum sínum til athafnarinnar. Þar tók Ban Kimoon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, á móti þeim. Clooney er einn af stofnendum mannréttindasamtakanna Not On Our Watch sem vekja athygli á ástandinu í Darfúr-héraði.



**GEORGE CLOONEY** Leikarinn hefur verið skipaður friðarsendiherra Sameinuðu þjóðanna.

# *Winehouse flutt á sjúkrahús*

Amy Winehouse var flutt á læknastöð á miðvikudagskvöld til að fá næringu í æð, að því er The Sun greinir frá á vefsíðu sinni. Söngkonan er sem stendur í meðferð á Capio Nightingale Hospital, þar sem hún reynir að sigrast á eiturlyfjafíkn sinni. Afvötnunin hefur hins vegar reynst söngkonunni erfið og þurfti hún á læknisaðstoð að halda sökum mikils vökvataps. „Amy var mjög föl og afar grönn,“ segir heimildarmaður á London Clinic-læknastöðinni, þar sem hún dvelst nú. Heimildarmaðurinn segir hana hafa litið út fyrir að vera að niðurlotum komin.

Faðir Amy, Mitch Winehouse, hefur áður sagt í viðtali við The Sun að dóttir hans hafi þurft að takast á við skelfileg fráhvarfseinkenni. „Henni miðar áfram en hún á eftir að vera í meðferð í langan tíma,“ sagði hann á fimmtudag.

Winehouse leitaði sér aðstoðar eftir að myndir af henni þar sem hún reykir krakk skutu upp kollinum.



**AMY LÖGÐ INN** Amy Winehouse tekst nú á við fráhvarfseinkenni vegna eiturlyfjaneyslu sinnar og var lögð inn á sjúkrahús í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY


TDI®
FÁANLEGUR MEÐ TDI® DÍSELVÉLINNI

4MOTION®
EINSTAKUR 4X4 DRIFBÚNAÐUR

EYÐIR AÐEINS FRÁ 6,7 l/100 KM

KOLEFNISJAFNAÐUR Í EITT ÁR

DÚXAÐI Á EURO NCAP PRÓFINU

5 SINNUM GULLNA STÝRIÐ

SVEIGJANLEGIR SÖLUMENN

...us sem drífur þig áfram.

**Passat Variant sameinar kraft, þægindi og magnaða akstursupplifun**

Í fjórhjóladrifinni útfærslu færir Passat Variant þér kraftinn sem gerir allan akstur skemmtilegri og gerir gæfumuninn í erfiðri færð. Innra rýmið í Passat er í algjörum sérflokki, vel búið farþegarýmið setur ný viðmið fyrir þig og þína. Komdu og láttu lúxusinn drífa þig áfram.

**Passar Variant 4MOTION® kostar aðeins frá**

**3.475.000 kr.**

Eða **39.900 kr. á mánuði** miðað við gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 6,19%.

**Aukahlutapakki fylgir**
Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan, 16" álfelgur, hiti í sætum, dökkar afturrúður, krómbogar á þaki, leður á stýri og gírstangarhnúð.

**Das Auto.**

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA


# Vel heppnuð kaupstefna

„Þetta gekk hörkuvel og kom eiginlega á óvart,“ segir tónlistarmaðurinn Mugison, sem er nýkominn heim frá kaupstefnunni Midem sem var haldin í Frakklandi.

Um þrjátíu Íslendingar kynntu tónlist sína á hátíðinni. Auk Mugison voru þar tónlistarmenn á borð við Sigtrygg Baldursson, Óttar Proppé, Samúel J. Samúelsson, Kenyu og píanóleikarann Nínu Margréti Grímsdóttur, auk fulltrúa frá Senu, Smekkleysu, 12 Tónum, Blánótt, Dimmu og Zonet.

„Það er ekki búið að skrifa undir neitt en markmiðið hjá okkur pabba var að reyna að ná dreifingu í Evrópu. Við erum að klára Evrópu, Japan og Bandaríkin og svo held ég að stóri dreifingaraðilinn okkar í Evrópu verði Cargo. Þeir sjá um að dreifa í Bretlandi, Þýskalandi, Beneluxlöndunum og Frakklandi.“ Vonast Mugison til að plata sín Mugiboogie komi út erlendis í apríl.



**MUGISON Á MIDEM** Tónlistarmaðurinn Mugison tók lagið fyrir menntamálaráðherra á Midem-kaupstefnunni.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, var á staðnum og spilaði Mugison þrjú lög fyrir hana. Í bakröddum voru faðir hans, Sigtryggur, Óttarr og Samúel. „Það var dálítið fyndið að spila þarna því þetta var ekki beint svið en það skapaðist smá stemning.“

Midem kom einnig vel út fyrir píanóleikarann Nínu Margréti, sem á í viðræðum við breska fyrirtækið Toccata Classics um útgáfu á þremur plötum.

Heilsíðuumfjöllun var um íslensku tónlistarsenuna í tímaritinu Music Week sem kom út fyrir skömmu en það er viðskiptablað tónlistargeirans. Þá var heimasíðan icelandmusic.is einnig kynnt rækilega á vefsíðu Music Week, www.musicweek.com.

# Gaf 650 milljónir til Vísindakirkju

Leikkonan Nancy Cartwright, sem talar fyrir teiknimyndapersónuna Bart Simpson, hefur fengið Patron Laureate-verðlaunin frá Vísindakirkjunni. Ástæðan er sú að Cartwright gaf kirkjunni um 650 milljónir króna á síðasta ári og varð þar með sú stjarna sem hefur gefið kirkjunni mestan pening. Nemur fjárhæðin tæplega tvöföldum árslaunum hennar fyrir Simpsonþættina. Cartwright sló þar með út Tom Cruise, sem er sagður næstæðstur innan kirkjunnar, en hann hefur gefið kirkjunni um 320 milljónir á undanförnum fjórum árum.

Á meðal fleiri stjarna sem dældu peningum í hina umdeildu Vísindakirkju í fyrra eru leikkonan Kirstie Alley sem lét um 320 milljónir af hendi rakna, hjónin John Travolta og Kelly Preston sem gáfu um 65 milljónir hvort, og Priscilla Presley. Fengu þau öll verðlaun fyrir fjárframlög sín í leynilegri athöfn á Flórída síðasta sumar.



**NANCY CARTWRIGHT** Ungfrú Bart Simpson virðist vera afar hrifin af Vísindakirkjunni.

# Gísli Einars í djúpum skít

**Páll Óskar er gestadómari í Laugardagslögum í kvöld, sá fjórði í röðinni. Einungis karlar hafa verið gestadómarar. Verulegs kynjamisræmis gætir í Eurovision-umfjöllun Ríkissjónvarpsins.**

„Jú, jahhh, ehhhh, uhhh, jú, sko, leyfðu mér að svara þessu svona: Konur hafa svo mikið vit á Eurovision að ein hefur jafn mikið vit og fjórir karlar samanlagt. Selma dugar,“ segir Gísli Einarsson, talsmaður Laugardagslaganna, þar sem valið á Eurovision-framlagi Íslands fer fram þessar vikurnar. Næsti gestadómari er Páll Óskar. Sérfræðiþekking hans á Eurovision er yfir allan vafa hafin. Gísli segir hann eiga spólur með Eurovision allt frá árinu 1870 og horfi á þær reglulega. En það breytir því ekki að komin er upp sú staða að gestadómarar hafa hingað til aðeins verið karlmenn: Halli í Botnleðju, Eyvi, Gísli Marteinn og nú Páll Óskar. Í sérfræðingasettinu eru svo fyrir á fleti Gísli sjálfur og Þorvaldur B. auk Selmu. Gísla, sem sjaldan er orða vant, vefst tunga um tönn þegar hann reynir að útskýra þetta misræmi. Hafa konur ekkert vit á Eurovision?

„Við getum farið út í jafnréttisumræðuna á víðum grunni. Vestfirðingar hafa ekki komið hér við sögu né sjómenn... Kvenhylli mín fer einfaldlega þverrandi. Það er vandamálið. Guðrún Gunnarsdóttir kemur þarnæst. Hún mun umbylta þessu enda margra kvenna maki.“

Engin þessara svara Gísla reynast sannfærandi og spurt er hvort þetta tengist nokkuð því að hommar hafi viljað slá eign sinni á keppnina. Hvort Ríkissjónvarpið sé að koma til móts við þá þróun? Gísli segir þá ekki ástæðuna. „Við leitum einfaldlega að besta álitsgjafanum óháð kyni og kynhneigð.“ En þá stendur enn spurningin: Hafa konur ekkert vit á Eurovision?

„Mér er hér stillt upp við vegg og mála mig út í horn,“ segir Gísli minntur á samning RÚV ohf. og menntamálaráðherra þess efnis að ávallt sé þess gætt að jafnt sé á komið með konum og körlum á skjánum þegar því verður við komið.

„Enn hefur mér ekki borist bréf frá Femínistafélaginu. Við tökum á því þegar þar að kemur. Þær verða að ræða þetta í Silfri Egils. Púff... ég hafði ekki gert mér grein fyrir því hvað ég er að gera jafnréttinu í landinu. Ég neyðist til að mæta í pilsi í kvöld. Ég er í djúpum skít.“ **jakob@frettabladid.is**



**GÍSLI EINARSSON** Hafði ekki gert sér grein fyrir því hvað hann er að gera jafnréttinu í landinu.

## KARLAR Í EUROVISION

Einungis karlmenn hafa verið gestadómarar í Laugardagslögunum í Sjónvarpinu. Páll Óskar Hjálmtýsson fylgir í kvöld í fótspor þeirra Gísla Marteins, Eyfa og Halla í Botnleðju. Gísli Einarsson lofar bót og betrun, segir Guðrúnu Gunnarsdóttur mæta í næstu viku.



# Alkablús, ekta euro og hanskarokk

Leitin að Eurovision-laginu heldur áfram í Laugardagslögunum í kvöld. Þrjú lög keppa um tvö laus sæti í lokakeppninni 23. febrúar. Þá fá áhorfendur að velja sigurlagið úr átta laga potti.

Lag Magga Eiríks, Leigubílar, ríður á vaðið. Það er sungið af Pálma Gunnarssyni og Hrund Árnadóttir. Þetta er ekta Magga Eiríks-lag, léttblúsað með sérlega íslenskum texta um alkóhólisma og meðferðir.

Næst er komið að „eurovisionlegasta“ laginu í ár, Fullkomnu lífi, sem Friðrik Ómar og Regína Ósk syngja. Þau hafa nú þegar komist ansi nálægt sigursætinu (Friðrik í öðru sæti 2007, Regína í öðru sæti 2006) og sætta sig því varla við neitt minna en sigur í keppninni í ár. Lagið er eftir Örlyg Smára, þann þaulvana poppara, sem vann t.d. mikið með Páli Óskari, gestadómara kvöldsins, að síðustu plötu hans.

Dr. Spock rekur lestina með Hvar ertu nú?, lag sem sveitin samdi í samvinnu við Dr. Gunna. Þetta sjómannalag skiptir á milli þungarokks og ballöðu og hljómsveitin hefur komið sér upp nýju höfuðskrauti sem verður frumsýnt í kvöld.

Eins og áður segir er Páll Óskar Hjálmtýsson gestadómari þáttarins í kvöld, gestur þáttarins er sjálfur Hemmi Gunn og Tvíhöfðasprell er á sínum stað.



**900-2001** Leigubílar eftir Magga Eiríks.



**900-2003** Hvar ertu nú? eftir Dr. Gunna og Dr. Spock.



**900-2002** Fullkomið líf eftir Örlyg Smára.


Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ATONEMENT | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| CLOVERFIELD | kl. 8 og 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 4, 6, 8 og 10 | 7 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 2 og 5 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR ÍSL TAL | kl. 2 | L |
| BÝFLUGNAMYNDIN ÍSL TAL | kl. 2 | L |




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 5%

| | | |
|---|---|---|
| WALK HARD | kl. 2 - 4 - 6 - 8 -10 | 14 |
| CLOVERFIELD | kl. 2 - 4 - 6 - 8 -10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| BRÚÐGUMINN LÚXUS | kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 2 - 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| WALK HARD | kl. 3 - 6 - 8 -10 | 14 |
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 3 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| THE MIST | kl. 10.30 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 3 - 5.30 - 8 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Háskólabíó merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| ATONEMENT | kl. 3 - 6 - 9 | 12 |
| CHALIE WILSONS WAR | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 8 - 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 4 - 6 | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| ATONEMENT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| CLOVERFIELD | kl. 10 - 12* | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | 7 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 2 - 4 ÍSLENSKT TAL | |

*KRAFTSÝNING

5% AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SWEENEY TODD | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | 16 |
| SWEENEY TODD | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| UNTRACEABLE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| THE GAME PLAN | kl. 1:15 - 3:30 - 5:40 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8 | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 10:30 | 14 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 1:15 - 3:30 | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 1:15 - 3:30 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:30 | L |
| UNTRACEABLE | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |
| ALIENS VS. PREDATOR 2 | kl. 10:10 | 16 |
| GAME PLAN | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| ALVIN OG ÍKO... M/ÍSL TALI | kl. 2 - 4 | L |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SWEENEY TODD | kl. 5:40D - 8D - 10:30D | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 8:20 - 10:30 | 16 |
| CLOVERFIELD | kl. 8:30 - 10:30 | 14 |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 6:10 | 7 |
| THE GAME PLAN | kl. 1:50 - 4 - 6:10 | L |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 1:50 - 4 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 1:40D - 3:40D | L |

KEFLAVÍK

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SWEENEY TODD | kl. 6 - 8 -10:20 | 16 |
| THE GAME PLAN | kl. 2 - 6 | L |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 8 | 7 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 10 | 12 |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN ÍSL TAL | kl. 4 | L |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | 7 |
| ALIEN VS. PREDATOR 2 | kl. 10:10 | 16 |
| BUTTERFLY ON A WHEEL | kl. 8 | 16 |
| RUN, FAT BOY, RUN | kl. 10:10 | L |
| NANNY DIARIES | kl. 5:50 | L |
| ALVIN OG ÍKO... M/- ÍSL TAL | kl. 1:40 | L |
| ENCHANTED M/- ÍSL TAL | kl. 1:40 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN ÍSL TAL | kl. 4 | L |

2. og 3. feb.
SparBíó 450kr
Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag




GAME PLAN KL. 1:15 Í ÁLF. , 1:50 Í KRINGL. OG KL. 1:30 Í KEFLAVÍK.
DEATH AT A FUNERAL KL. 2 Í ÁLFABAKKA
BÝFLUGUMYNDIN M/ ÍSLENSKU TALI KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA, 1:40 Í KRINGLUNNI, 4 Á AKUREYRI OG 4 Á SELFOSSI
TÖFRAPRINSESSAN M/ÍSL TALI KL. 1:15 Í ÁLFABAKKA, 1:50 Í KRINGLUNNI, 2 Á AKUREYRI




FEBRÚAR
TILBOÐ
FRÁBÆR TILBOÐ ÚT ALLAN FEBRÚARMÁNUÐ
FARTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
VERÐ FRÁ 28.900
25DVD
DISKAR
25 STK Verbatim
16x DVD+R diskar
Hvergi á betra verði!
1.890
iP4500
FRÁ CANON
Mest seldi prentari á íslandi á ótrúlegu verði
9.990
STÚTFULLUR 8BLS
BÆKLINGUR AF
SPENNANDI
TILBOÐUM
FARTÖLVA
acer
5315
• Intel Celeron M540 1.86GHz
• 1GB DDR2 667MHz minni
• 120GB 5400RPM diskur
• 15.4" WideScreen skjár
• 0.3MP vefmyndavél
• Vista Home Premium
59.900
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi innifaldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur
FEBRÚAR
TILBOÐ
TÖLVUTEK
OPNUNARTÍMAR
OPIÐ Í DAG
LAUGARDAG
FRÁ 10-17
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

## > Beðið eftir svari frá Andersson

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins bíður HSÍ enn eftir svari frá Magnus Andersson um hvort hann hafi áhuga, eða möguleika, á að þjálfa íslenska landsliðið í handbolta. Andersson er samningsbundinn danska félaginu FCK til ársins 2011 og þarf því leyfi hjá félaginu til þess að ræða við Guðmund Ingvarsson og félaga hjá HSÍ. Miðað við þau laun sem Andersson er talinn hafa hjá FCK verður að teljast ólíklegt að HSÍ geti boðið honum fullt starf og því líklegra að hann myndi þjálfa FCK samhliða landsliðinu ef af yrði.



**sport**
sport@frettabladid.is

**GUNNLAUGUR JÓNSSON, KR:** FORMAÐUR NÝSTOFNAÐRA SAMTAKA KNATTSPYRNUMANNA Í LANDSBANKADEILDINNI

# *Mikilvægt að leikmenn geti talað sem ein heild*



Samtök knattspyrnumanna er heiti á leikmannasamtökum sem leikmenn í Landsbankadeild karla stofnuðu formlega á miðvikudagskvöld síðastliðið. Gunnlaugur Jónsson fer með formennsku í samtökunum, Sigurbjörn Hreiðarsson er ritari, Valur Fannar Gíslason er gjaldkeri, meðstjórnendur eru þeir Bjarni Guðjónsson og Tryggvi Guðmundsson og Arnar Grétarsson og Guðmundur Steinarsson eru í varastjórn. Gunnlaugur segir stofnun samtakanna hafa staðið til í langan tíma.

„Fyrirliðar liðanna í efstu deild hafa verið að tala um stofnun leikmannasamtaka síðastliðin 5-6 ár og alls konar mál komið upp á þeim tíma þar sem vantaði ef til vill einhvern í forsvari fyrir leikmenn," sagði Gunnlaugur sem kvað umræðu um leikdaga í Landsbankadeildinni næsta sumar hafa orðið til þess að menn tóku skrefið til fulls og stofnuðu samtökin.

„Leikmenn hafa náttúrulega sterkar skoðanir á hvaða dögum þeir vilja að leikir séu spilaðir og það má segja að menn hafi byrjað að krúnka sig saman eftir að leikjaplanið fyrir sumarið var klárt. Síðan eru menn auðvitað að átta sig á því hversu mörg svið svona samtök geta náð yfir og hversu mikilvægt það er að leikmenn hafi einhvern málsvara og geti talað sem ein heild. Ég held að menn hafi fram að þessu kannski verið hræddir um að stofnun samtakanna væri of mikil vinna og erfitt væri að fá menn til þess að gefa sig í þetta," sagði Gunnlaugur og kvað samtökin ætla að taka eitt skref í einu.

„Leikmenn hafa tekið þessu framtaki fagnandi og við vonumst auðvitað til þess að allir leikmenn Landsbankadeildar sjái hag sinn í því og vilji vera hluti af samtökunum. Við munum fara rólega af stað til að byrja með og ekki vera með neitt ársgjald, heldur nota fyrsta árið í það að skilgreina hvað þessi samtök ætli sér að standa fyrir og kynna þau fyrir leikmönnum. Tryggingar og almenn samningamál eru eitthvað sem við munum klárlega skoða nánar í framtíðinni en eins og ég segi þá leggjum við áherslu á að fara ekki of geyst af stað," sagði Gunnlaugur að lokum.

Fyrri undanúrslitaleikur Lýsingarbikars kvenna milli Hauka og Fjölnis í gær:

# Bikarmeistarar Hauka í Höllina

**KÖRFUBOLTI** Bikarmeistarar Hauka tryggðu sér farseðilinn í bikarúrslitaleikinn í Höllinni með öruggum 19 stiga sigri á Fjölni, 82-63.

Haukastúlkur eru þar með komnar í Höllina annað árið í röð og í þriðja sinn á fjórum árum þar sem þær mæta annaðhvort Grindavík eða Keflavík sem mætast í hinum undanúrslitaleiknum í Grindavík á sunnudagskvöldið.

Haukaliðið hafði töglin og hagldirnar í leiknum allan tímann og 16 stigum yfir í hálfleik, 40-24. Kristrún Sigurjónsdóttir og Telma Björk Fjalarsdóttir áttu mjög góðan leik í liði Hauka og Kiera Hardy skilaði sínum stigum.

Gréta María Grétarsdóttir, spilandi þjálfari Fjölnis fór fyrir sínu liði með 15 stigum og 11 fráköstum og Slavica Dimovska sem skoraði 19 stig var í strangri gæslu. **-óój**








**MÆTTUR** Sigurður Eggertsson sýndi skemmtileg tilþrif í sínum fyrsta leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Valsmenn í stuði

## Sigurður Eggertsson skemmti í sínum fyrsta leik og Ólafur Haukur Gíslason lokaði Valsmarkinu.

**HANDBOLTI** Valsmenn komu í miklu stuði út úr EM-fríinu og sigruðu topplið Hauka örugglega í N1-deild karla í Vodafone-höllinni í gær. Fyrirliðinn Ólafur Haukur Gíslason varði 31 skot og nýi maðurinn, Sigurður Eggertsson, setti hvert sýningaratriðið á fætur öðru í sókninni og var með sex mörk og 11 stoðsendingar í sínum fyrsta leik í Valstreyjunni síðan í vor.

Valsmenn voru gríðarlega vel stemmdir frá fyrstu mínútu og það var helst að leikmenn Hlíðarendaliðsins væru of æstir því Haukarnir voru duglegir að refsa þeim fyrir mörg klaufaleg mistök. Haukarnir nýttu sér vel hraðar sóknir í upphafi leiks og voru komnir í 6-9 þegar hálfleikurinn var rúmlega hálfnaður.

Þá tók við frábær kafli Valsmanna, Ólafur og Valsvörnin settu í lás og Valsliðið skoraði sex mörk í röð og var síðan 15-12 yfir í hálfleik. Haukarnir náðu að minnka muninn niður í tvö mörk en nær komust þeir ekki og Valsmenn tryggðu sér góðan sigur sem minnkaði forskot Haukanna á þá niður í fjögur stig.

Ólafur Haukur Gíslason átti frábæran dag í marki Valsmanna og tók alls 31 skot, mörg þeirra úr mjög góðum færum. Það var helst að Haukarnir skoruðu á hann úr vítum, hraðaupphlaupum eða eftir sóknarfráköst. Sigurður Eggertsson var maður fyrri hálfleiks með 4 mörk og 8 stoðsendingar en í þeim síðari var Ernir Hrafn Arnarson aðalhugmyndasmiðurinn í sókninni.

Sigurður skoraði mörg stórkostleg mörk í þessum leik og það er ljóst að hann lífgar mikið upp á Valsliðið sem og íslensku deildina enda sannur skemmtikraftur á ferðinni.

Sigurbergur Sveinsson, Gunnari Bergi Viktorsson og Kári Kristjánsson voru einu Haukamennirnir með lífsmarki framan af leik og góður lokakafli Andra Stefans kom of seint. Haukaliðið átti annars fá svör við góðum leik Valsmanna og þurfa að passa sig ef þau ætla ekki að missa toppsætið því með sams konar leik þá verða þeir ekki lengi í efsta sæti.

ooj@frettabladid.is

### VALUR-HAUKAR 32-27 (15-12)

**Mörk Vals (skot):** Baldin Þorsteinsson 7/1 (10/2), Sigurður Eggertsson 6 (12), Sigfús Páll Sigfússon 4 (6), Fannar Friðgeirsson 3 (4), Elvar Friðriksson 3/1 (6/2), Ernir Hrafn Arnarson 3 (9), Ingvar Árnason 2 (2) Gunnar Harðars. 2 (2), Kristján Karlss. 2 (3), Arnór Malmquist 0 (3/1).
**Varin skot:** Ólafur H. Gíslason 31 (57/4, 54%), Pálmar Pétursson 0 (1/1, 0%)
**Hraðaupphlaup:** 6 (Baldvin 2, Fannar 2, Gunnar, Ingvar).
**Fiskuð víti:** 5 (Sigfús 3, Baldvin, Gunnar).
**Utan vallar:** 8 mínútur

**Mörk Hauka (skot):** Sigurbergur Sveinsson 9/4 (19/5), Andri Stefán 5 (10), Gunnar Berg Viktors son 5 (9), Kári Kristjánsson 3 (5), Elías Már Hall dórsson 2 (2), Freyr Brynjarsson 2 (4), Halldór Ingólfsson 1/1 (4/2), Gísli Jón Þórsson 0 (2).
**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 12/2 (35/4, 34%), Gísli Guðmundsson 6 (15,40%).
**Hraðaupphlaup:** 8 (Sigurbergur 2, Andri 2, Kári, Freyr, Elías, Gunnar Berg).
**Fiskuð víti:** 7 (Kári 4, Gunnar Berg, Gísli, Freyr).
**Utan vallar:** 4 mínútur






Snæfellingar hafa ekki söguna með sér í undanúrslitaleik sínum við Njarðvík í Ljónagryfjunni í dag:

# Slegnir út af Suðurnesjaliði fimm ár í röð

**KÖRFUBOLTI** Sagan er svo sannarlega með Njarðvíkingum í undanúrslitaleik þeirra við Snæfell í Lýsingarbikar karla í Njarðvík í dag. Njarðvíkingar hafa unnið sjö heimaleiki í röð í bikarnum og ennfremur 18 af síðustu 20 bikarleikjum í Ljónagryfjunni á sama tíma og Snæfellingar hafa aldrei unnið bikarleik á Suðurnesjum og hafa verið slegnir út af Suðurnesjaliði fimm tímabil í röð.

Njarðvíkingar hafa unnið alla heimaleiki sína í bikarnum frá 1990 fyrir utan tvo leiki við KR árið 2000. KR vann þá undanúrslitaleik liðanna í Ljónagryfjunni 24. janúar og fylgdi því eftir með því að slá Njarðvík út úr 16 liða úrslitunum á sama stað 10. desember. Njarðvíkurliðið hefur unnið alla hina 18 heimaleiki sína frá því að núverandi fyrirkomulag var tekið upp 1990 en fyrir þann tíma var spilað heima og að heiman.

Snæfell vann sögulegan sigur á Keflavík í átta liða úrslitunum á dögunum en það var fyrsti bikarsigur Snæfellinga á Suðurnesjaliði í 11 tilraunum og nú reyna þeir að sækja fyrsta bikarsigurinn á Suðurnesin í fimmtu tilraun. Snæfellingar hafa dottið út úr bikarnum fyrir Suðurnesjaliði síðustu fimm tímabil. Grindavík sló þá út úr 32 liða úrslitum í fyrra, þeir duttu út fyrir Njarðvík í átta liða úrslitum 2006, fyrir Keflavík í 32 liða úrslitum 2005 og fyrir Njarðvík í undanúrslitum 2004. Árið 2003 tapaði síðan Snæfell í bikarúrslitaleik gegn Keflavík en það var síðasta skiptið sem Hólmarar komust í bikarúrslitin í Höllinni. Frá þeim tíma hefur Snæfell reyndar unnið fjóra leiki í röð í Höllinni en þeir urðu fyrirtækjameistarar bæði 2004 og svo í haust.

Njarðvíkingar hafa unnið allar þrjár bikarviðureignir sínar gegn Snæfelli. Njarðvík vann liðanna 94-98 í Hólminum í átta liða úrslitum 22. janúar 2006 og sótti einnig sigur í undanúrslitaleik liðanna í Stykkishólmi 17. janúar 2004. Njarðvík vann síðan fyrsta bikarleik liðanna og þann eina í Ljónagryfjunni fyrir leikinn í dag þegar liðið fagnaði 88-73 sigri í 16 liða úrslitum 12. desember 1999.

Leikur Njarðvíkur og Snæfells hefst klukkan 15.00 í dag og fer fram í Ljónagryfjunni í Njarðvík. **- óój**



**ERFITT Í GRYFJUNNI** Sigurður Þorvaldsson og félagar í Snæfelli hafa tapað síðustu þremur leikjum í sínum í Ljónagryfjunni í Njarðvík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**EITRAÐUR** Jermain Defoe er erfiður við að eiga þegar hann er í stuði. NORDIC PHOTOS/GETTY

Harry Redknapp, Portsmouth:

## Defoe verður án efa frábær

**FÓTBOLTI** Jermain Defoe, 25 ára, skipti yfir til Portsmouth frá Tottenham í fyrrakvöld eftir að félögin komust að samkomulagi um níu milljóna punda kaupverðið, en Defoe átti aðeins átján mánuði eftir af samningi sínum við Tottenham og viðræður um nýjan samning höfðu siglt í strand.

Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Portsmouth, hefur mikla trú á Defoe og telur að hann geti komið knattspyrnuferli sínum á réttan kjöl hjá Portsmouth.

„Hann þarf á sjálfstrausti að halda og hann þarf að finna að menn hafi trú á honum og það fær hann um leið og hann spilar reglulega í byrjunarliði. Hann er frábær markaskorari og hefur alltaf skorað mörk þegar hann fær tækifæri og ég er sannfærður um að hann verði frábær og muni sýna allar sínar bestu hliðar hjá Portsmouth,“ sagði Redknapp í viðtali við BBC Sports en hann keypti Defoe til West Ham á sínum tíma. **- óþ**

Molly Peterman hjá Val:

## Engin hvíld í 221 mínútu

**KÖRFUBOLTI Molly Peterman, bandaríski leikmaður kvennaliðs Vals í Iceland Express-deild kvenna, á mikinn þátt í uppkomu Valsliðsins í síðustu leikjum en liðið hefur unnið þrjá leiki í röð og sex leiki af síðustu sjö.**

**Það sést ekki síst á mikilvægi Molly að hún hefur spilað 442 mínútur í þeim 11 leikjum sem hún hefur spilað eða yfir 40 mínútur (40,2) að meðaltali í leik. Þar kemur til að hún spilaði allar 50 mínúturnar í tvíframlengdum leik gegn Keflavík.**

**Nú er svo komið að Molly hefur spilað síðustu 221 mínútuna og 31 sekúnduna með Valsliðinu og fékk síðast hvíld í lok þriðja leikhluta í sigurleik gegn Fjölni 18. desember.**

**Molly er þannig búin að spila allar mínúturnar í öllum fimm leikjum Valsliðsins á þessu ári og í þeim hefur hún skorað 32,2 stig að meðaltali, tekið 7,8 fráköst, gefið 5,0 stoðsendingar og stolið 4,6 boltum að meðaltali í leik.** **- óój**



**> Ben Kingsley**

„Ef ég hefði bara vitað ég að myndi vinna, þá hefði ég ekki mætt klæddur eins og þjónn,“ sagði Kingsley skömmu eftir að hann fékk Óskarinn fyrir leik sinn í myndinni Gandhi. Kingsley leikur í myndinni Suspect Zero sem Stöð 2 sýnir í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** KAREN D. KJARTANSDÓTTIR LAS FRÉTTIR AF UPPSÖGNUM Í SJÁVARÚTVEGI

## *Hræsnari með skrælnaðar rætur*

Á tyllidögum hef ég mörg orð um það hve ég sé stolt af því að vera landsbyggðarmær. Ég gorta mig af því að þekkja til sjávarútvegs og landbúnaðar og segist vilja veg íslenska geita- og þorskstofnins sem mestan. Ég er hræsnari.



Til höfuðborgarinnar kom ég hríðskjálfandi af ótta um síðustu aldamót. Einu kynni mín af þessu fjölmennasta svæði landsins höfðu fram að því verið í gegnum fyllerí í miðborginni, stöku leikhúss- og bíóferðir auk reglulegra verslunarferða í Kringluna, ég hafði sem sagt aðeins farið eftir Suðurlandsvegi, Miklubraut og Laugavegi og landfræðikunnátta mín af höfuðborgarsvæðinu var af svo skornum skammti að ég vissi ekki í hvaða átt ég átti að fara til að komast úr Kópavogi í Garðabæ og hvað þá að ég hefði áttað mig á því að Hafnarfjörður væri samvaxinn þessu öllu. Mér þótti borg óttans ógnvænleg og hélt að einhvern daginn myndi ég hitta laglegan dýralækni í flónelskyrtu á Lada Sport sem myndi stinga upp á því að flytja út á land þar sem hann yrði seinna sveitarstjóri. Spádómar mínar rættust ekki og þótt ég tali hástemmt um uppruna minn hafa ræturnar þangað fyrir löngu nánast skrælnað upp.

Þessu áttaði ég mig á þegar ég fann doða í brjósti mér þegar ég las fréttir af öllum uppsögnunum í sjávarútvegi. Fyrir örfáum árum hefði ég orðið brjáluð yfir þessu máli. Mér þótti því sárt að standa mig að því að lesa fréttir af þessum aðgerðum þurrum augum. Enn verri tilfinning helltist yfir mig þegar ég fann að fréttirnar höfðu skilið minni för eftir í huga mér en válegar fréttir af sjálfræðissviptingu Britney Spears. Þessi uppgötvun kippti mér niður á jörðina, var ágætis „reality check“ eins og ég hefði einhver tímann sagt að fólkið í Reykjavík myndi segja.

Ég ætla að fara til mömmu og pabba sem allra fyrst í langa heimsókn og láta þau segja mér að veruleikinn sé ekki þannig að hægt sé að kalla það mótvægisaðgerðir að flýta uppbyggingu á vegum um einhver ár eða bjóða sjómönnum styrki til náms. Kommon eiga eldri menn sem migið hafa í saltan sjó við Stöðvarfjörð áratugum saman að fara að læra hraðritun í bænum.

## EKKI MISSA AF



▶ **12.35 Man. City-Arsenal** SÝN 2



▶ **19.10 Phenomenon** STÖÐ 2



▶ **20.00 Laurel Canyon** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.50 Laugardagslögin** SJÓNVARPIÐ



▶ **00.00 Da Vinci's Inquest** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar:** Gurra grís, Lítil prinsessa, Halli og risaeðlufatan, Bangsímon, Tumi og ég, Bitte nú!, Lína

**09.25 Skúli skelfir**

**09.37 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar**

**10.00 Einu sinni var... - Maðurinn** (3:26)

**10.30 Kastljós**

**11.00 Kiljan** e.

**11.45 07/08 bíó leikhús** e.

**12.15 Frumstætt fólk** (2:3) e.

**13.30 Glenn Gould** (1:2) e.

**14.30 Fiðluleikarinn Gilles Apap** e.

**15.30 Ferlegur föstudagur** e.

**17.05 Hvað veistu?**

**17.40 Táknmálsfréttir**

**17.50 Útsvar** e.

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.45 Spaugstofan**

▶**20.15 Laugardagslögin** Í kvöld verða flutt þrjú lög og tvö þeirra komast áfram í úrslitakeppnina.

**21.15 Hrúturinn Hreinn** (14:40)

**21.25 Laugardagslögin - úrslit**

**21.40 Stúlknasveitin 2** (The Cheetah Girls 2) Bandarísk gaman- og söngvamynd frá 2006

**23.15 Dökkt vatn**

**01.00 Morð í Hollywood** e.

**02.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Just Friends**

**08.00 Moonlight And Valentino** (e)

**10.00 To Walk with Lions**

**12.00 Laurel Canyon**

**14.00 Just Friends**

**16.00 Moonlight And Valentino** (e)

**18.00 To Walk with Lions**

▶**20.00 Laurel Canyon** Stjörnum prýdd verðlaunamynd með þeim Frances McDormand, Christian Bale og Kate Beckinsale í aðalhlutverkum.

**22.00 The Notorious Bettie Page**

**00.00 The Stickup**

**02.00 Bad Santa**

**04.00 The Notorious Bettie Page**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney, Camp Lazlo 1, Gordon garðálfur

**08.05 Algjör Sveppi** Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon garðálfur, Refurinn Pablo og margar fleiri.

**10.20 Agent Cody Banks 2.** Destination London

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 The Bold and the Beautiful**

**12.45 The Bold and the Beautiful**

**13.05 The Bold and the Beautiful**

**13.25 The Bold and the Beautiful**

**13.45 The Bold and the Beautiful**

**14.10 American Idol** (3:41)

**14.55 American Idol** (4:41)

**16.25 Gossip Girl** (4:22)

**17.25 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það nýjsta í bíóheiminum. Hvað myndir eru að koma út og hverjar eru aðalstjörnurnar í bíóhúsunum? Ómissandi þáttur fyrir alla bíóáhugamenn.

**17.55 Sjálfstætt fólk**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

▶**19.10 Phenomenon** (5:5) Lokaþáttur þessa ótrúlega skemmtiþáttar. Eftir harða keppni kemur nú í ljós hver stendur uppi sem „stóra undrið“, keppandi sem Uri Geller og Chris Angel, auk sjónvarpsáhorfenda í Bandaríkjunum, telja að skari fram úr þegar kemur að sjónhverfingasnilli og yfirnáttúrulegum hæfileikum.

**20.00 Glory Road** (Frægðarbraut) Sannsöguleg og áhrifamikil kvikmynd

**21.55 Out of Time** (Tímahrak) Mögnuð spennumynd með Óskarsverðlaunaleikaranum Denzel Washington.

**23.40 Graduation Week** (Prófstress) Spennandi og dramatísk kvikmynd um þrjá metnaðarfulla háskólastúdenta sem allir ætla sér að dúxa og vinna að launum himinhátt verðlaunafé.

**01.10 Suspect Zero** Hörkuspennandi mynd með Ben Kingsley og Aaron Eckhart í aðalhlutverkum.

**02.50 Derailed** (Dauðalestin)

**04.20 Call Me. The Rise and Fall of Heidi Fleiss**

**05.45 Fréttir**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.40 PGA Tour 2008 - Hápunktar**

**08.35 Inside the PGA**

**09.00 Dubai Desert Classic** (Evrópumótaröðin í golfi) Bein útsending frá Dubai Desert Classic sem er hluti af Evrópumótaröðinni en margir af fremstu kylfingum Evrópu mæta til leiks.

**13.00 Utan vallar**

**13.40 Seattle - Cleveland NBA körfuboltinn**

**15.40 World Supercross GP**

**16.40 Veitt með vinum** (Víðidalsá) Þessi fræga á lætur engan ósnortinn sem fær tækifæri til að veiða við bakka hennar. Hér er reynt við stóru hausthængana sem leynast í hyljum Víðidalsár.

**17.15 World´s Strongest Man 2007**

**17.50 Inside Sport**

**18.20 Spænski boltinn - Upphitun**

**18.50 Almeria - Real Madrid Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Almeria og Real Madrid í spænska boltanum.

**20.50 Barcelona - Villarreal Spænska bikarkeppnin** Útsending frá leik Barcelona og Villarreal í spænsku bikarkeppninni.

**22.30 Box** Miguel Cotto - Shane Mosley

## SÝN 2

**08.40 Premier League World**

**09.10 English Premier League**

**10.05 PL Classic Matches**

**10.35 PL Classic Matches**

**11.05 Season Highlights**

**12.05 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar.

▶**12.35 Man. City - Arsenal** Bein útsending frá leik Man. City og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

**14.45 Tottenham - Man. Utd.** Bein útsending frá leik Tottenham og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni. Sýn Extra: Portsmouth - Chelsea Sýn Extra 2: Blackburn - Everton Sýn Extra 3: Reading - Bolton Sýn Extra 4: Wigan - West Ham

**17.10 Liverpool - Sunderland** Bein útsending frá leik Liverpool og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.

**19.10 4 4 2**

**20.30 4 4 2**

**21.50 4 4 2**

**23.10 4 4 2**

## SKJÁREINN

**09.45 Vörutorg**

**10.45 Dr. Phil** (e)

**14.30 Less Than Perfect** (e)

**15.00 Skólahreysti** (e)

**16.00 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**17.00 Giada´s Everyday Italian** (e)

**17.30 Game tíví** (e)

**18.00 5 Tindar** (e)

**19.00 Friday Night Lights** (e)

**20.00 SAG Awards 2008** (e)

**22.00 Heroes** (e) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk með óvenjulega hæfileika. Það er komið að stóra uppgjörinu hjá hetjunum. Allt fer úr böndunum þegar leiðir hetjanna liggja saman í kjallara pappírsverksmiðjunnar í Odessa í Texas.

**23.00 House** (e) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Unglingsstúlka hóstar upp blóði og ástand hennar versnar snögglega. House telur sig vita hvað er að henni þótt ekkert bendi til þess að hann hafi á réttu að standa. Hann stendur fast á sínu jafnvel þótt þrjóska hans gæti dregið stúlkuna til dauða.

▶**00.00 Da Vinci's Inquest** Vönduð sakamálaþáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna, en þættirnir fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómstjóra í Vancouver. Einnig er fylgst með krufningum og rannsókn lögreglu og meinafræðinga á margvíslegum glæpum og dauðsföllum.

**01.00 Law & Order** (e)

**01.50 Professional Poker Tour** (e)

**03.20 The Boondocks** (e)

**03.45 C.S.I. Miami** (e)

**04.30 C.S.I. Miami** (e)

**05.15 Vörutorg**

**06.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


KRÓNUDAGUR

Ljósakróna, verð **29.960-**. Aðeins í dag.



**Rafkaup**

Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið lau.: **11:00 - 16:00**

www.rafkaup.is

zetor

## Í KVÖLD

### SÝN 2 KL. 14.45

Tottenham - Man. Utd



Það er sannkallaður hörkuleikur í kvöld á White Hart Lane þar sem Tottenham tekur á móti Englandsmeisturum Man. Utd. Stuðningsmenn Tottenham eru eflaust fullir bjartsýni eftir stórsigur sinna manna á Arsenal í undanúrslitum enska deildarbikarsins á dögunum. Fyrsti sigur liðsins á Arsenal á White Hart Lane í níu ár hlýtur að gefa liðinu byr undir báða vængi fyrir leikinn gegn Man. Utd sem hefur oftar en ekki sótt stigin þrjú gegn Tottenham á undanförnum árum. Verður breyting þar á í kvöld eða heldur Man. Utd áfram að fara til London og hirða stigin þrjú?

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Glory Road
### Stöð kl. 20.00

Kvikmynd frá ofurframleiðandanum Jerry Bruckheimer. Myndin, sem tilnefnd hefur verið til fjölda verðlauna, gerist um miðbik 7. áratugar síðustu aldar og fjallar um körfuboltaþjálfara sem tekur að sér þjálfun lítils háskólaliðs, Texas Western Miners, notar hvíta og svarta leikmenn, og kemur þeim alla leið í úrslit.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Í húsinu heima
**15.20** Brot af íslenskri menningarsögu: Í öðru landi
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Orð skulu standa
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Hundur í útvarpssal
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Hvað er að heyra?
**21.30** Smásaga: Meyjarfæðing
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Á hljóðbergi: Mnemonic
**23.10** Villtir strengir og vangadans

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**15.00 Hollyoaks** (111:260)
**15.25 Hollyoaks** (112:260)
**15.50 Hollyoaks** (113:260)
**16.15 Hollyoaks** (114:260)
**16.40 Hollyoaks** (115:260)
**17.55 Skífulistinn** X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**18.50 X-Files** (7:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
**19.35 The George Lopez Show** (9:18)
**20.00 Logi í beinni**
**20.35 Lovespring International** (5:13) Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.
**21.05 Big Day** (5:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegan hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar við undirbúninginn fyrir brúðkaupsdaginn.
**21.30 Wildfire** (7:13) Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.
**22.15 X-Files** (7:24)
**23.10 The George Lopez Show** (9:18)
**23.35 Lovespring International** (5:13)
**00.00 Big Day** (5:13)
**00.25 Wildfire** (7:13)
**01.10 Skífulistinn**
**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**10.00** EastEnders **10.30** EastEnders **11.00** Ever Decreasing Circles **11.30** The Weakest Link **12.15** The Weakest Link **13.00** Great Romances of the 20th Century **13.30** Great Romances of the 20th Century **14.00** Popcorn **15.00** Land of the Tiger **16.00** Nile **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** My Hero **18.30** My Hero **19.00** My Dad's the Prime Minister **19.30** Mad About Alice **20.00** The Other Boleyn Girl **21.30** The Office **22.00** Extras **22.30** Saxondale **23.00** EastEnders **23.30** EastEnders **0.00** The Other Boleyn Girl **1.30** The Office

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Hjerteflimmer Classic **11.40** Boogie Listen **12.35** Family Guy **13.00** X Factor **14.00** Chris på Skolebænken **14.30** Kender du typen **15.05** Chimpanserne fra Gombe **16.05** OBS **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Kaj og Andrea **17.00** En plettet sprinter **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** SportNyt **18.05** Mr. Bean **18.30** Max **19.00** Dansk Melodi Grand Prix 2008 **20.45** Inspector Morse: Et kors for Morse **22.25** Anklaget **23.05** Boogie Listen

## NRK 1

**9.00** NRKs sportsl¢rdag **9.01** V-cup hopp **9.55** V-cup alpint: Utfor, menn **11.05** NM på ski 2008: Foran dagens renn **11.15** NM på ski 2008: 15 km jaktstart kvinner **12.15** NM på ski 2008: 15 km kombinert langrenn **13.15** NM på ski 2008: 30 km jaktstart menn **14.55** V-cup sk¢yter: 1500 m menn og kvinner, forfølgelse, lag **16.00** Sport i dag **17.01** Jubalong **17.30** Sommeren i mitt liv **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Borettslaget **19.25** Den store klassefesten **20.25** Med hjartet på rette staden **21.10** Stephen Fry - manisk depressiv **22.05** Kveldsnytt **22.20** Tid for hevn **0.45** Dansefot jukeboks med chat

## SVT 1

**10.00** Tv-stjärnan **10.30** Uppdrag Granskning **11.30** Andra Avenyn **12.00** Andra Avenyn **12.30** Andra Avenyn **13.00** Om ett hjärta **14.00** Simhopp **16.00** På spåret **17.00** Bolibompahelg **17.05** Disneydags **18.00** Livet enligt Rosa **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Harry Potter och fången på Azkaban **21.15** Brottskod: Försvunnen **22.00** Rapport **22.05** Out of Practice **22.30** Gudomligt ingripande **0.00** Sändningar från SVT24


MITT SVÆÐI



Mitt er þitt

"Mitt svæði" er þitt einkasvæði hjá LÍN.

Allir sem hafa aðgang að íslenskum heimabanka eða þjónustusíðu RSK geta eftir innskráningu þar komist með öruggum hætti inn á "Mitt svæði" hjá LÍN.

"Mitt svæði" er fyrir námsmenn, greiðendur námslána og ábyrgðarmenn þeirra.

Samtals má ætla að um 92.000 manns eigi erindi inn á einkasvæði sitt hjá LÍN.

**Nýjasta þjónustan er fyrir greiðendur námslána. Á "Mínu svæði" geta þeir nú afþakkað greiðsluseðla og þar með fengið seðilgjöld sín felld niður að fullu.**

LÍN hvetur viðskiptavini sína til að kynna sér upplýsingar og möguleikana á "Mínu svæði" hjá sjóðnum. Nánari umfjöllun er á www.lin.is.

LÍN

Lánasjóður íslenskra námsmanna Borgartúni 21 Reykjavík www.lin.is lin@lin.is

Grafika 2008

## PERSÓNAN



*Páll Reynisson*

**Aldur:** 51 árs.
**Starf:** Veiðimaður.
**Fjölskylda:** Skilinn og býr einn. Á einn son, Reyni Pálsson tölvugúrú.
**Foreldrar: María Pálsdóttir og Reynir Ástþórsson, sómahjón í Reykjavík.**
**Búseta: Eyrarbraut 49, Stokkseyri.**
**Stjörnumerki:** Naut.

Páll efnir til byssusýningar í Veiðisafninu Stokkseyri um helgina í samvinnu við Vesturröst.

# 08.08.08 ekki eins vinsæll og 07.07.07



**RÓLEGIR PRESTAR** Pálmi Matthíasson, Vigfús Þór Árnason og Hjálmar Jónsson spá því að 08.08.08 verði ekki eins vinsæll brúðkaupsdagur og 07.07.07.

„Öll umfjöllunin sem varð um 07.07.07 virðist hafa dregið úr fólki að velja sér einhvern svona dag,“ segir séra Pálmi Matthíasson, prestur í Bústaðakirkju, aðspurður hvort eitthvað sé farið að bera á því að pör í hjúskaparhugleiðingum séu farin að panta kirkju og klerk undir 8. ágúst á þessu ári. Pálmi segir þó að eitt par sé þegar búið að ákveða þennan dag og annað sömuleiðis en þó með fyrirvara. „Ég held að þetta verði miklu minna en í fyrra. Þá reyndar pöntuðu alveg rosalega margir en runnu síðan á rassinn með það þannig að fólk virðist ætla að stíga varlega til jarðar í þessum efnum,“ bætir Pálmi við.

Undir það tekur séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur. Hann er reyndar bókaður í þrjú brúðkaup þennan daginn, eitt á Suðurlandsundirlendinu, annað í Borgarfirði og það þriðja á Akureyri. „Ég á nú samt enn þá eftir að ganga endanlega frá þessu með fólkinu,“ segir Hjálmar. Hann bætir því við að 07.07.07 hafi ekki reynst vera þessi mikli brúðkaupsdagur og fjölmiðlar höfðu spáð fyrir um. „Mér sýnist allt á öllu að þetta verði ekki svona æði. Reyndar var ég bókaður í átta brúðkaup 7. júlí í fyrra en endaði síðan í fjórum,“ segir Hjálmar.

Vigfús Árnason, prestur í Grafarvogskirkju, hafði ekki alveg áttað sig á samhenginu þegar honum varð ljóst að hann hafði verið pantaður í fjögur brúðkaup 8. ágúst. Hann, líkt og Pálmi og Hjálmar, bjóst þó ekki við jafn miklu brúðkaupsæði þennan dag og átti að verða í fyrra. **-fgg**



**LÁRÉTT**
**2.** tikka **6.** belti **8.** meðal **9.** prjónavarningur **11.** tveir eins **12.** orðrómur **14.** fet **16.** pot **17.** knæpa **18.** af **20.** klaki **21.** baktal.

**LÓÐRÉTT**
**1.** nabba **3.** á fæti **4.** drykkjuskapur **5.** kraftur **7.** limlesta **10.** stykki **13.** struns **15.** aflast **16.** skammstöfun **19.** hæð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** tifa, **6.** öl, **8.** lyf, **9.** les, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** skref, **16.** ot, **17.** krá, **18.** frá, **20.** ís, **21.** last.
**LÓÐRÉTT: 1.** bólu, **3.** il, **4.** fyllerí, **5.** afl, **7.** lemstra, **10.** stk, **13.** ark, **15.** fást, **16.** oft, **19.** ás.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Þorsteinn Þorsteinsson.
2. 1.476 fermetrar.
3. Gnúpur ehf.


Nálastungur Íslands ehf.
Ríkharður Mar Jósafatsson
Doctor of Oriental Medicine
Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg 47
Sími 458 9400 & 863 0180



PENZIM
Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana



Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensímtækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.

ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND



Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.

penzim.is


ÞORSTEIN ARNÓRSSON: KFUM OG KFUK FÁ GÓÐAN LIÐSSTYRK

# Barnalandskonur safna fyrir geðsjúkrahús í Úkraínu




**KOM Á ÓVART** Þorsteinn Arnórsson segir að framtak Barnalandskvenna hafi komið honum á óvart en ekki viðbrögðin enda hafi þær sýnt verkefninu mikinn áhuga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Já, þetta kom auðvitað eilítið á óvart en viðtökurnar kannski ekki enda hafa Barnalandskonur verið öflugar í fréttaflutningi af þessu verkefni,“ segir Þorsteinn Arnórsson, fjármálastjóri KFUM og KFUK. Notendur umræðusvæðisins Barnaland.is hafa hrundið af stað söfnun fyrir hreinu vatni handa geðsjúkrahúsi í Úkraínu.

Frá árinu 2004 hefur KFUM og KFUK staðið fyrir söfnun jólagjafa handa bágstöddum í Úkraínu, aðallega munaðarlausum börnum og sjúkum. Ekki hefur farið mikið fyrir þessari söfnun en í fyrra söfnuðust tæplega fimm þúsund gjafir og lögðu meðal annars ráðherrarnir Geir H. Haarde og Jóhanna Sigurðardóttir hönd á plóginn. Í janúar á þessu ári hélt hópurinn síðan af stað með pakkana til Úkraínu og skráði ferðasögu sína á vefsíðuna skokassar.net.

Og Þorsteinn segir að upphafið að söfnun Barnalands megi einmitt rekja til hlekks af vefsíðunni sem settur var inn á umræðusvæði Barnalands. Frásögnin snerti augljóslega marga lesendur því sumar sögðust hafa fellt tár yfir lestrinum á meðan aðrar lofuðu því að nota hluta barnabótanna til að styrkja hina bágstöddu. Barnaland.is hefur hingað til helst komist í fréttir fyrir að vera gróðrarstía krassandi kjaftasagna og ófáir mektarmenn hafa sent síðunni tóninn í gegnum tíðina. En notendur síðunnar hafa vafalítið komið einhverjum óvildarmönnum sínum á óvart með þessari söfnun því ekki stóð á viðbrögðunum. Eftir tæpan sólarhring hafði þeim tekist að safna fimmtíu þúsund krónum sem nægja fyrir þar til gerðri síu en hún er nauðsynleg til að hreinsa vatn fyrir sjúkrahúsið.

Þorsteinn segir að það hafi ekki síst verið mynd af baðkari fullu af skítugu vatni sem hafi hrundið þessu öllu af stað. „Þessi ferð okkar er alltaf jafn vel þegin og í ár fórum við meðal annars til fanga í einu rammgerðasta fangelsi landsins og þar grétu fangarnir af gleði yfir gjöfunum,“ segir Þorsteinn en hópurinn fór þó ekki tómhentur þaðan því fangarnir gáfu þeim glæsileg málverk eftir einn vistmannanna. Við þessu má svo bæta að söfnun Barnalands er ekki bundin við umræðusvæðið og reikningsnúmerið er:

*0117-26-100.000*
*Kt: 690169-0889*
*KFUM og KFUK á Íslandi*

**freyrgigja@frettabladid.is**



**KLÖKKAR YFIR ÖRBIGÐ** Barnalandskonur tóku sig saman, stofnuðu reikning og söfnuð fyrir hreinu vatni handa geðsjúkrahúsi í Úkraínu. Hér sést Þorsteinn á munaðarleysingjahæli í Úkraínu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Skemmtistaðurinn **Sirkus** lokar að öllum líkindum í eitt skipti fyrir öll aðfaranótt mánudags. Upphaflega átti að loka staðnum aðfaranótt föstudags en fyrir tilstuðlan eiganda hússins lengdist líftími Sirkuss um þrjá daga til viðbótar. Skipuleggjendur hátíðarinnar Látíð í bæ, þar sem niðurrifi húsa í miðbænum var mótmælt, eru ekki af baki dottnir og íhuga nú sín næstu skref undir forystu tónlistarmannsins **Svavars Péturs Eysteinssonar**. Í vikunni afhentu þeir **Ólafi F. Magnússyni** borgarstjóra lista með um tvö þúsund undirskriftum, og frekari fundarhöld með ráðamönnum eru fyrirhuguð á næstunni til að þrýsta á um varðveitingu Sirkuss og annarra gamalla húsa.



Hljómsveitir á vegum íslenska útgáfufyrirtækisins Kimirecords hafa náð eyrum Ástrala samkvæmt heimasíðunni fatplanet.com. Þar gefur að líta myndbönd sem hinn ástralski Stuart Rogers hefur tekið upp undanfarin ár á Iceland Airwaves-hátíðinni. Þeir tónlistarmenn sem láta ljós sitt skína á áströlsku síðunni eru **Ólöf Arnalds**, **Mr. Silla** og **Valgeir Sigurðsson**. Einnig er hægt að sjá myndbönd þeirra og fleiri íslenskra tónlistarmanna á youtube-síðunni.



**Andri Snær Magnason** rithöfundur og eiginkona hans **Margrét Sjöfn Torp** eignuðust fjórða barnið sitt á fimmtudaginn. Fimmtán marka stúlka kom í heiminn kl. 19.07 og gekk fæðingin hratt og vel. Þetta er þriðja stúlka hjónanna í röð og því hagkvæm niðurstaða upp á endurnýtingu fata og slíkt að gera. Ljóst er að Andri og frú þurfa nú að fá sér stærri fjölskyldubíl. Andra verður varla skotaskuld úr því enda var hann einn af þeim sem fékk þriggja ára starfslaun rithöfunda á dögunum. **-fb/glh**



# Aðdáendur Sigga Páls fagna

Sigurður Pálsson hlaut á fimmtudaginn Íslensku bókmenntaverðlaunin 2007 í flokki fagurbókmennta fyrir Minnisbók. Fáir fögnuðu sigri Sigurðar jafn innilega og meðlimir Singapore Sling. Þeir voru staddir úti í Berlín í gær þegar þeir heyrðu fréttirnar. „Þetta voru frábær tíðindi,“ segir Henrik Björnsson söngvari. „Við opnuðum kampavínsflösku um leið og við heyrðum þetta.“

Henrik og Sigurður Finnsson hristuleikari eru mestu aðdáendur Sigurðar í sveitinni. Aðdáunin gekk svo langt að þeir héldu sérstök „Sigurðar Pálssonar-kvöld“ fyrir nokkrum árum. „Þá hittumst við með fleiri strákum eins og Ugga Ævarssyni fornleifafræðingi og Berki Jónssyni leikmyndahönnuði. Við lásum ljóðin hans Sigurðar upphátt fyrir hver annan, drukkum rauðvín og vorum að sjálfsögðu í svörtum frökkum og með alpahúfur.“

Henrik á erfitt með að gera upp við sig hvað sé besta verk Sigurðar. „Þetta eru allt mjög góðar bækur. Ég er að lesa Minnisbókina hans hérna á túrnum og hún er algjör snilld. Mér finnst ekkert skrítið að hann hafi unnið þetta.“

Singapore Sling hefur verið á Evróputúr síðustu vikurnar. Sveitin er að kynna safnplötu með lögum sínum sem nýlega kom út hjá fyrirtæki í Berlín og spilar einnig ný lög sem Henrik á von á að komi út á nýrri plötu í sumar. Á túrnum hefur hljómsveitinni ekki bara borist góðar fréttir til eyrna. „Við vorum í Steyr í Austurríki þegar við heyrðum um Ólaf F og það allt. Ég get alveg sagt þér að það var ekkert kampavín drukkið það kvöld. Bara bjór.“ **-glh**



**MINNISBÓKIN ALGJÖR SNILLD** Sigurður Pálsson fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir Minnisbók.



**Í AÐDÁENDAKLÚBBI SIGGA PÁLS** Henrik Björnsson drakk kampavín þegar hann heyrði af verðlaununum.



# Stærsti vefmiðill landsins er 10 ára í dag

Í síðustu viku heimsóttu 303.560*
stakir notendur mbl.is, sem er nýtt met.

**Við viljum þakka þeim og öllum öðrum Íslendingum nær og fjær traustið nú og í gegnum tíðina.**

mbl.is
vinsælasti vefurinn

*Samræmd vefmæling

ENNEMM / SÍA / NM31873

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## *Ekki bara róló*

Í tíu ár bjó ég á Sólvallagötu. Þegar ég flutti þangað voru fjórar verslanir í nágrenninu; lítil matvörubúð á horni Bræðraborgarstígs og Ásvallagötu og önnur á horni Bræðraborgarstígs og Vesturgötu. Á horni Sólvalla- og Hofsvallagötu var síðan sjoppan Gerpla ásamt vídeóleigu og annað slíkt konglómerat var rekið á horni Bræðraborgarstígs og Holtsgötu. Af þessum fjórum verslunum er aðeins Gerpla enn við lýði. Hinum var lokað.

**ÞAÐ** er missir að þeim, ekki bara vegna þægindanna við að nálgast nauðsynjar, heldur vann þar fullorðið fólk sem gaman var að spjalla við, ekki krakkar eins og þeir sem starfa á kössum stórmarkaðanna og þekkja ekki spergilkál frá gulrót. Þeir eru líka svo oft að tala saman um hver taki hvaða vakt á meðan þeir afgreiða að lítil von er um að þeir muni nokkurn tímann halda einbeitingunni nógu lengi til að átta sig á muninum. Líklega þyrfti að hefja aftur sýningar á Smjattpöttunum til að auðga þekkingu ungs fólks á grænmeti.

**ÞEGAR** sonur minn hafði aldur til kom ég honum að hjá dagmömmu á Vesturgötu. Við fórum því daglega eftir Bræðraborgarstígnum og á bakaleiðinni varð að venju að koma við á rólónum á horni Holtsgötu; Bláa róló. Þarna kynntumst við krökkunum í hverfinu og mæðrum þeirra. Á sama tíma og fólk óttast að börn húki hálfföltuð af hreyfingarleysi fyrir framan tölvur og einstæðingar deyi aleinir er nauðsynlegt að hvert hverfi eigi sér sinn Bláa róló. Samt sem áður stendur nú til að fórna honum fyrir fjölbýlishús rétt eins og það sé einskis virði að börn geti leikið sér saman úti við og nágrannar hafi aðstöðu til að hittast og spjalla.

**ÁÐUR** en umskiptin urðu í borgarstjórn hafði Svandís lofað að sjónarmið nágranna Bláa rólós yrðu „auðvitað sett í öndvegi þegar við setjumst niður yfir nýtt deiliskipulag“. Ekkert var minnst á Bláa róló í aðgerðaáætlun nýs meirihluta. Vonandi verður hann látinn í friði. Og vonandi dettur engum í hug að ætla að fara að koma honum fyrir í Hljómskálagarðinum. Draumar manna um að breyta honum í minjasafn með því sem fáir kunna lengur að meta ná ekki nokkurri átt. Ekki á ég að minnsta kosti eftir að nenna þangað til að sjá vaxmynd af kaupmanninum á horninu og svona bekk, eða hvað það var nú kallað, sem mæður sátu á og spjölluðu á meðan börnin þeirra léku sér.



## GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn
2. febrúar, 33. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.07 | 13.41 | 17.17 |
| Akureyri | 10.04 | 13.26 | 16.49 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


